

## Ég hélt að þetta kæmi aldrei fyrir mig

**Antoine Hrannar Fons** var beittur miklu andlegu og líkamlegu ofbeldi af fyrrverandi sambýlismanni sínum. Hann lagði fram ítrekaðar kærur en finnst lögreglan hafa litið öðruvísi á ofbeldið því um var að ræða tvo karlmenn á heimilinu. ➔30



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Svona flæktist íslensk kona inn í alþjóðlegt glæpamál** ➔66



**Þessi unnu Friðarverðlaun Nóbels** ➔36

**Slangur, um hvað er þetta unga fólk að tala?** ➔34

Fá sér =  
Að drekka áfengi  
Lö lö =  
Lögreglan  
Moi = Ég  
Bae =  
Sá sem maður elskar  
Weisla = Meistari

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • JÓLAHLAÐBORD • ATVINNA • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**KAUPTU BLEIKU SLAUFUNA**



Krabbameinsfélagið



BLEIKA SLAUFAN

**Smáralind á afmæli**

Fagnaðu með okkur  
sjá bls. 28-29



SMÁRALIND



Kringlan

NÝJAR VÖRUR  
Á AFSLÆTTI

20%  
TIL  
50%

**KRINGLUKAST**

OPIÐ LAUGARDAG 10-18  
OPIÐ SUNNUDAG 13-18



## Veður



Útlit fyrir fallegt haustveður í dag, hægur vindur, svalt í veðri og góðar líkur á sól fyrir norðan. Hvessir hægt með suðurströndinni seint í kvöld og byrjar að rigna. Hiti 2 til 8 stig, en víða næturfröst. **SJÁ SIÐU 54**

## Þriðji dómur Hreiðars Más

**DÓMSMÁL** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, og Skúli Þorvaldsson, eigandi félagsins Marple Holding og einn af stærstu viðskiptavinum Kaupþings fyrir hrun, voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdir til refsingar í Marple-málinu.

Guðný Arna Sveinsdóttir, fyrrverandi fjármálastjóri Kaupþings, var sýknuð af kröfum ákærvaldsins. Hreiðar var dæmdur í sex mánaða fangelsi, Magnús í 18 mánaða fangelsi og Skúli í sex mánaða fangelsi.

Dómurinn er sá þriðji sem Hreiðar Már hlýtur fyrir efnahagsbrot á þessu ári. Hann var sakfelldur af Hæstarétti í Al-Thani málinu í febrúar og fékk fimm og hálfis árs fangelsisdóm. Þá var hann sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur í markaðsmisnotkunarmáli Kaupþings í júní.

Magnús var einnig sakfelldur í Al-Thani málinu. - *ngy*



Hreiðar Már Sigurðsson

## Breytt reglugerð er í miðri ánni

**FASTEIGNIR** Nefnd um endurskoðun á byggingarreglugerð stefnir að því að kynna tillögur sínar í nóvember. Þetta staðfestir Hafsteinn Pálsson, formaður nefndarinnar. „Við erum í miðri á,“ segir Hafsteinn.

Nefndin skoðar möguleika á einföldun regluverks á sviði skipulags- og byggingamála. Markmiðið er að stuðla að sem hagkvæmustum aðferðum við húsnæðisbyggingar til að lækka kostnað. „Við erum búin að funda nokkrum sinnum og þurfum að funda nokkrum sinnum í viðbót og væntum þess að geta komið fram með einhverjar tillögur í nóvember,“ segir Hafsteinn. - *sg*

## Kröfðust nýrra samninga



**Mótmæltu við Stjórnarráðið** Hundruð félagsmanna SFR mættu fyrir utan Stjórnarráðið í gærmorgun og vöktu athygli stjórnvalda á kjaradeilu sinni við ríkið. Forsvarsmenn Landssambands lögreglumanna, SFR og Sjúkraliðafélags Íslands afhentu Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra yfirlýsingu félaganna þar sem nýrra kjarasamninga er krafist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Of fáir karlar á leikskólunum

**SKÓLAMÁL** „Það er jafn mikið jafnréttismál að fjölga karlkyns leikskólakennurum og að fjölga konum í stjórnnum fjármálaafyrirtækja,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara.

Aðeins eitt prósent leikskólakennara á Íslandi er karlar. Á morgunverðarfundum málið í gær sagðist Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tilbúinn að huga að aðgerðum í samvinnu við Félag leikskólakennara.

„Þetta snýst um góðar fyrirmyndir og að hvetja karlmenn til að gera starf með börnunum að ævistarfi,“ sagði Dagur. - *ebg*

## Lokun Fossvogskirkju kemur ókristnum illa

Fossvogskirkja er eina kirkjan sem trú- og lífsskoðanafélög utan kristilegra safnaða hafa aðgang að fyrir útfarir. Kirkjan verður lokuð út nóvember vegna viðgerðar. Siðmennt vill hlutlaust hús með tilliti til trúar fyrir ýmsar athafnir.

**SAMFÉLAG** „Þetta þýðir að þeir aðstandendur sem leita til okkar vegna útfara eiga á hættu að geta ekki nýtt sér þá aðstöðu sem er í boði,“ segir Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Siðmenntar.

Fossvogskirkju var lokað þann 5. október síðastliðinn og verður hún lokuð út nóvember. Ástæða þess er að orgel kirkjunnar hefur verið tekið til gagnerra lagfæringa.

Fossvogskirkja hefur hingað til verið eina kirkja þjóðkirkjunnar sem leyfilegt er að nota undir athafnir annarra trú- og lífsskoðanafélaga. Þetta þýðir að önnur félög en þjóðkirkjan hafa í engin hús að venda með útfarir fyrr en í lok nóvember.

Bjarni segir þetta þegar bitna á útförum á vegum Siðmenntar. „Það er ein útför í næstu viku sem er enn ekki búin að fá niðurstöðu um hvar verður,“ segir hann.

Að sögn Bjarna eru sterkar hefðir á bak við útfarir, jafnvel þótt þær séu veraldlegar, og aðstandendur vilji gjarnan nýta kirkjurými eða kirkjur í sínum nærsamfélögum.

Siðmennt sendi alþingismönnum bréf í haust þar sem farið var fram á að útvegð yrði húsnæði sem væri óháð trúarbrögðum til að trúar- og lífsskoðanafélög geti stundað sínar athafnir á hlutlausum vettvangi.

„Við sendum innanríkisráðherra bréf þegar við fréttum af þessari lokun þar sem við óskuðum eftir því að fá



Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Siðmenntar, segir lokun Fossvogskirkju vegna viðgerða bitna á félögum Siðmenntar sem eiga þá í fá hús að venda með útfarir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

niðurstöðu í það mál því það er ekki hægt að búa áfram við svona ástand,“ segir Bjarni. Siðmennt hefur ekki fengið nein viðbrögð við erindi sínu.

Bjarni segir það aðkallandi að hægt verði að bjóða upp á hlutlaust rými því aðsókn í veraldlegar athafnir hafi aukist mikið á milli ára. „Giftingar 2014 voru 56 og eru komin yfir 112 það sem af er ári. Sem sagt hundrað prósentu aukning,“ útskýrir hann.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Siðmennt hefur verið úthýst. Árið 2012 var félaginu meinað að halda utan

um útför í Nesirkirkju. „Það kom mjög flatt upp á aðstandendur af því að þeir voru bara að leita að húsnæði. En þeim var úthýst þarna vegna þess að við vorum fengin til að sjá um athöfnina.“

Í samþykktum kirkjuþings kemur fram að kirkjurými þjóðkirkjunnar megi ekki nota undir aðrar athafnir en á vegum kristinna safnaða. „Það stendur í þessum samþykktum að það megi ekki fara fram veraldlegar athafnir í kirkju,“ segir Bjarni Jónsson. stefanraf@frettabladid.is

# Tenerife

21. október í 20 nætur

**Verð frá 188.900 kr.**  
og 12.500 Vildarpunktur

Á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð á Los Alisios.  
Verð án Vildarpunkta 198.900 kr.  
Flugsæti fram og tilbaka: 69.900 kr. / 79.900 kr.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is  
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444



8.-12. OKTÓBER  
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS

# KRINGLU KAST

NÝJAR VÖRUR  
Á AFSLÆTTI

20%  
— TIL —  
50%

Kringlan

OPIÐ LAUGARDAG 10-18  
OPIÐ SUNNUDAG 13-18



TÖLUR VIKUNNAR 5.10.2015 - 11.10.2015

## 40-50 fyrirtæki

rúmar aðalmarkaður Kauphallar Íslands – þau eru 16 í dag.



## 70% sauðfjár

þarf bóndi að hafa á vetrarfóðrum til að fá fullar beingreiðslur fyrir þau ærgildi sem hann á.



800-1.000 MANNNS



eru smítuð af lífrærbólgu C á Íslandi. 40-70 greinast árlega.

51% ungmenna

sem æfðu hjá íþróttafélögum innan 12 mánaða tímabils þurfti til læknis vegna meiðsla.

13 til 15 milljarða mun stækun Búrfells-virkjunar kosta.

1000 milljarða gætu gjaldreyristekjur af erlendum ferðamönnum orðið árið 2030.

500 fatlaðir

í Reykjavík biða eftir stuðningsþjónustu.

## 20 samkynhneigðir

karlmenn voru greindir með sárásótt síðasta vetur.



5 Fokker-flugvélar

Flugfélags Íslands verðar seldar úr landi.

## Þrír í fréttum

### Meint spilling, fangelsi og ferðamál

Illugi Gunnarsson,

mennta- og menningar- málarráðgjafi, sagðist í viðtali við Fréttablaðið ekki hafa gerst sekur um spillingu í sambandi við samskipti sín við Orku Energy. Hann kvaðst ekki ætla að opna heimabanka sinn fyrir blaðamönnum og ekki ætla að segja af sér.



Sigurjón Þ. Arnason,

fyrirverandi bankastjóri Landsbankans, var í Hæstarétti dæmdur til þriggja og hálfis árs fangelsisvistar fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í Ímon-málinu svokallaða.



Ragnheiður Elin Árnadóttir,

íðnaðar- og viðskiptaráðgjafi, boðaði tíma framkvæmda í ferðamálum. Tilkynnt var að sett hefði verið á fót Stjórnstöð ferðamála og er ætlunin að styrkja stöðir íslenskrar ferðaþjónustu.



## Bónus lækkar vöruverð

**VIÐSKIPTI** Bónus hefur í október lækkað verð á rúmlega 600 vörum sem fyrirtækið flytur inn frá erlendum birgjum.

Í tilkynningu segir að Bónus muni nota svigrúm sem styrking íslensku krónunnar undanfarið gefi til verðlækkunar. Hún er tvö til fimm prósent og er mismunandi eftir vörum og vöruflokkum. Euroshopper-vörur lækka til dæmis um tvö til þrjú prósent, Santa María, mexíkóskur matur og krydd, lækkar um fimm prósent, Heima-vörur lækka um þrjú til fimm prósent og Lífrænt Solla-vörur um þrjú til fimm prósent. – **ngy**

# Íbúðir fyrir ungt fólk í Kópavogi

Starfshópur Kópavogsbæjar hefur lagt til samstarfsverkefni með byggingarverktaka um byggingu minni íbúða á viðráðanlegu verði. Bæjarstjóri Kópavogs vill að ný hverfi Kópavogs dragi að ungt fólk til búsetu.

**HÚSNÆÐISMÁL** Í nýrri skýrslu Kópavogsbæjar um stöðu húsnæðismarkaðarins leggur starfshópur til að Kópavogsbær fari í samstarfsverkefni með byggingarverktaka um byggingu minni íbúða á viðráðanlegu verði til hagsbóta fyrir ungt fólk sérstaklega.

Markmiðið væri þá að auka framboð lítilla íbúða sem fólk hefði efni á að annaðhvort leigja eða kaupa og jafnframt aðstoða ungt fólk við kaup á fyrstu fasteign.

Lagt er til að hægt væri að skilyrða byggingarrétt við að hluti íbúðanna væri ætlaður fyrir kaupendur að fyrstu íbúð. Þeim sem væru að kaupa sína fyrstu íbúð væri gefinn kostur á 90 prósent láni. Lagt er til að í nýjum hverfum og á uppbyggingsvæðum, meðal annars í Auðbrekku, Kársnesi, Gladheimum og Smáranum, verði íbúðir sem henti yngra fólki.

„Ég vil nýta þessa skýrslu og þessar leiðir til að draga ungt fólk inn í hverfin. Við erum að þetta byggðina og við þéttingu byggðar eigum við skóla, leikskóla og íþróttahús og önnur mannvirki sem við viljum nýta betur. Þessi þjónusta er til staðar fyrir þetta unga fólk. Hverfin okkar geta ekki byggst upp á fólki á aldursbilinu 55 ára og yfir. Ég vil að bæjarstjórnin leggi sig fram við að draga að ungt fólk,“ segir Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri.

Í gær kynnti þverpólitískur starfshópur Kópavogsbæjar skýrsluna. Lagt er til að einhver hluti hverfa í uppbyggingu taki tillit til áherslna sem koma fram í skýrslunni, meðal annars með auknu framboði á minni íbúðum. Íbúðirnar verða allt frá tveggja herbergja 40 fermetra upp í fjögurra herbergja 90 fermetra íbúðir og verða á verðbilinu 16-30 milljónir. Með 90% láni væru



Ármann kynnti skýrslu starfshópsins í gær en auk hans skipuðu hópin Margrét Friðriksdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Pétur Hrafn Sigurðsson, Ólafur Þór Gunnarsson og Kristinn Dagur Gissurarson. Fréttablaðið/Vilhalm

útborgun því á bilinu 1,6-3 milljónir króna. Hlutverk Kópavogsbæjar væri að tryggja samstarfsgrundvöll við byggingarverktaka og lánastofnanir.

„Við höfum óformlega rætt við byggingarverktaka um þetta. Ekki á öllum svæðum. En ég hef talað við aðila sem eru jákvæðir án þess að hafa negl niður einhver hlutföll. Þeim sem eru með stærri svæði list ekkert illa á þetta því það er markaður fyrir þetta,“ segir Ármann.

Aðspurður segist Ármann bjartsýnn á að þetta geti gengið eftir. Einnig að 90 prósent húsnæðislán verði möguleiki þar sem til dæmis Íslandsbanki bjóði allt að 90 prósent lán á ákveðnum skilyrðum.

„Þar fyrir utan höfum við rætt við banka um það að ef við náum að vera með íbúðir sem passa inn í þeirra mól eru þeir tilbúnir að lána þetta hátt hlutfall,“ segir hann.

Ármann segir að tillögurnar séu mögulegar innan núverandi bygg-

ingarreglugerðar, hins vegar sé hægt að gera enn betur í breytingu reglugerða til að lækka byggingarkostnað. „Það er hægt að gera enn betur ef hugmyndir varðandi það að reglugerðin taki mið af því að fólk geti sjálft ákveðið hvað það vill inni í íbúðum ganga eftir. Það eru miklu meiri tækifæri í þessu með því að losa upp skilyrði innan núverandi byggingarreglugerðar, sem er þó betri en sú sem var áður,“ segir Ármann. [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)

Ástæða kröfu lögreglu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er sú að verjendur hafi brotið gegn fjölmiðlabanni. Fréttablaðið/Valli

**ÚRVAL ÚTSÝN**

LÚXUS Á TENERIFE

## TENERIFE

5. - 16. JAN. 2016

### VILLA CORTES \*\*\*\*\*

Verð frá **199.900 KR.**

á mann m.v. 2 fullorðna, 1 barn  
Innfalið: flug, gisting, taska

FARASTJÓRARNIR JÓI OG FJALAR TAKA VEL Á MÓTI YKKUR

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

## Vilja að verjendur í fíkniefnamáli víki

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu krefst þess að tveir verjendur í umfangsmiklu fíkniefnamáli víki og að skipaðir verði nýir verjendur. Krafa var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þeir eru verjendur tveggja Íslendinga sem sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á innflutningi á tugum kílóa sterkra fíkniefna sem fundust í bíl sem kom hingað til lands með Norrænu 22. september.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru efnin sem um ræðir kókain og amfetamín. Fjórir sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins, tveir Íslendingar og tveir Hollendingar. Þeir síðarnefndu komu með efnin til landsins.

Ástæða kröfu lögreglunnar er sú að umræddir verjendur eiga að hafa brotið gegn fjölmiðlabanni sem skjólstaðingum þeirra var gert að sæta á gæsluvarðhaldstíma. Annar verjendanna með því að tjá

» Tveir Íslendingar og tveir Hollendingar eru í gæsluvarðhaldi eftir að lögregla fann mikið magn fíkniefna í bíl Hollendinganna.

síg í fjölmiðlum um afstöðu kærða til sakarefnisins en haft var eftir honum í frétt Fréttablaðsins á dögunum að skjólstaðingur hans lýsti yfir sakleysi sínu. Lögreglan telur að með því hafi hann brotið gegn lögum um meðferð sakamála þar sem skjólstaðingur hans er í fjölmiðlabanni.

Ástæða kröfunnar gegn hinum verjandanum er grunur um að hann hafi borið fjölmiðlaumfjallanir undir kærða í málinu. Það á hann að hafa gert með því að hafa haft útprentanir af fréttum af málinu með sér við fyrirtöku gæsluvarðhaldskröfu gegn skjólstaðingum sínum sem hann gæti hafa séð. Lögmaðurinn segist hafa haft þær með sér til stuðningskröfu kærða um að gæsluvarðhalds-



Ástæða kröfu lögreglu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er sú að verjendur hafi brotið gegn fjölmiðlabanni. Fréttablaðið/Valli

kröfunni skyldi hafnað. Meðal annars byggðist gæsluvarðhaldskrafa lögreglunnar á því að sá grunaði gæti haft samband við meinta samverkamenn.

Málið var flutt munnlega í gær og var kröfum lögreglunnar harðlega mótmælt. Úrskurður verður kveðinn upp eftir helgi. Þá kemur í ljós hvort skipa þurfi nýja verjendur í málinu. – **ngy**



Best hannaði bíllinn árið 2015 að sögn Reddot awards

# Nýr Hyundai i20



ENNEWM / SIA / NN70621

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn af Reddot award í sínum flokki árið 2015. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

Hyundai i20 - Verð frá 2.450.000 kr.

**HYUNDAI** | NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km\* FRÍTT Í BÍLASTÆÐI / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km\* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 5,6 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.

\*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



## Varðhald eftir innbrotahrinu

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn sem lögreglan á Suðurlandi handtók á Kirkjubæjarklaustri á fimmtudag og grunaðir eru um röð innbrota á Suðurlandi í vikunni eru nítján og tuttugu ára. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu fannst mikið magn þýfis í bíl manna.

Stuttu eftir handtökuna fannst nítján ára stúlka sofandi í sumar-bústað skammt frá Kirkjubæjarklaustri þar sem brotist hafði verið inn og mikið magn af ætluðu þýfi fannst. Stúlkan er grunuð um að hafa brotist inn í á annan tug staða með mönnunum og þau sitja nú öll í tveggja vikna gæsluvarðhaldi. – bá



Baltasar Kormákur kvikmyndagerðarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Endurgreiðslur í kvikmyndagerð verði 25 prósent

**KVIKMYNDAGERÐ** Baltasar Kormákur kvikmyndagerðarmaður vill hækka endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndaframleiðslu.

Í dag fást 20 prósent framleiðslukostnaðar endurgreidd úr ríkissjóði á Ísland. Hlutfallið er 25 prósent eða herra í nálægum löndum. Þetta kom fram á hádegisfundi Amerísk-íslenska viðskiptaráðsins á Kex hosteli í gær. Þar fjallaði Baltasar um fjármögnun stórra kvikmynda.

Baltasar sagði að endurgreiðsla úr ríkissjóði væri ekki góðgerðarstarfsemi; stjórnvöld og kvikmyndaiðnaðurinn væru saman í þessum „bissness“. Hann vill hækka endurgreiðsluhlutfallið 25 prósent og jafnvel upp í 30 prósent í verkefnum þar sem eftirvinnsla fer fram á Íslandi.

Baltasar segist leggja mikið upp úr því að vinna stærsta hluta kvikmyndagerðar sinnar hér á landi. Hann telur fjármögnunina vera mikla innspýtingu fyrir hagkerfið.

„Ég held að við séum að skapa einn stærsta menningararfinn í dag,“ segir Baltasar Kormákur. – sg

## Ljósinn kveikt



Yoko Ono kveikti í gærkvöld á Fridarsúlunni í Viðey. Ljósinn er tendruð ár hvert á fæðingardegis Johns Lennons, eiginmanni Ono sem var myrtur 1980. Bitillinn hefði orðið 75 ára í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Langdýrast í Reykjavík

Sundferð fjögurra manna fjölskyldu verður 60 prósentum dýrari í Reykjavík en í Hafnarfirði miðað við staka sundferð. Mun minni munur er á verði árskorta.

**LÝÐHEILSA** Eftir að gjaldskrárhækkunarir Reykjavíkurborgar í sund taka gildi verður 60 prósentum dýrara fyrir fjögurra manna fjölskyldu að fara í sund í Reykjavík en í Hafnarfirði sé greitt fyrir staka ferð.

Fulltrúar annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu segja enga umræðu hafa farið fram um að hækka gjaldskrár í sund. Hins vegar standi vinna að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár yfir og þar verði allar gjaldskrár teknar til skoðunar og því sé ekki hægt að útiloka verðskrárhækkunarir á næsta ári.

Sé miðað við fjögurra manna fjölskyldu, tvo fullorðna og tvö börn, eitt sex ára og annað tólf ára, mun sundferðin í Reykjavík, eftir að gjaldskrárhækkun tekur gildi, kosta 2.080 krónur en um 1.300 krónur í Hafnarfirði, 1.330 krónur í Kópavogi og Garðabæ og 1.350 krónur í Mosfellsbæ.

Næstdýrast er fyrir fjölskylduna að fara í sund á Seltjarnarnesi en ferðin mun kosta hana 1.440 krónur. Í Hafnarfirði eru hins vegar rúkkadaðar 100 krónur aukalega fyrir hvern fullorðinn einstakling sem ætla í gufubæð. Þá hækka sundferðin í 1.500 krónur og verður næstdýrust.

Mun minni verðmunur er milli 10 skipta korta og árskorta en stakra sundferða. Tíu skipta kort er dýrast í Kópavogi en þar kostar það 4.700 krónur. Hins vegar fást 2.500 krónur endurgreiddar sé rafrænu korti sem notað er til að greiða fyrir hverja ferð skilað.

Ódýrast er tíu skipta kortið í Hafnarfirði þar sem það kostar 3.300 krónur. Það sama er rúkkad í Mosfellsbæ en þar þurfa notendur



Mannmörg Laugardalslaug. Gestir hennar og annarra sundlauga í Reykjavík munu þurfa að greiða talsvert meira fyrir staka sundferð en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Kostnaður við að fara í sund á höfuðborgarsvæðinu frá 1. nóvember**

	Börn frá fritt fram að	Stök sundferð fyrir börn	Stök sundferð fyrir fullorðna	10 skipta sundkort fyrir fullorðna	Árskort fyrir fullorðna
<b>Sundlaugar</b>					
Hafnarfjörður	5 ára	130	520*	3.600	25.200
Garðabær	11 ára	130	600	3.700	32.000
Reykjavík	6 ára	140	900	4.300	31.000
Mosfellsbær	10 ára	150	600	3.600**	31.500
Kópavogur	6 ára	150	590	4.700***	29.500
Seltjarnarnes	6 ára	120	600	4.000	30.000

\*Með gufubæði kostar ferðin 620 kr. \*\*Fylla þarf á Moskortið sem kostar 570 kr. \*\*\*Skilgjald á rafrænum kortum er 2.500 kr.

að greiða 570 krónur sérstaklega fyrir Moskortið sem sundferðirnar eru fylltar á. Þá kostar tíu skipta kort í Garðabæ 3.600 krónur, 4.000 krónur á Seltjarnarnesi og 4.300 krónur í Reykjavík.

Árskortið í Garðabæ er dýrast en það kostar 32.000 krónur og litlu minna í Reykjavík og Mosfellsbæ. Ódýrast er árskortið í Hafnarfirði þar sem það kostar 25.200 krónur.

Fyrir börn er ódýrast að fara í sund á Seltjarnarnesi þar sem ferðin kostar 120 krónur en dýrast í Mosfellsbæ og Kópavogi þar sem sundferðin kostar 150 krónur.

Hins vegar er misjafnt milli sveitarfélaga hvenær byrjað er að rúkkast fyrir börn í sund. Börn í Hafnarfirði eru rúkkad frá fimm ára aldri en ekki fyrr en við ellefu ára aldur í Garðabæ. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)



**Aðventuferð til Heidelberg**  
26. - 29. nóvember 2015

Ennþá eru nokkur sæti laus

Kiðtu á vefinn [www.aroundtheworld.is](http://www.aroundtheworld.is) eða sendu tölvupóst á [info@aroundtheworld.is](mailto:info@aroundtheworld.is)

Láttu drauminn rætast

10% AF SÖLU Á BLEIKU LÍNU APÓTEKSINS RENNUR TIL KRABBAMEINSFÉLAGS ÍSLANDS Í OKTÓBER



BLEIKA SLAUFAN



Nýr Landspítali loks í auglýsni.

Málþing Spítalans okkar þriðjudaginn 13. október 2015 frá kl. 16.00-18.00, Icelandair Hótel Reykjavík Natura við Reykjavíkurlugvöll

### Setning:

Anna Stefánsdóttir, formaður stjórnar Spítalans okkar

Nýr Landspítali – nýtt heilbrigðiskerfi

Birgir Jakobsson, landlæknir

Er ódýrara að reka spítala í nýju húsnæði? - reynsla Norðmanna

Hulda Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri, Norlandia Care Group AS

Nýr Landspítali – nauðsynleg tækniþróun.

Gísli Georgsson, verkfræðingur á Landspítala

Nýtt húsnæði – aukið öryggi sjúklinga.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala

Fræðasamfélagið og sérstaða háskólasjúkrahúss.

Guðmundur Þorgeirsson, prófessor í lyflækningum við Háskóla Íslands

Spítali í borg - skipulag Vatnsmýrar.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar

Lokaorð – Ólöf Nordal, innanríkisráðherra

### Fundarstjóri:

Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarformaður Stika

Við hlökkum til að sjá ykkur sem flest



Zero Emission



Innovation  
that excites

# NÝR NISSAN LEAF MEÐ VEGLEGUM KAUPAUKA

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ AÐ TRYGGJA SÉR  
NÝJAN NISSAN LEAF MEÐ VEGLEGUM  
KAUPAUKA AÐ EIGIN VALI

**KAUPAUKAR  
ÞITT ER VALIÐ**

- BÍLALEIGUBÍLL  
Í ALLT AÐ 15 DAGA\*
- HEIMAHLEÐSLUSTÖÐ SEM  
FULLHLEÐUR RAHLÖÐUNA  
Á 4 TÍMUM
- VETRARDEKK



**NISSAN LEAF 100% RAFBÍLL**  
**VISIA 3.990.000 KR. ACENTA 4.190.000 KR. TEKNA 4.490.000 KR.**

**Visia:** Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, USB og AUX tengi, handfrjáls símabúnaður, bakkmyndavél, lykjalaut aðgengi, 6,6 kW hleðslubúnaður, innstunga fyrir hraðhleðslu, tímastilling á miðstöð, leðurstýri.

**Umfram í Acenta:** 16" álfelgur, litaðar afturrúður, hraðastillir (Cruise Control) með stillingu á hámarks-  
hraða.

**Umfram í Tekna:** 17" álfelgur, miðstöð með varmadælu, 7" snertiskjár fyrir bakkmyndavél, 360° myndavélabúnaður, Bose hljómkarfi, Tekna innrétting, aðkomulýsing.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



\*Miðast við bíla-leigubíll í sama stærðarflokki og Nissan Leaf.  
ENNEMM / SÍA / NM71296



# Mikill árangur í samstarfi við bændur

Samvinnuverkefnið „Bændur græða landið“ hefur verið starfrækt síðan 1990. Tugir þúsunda hektara hafa verið ræktaðir upp af heima-löndum bænda sem eru ánægðir með útkomuna. Formaður Bændasamtakanna segir bændur veigamesta í uppgræðslu lands.

**NÁTTÚRA** Landgræðsla ríkisins og bændur hafa á síðustu árum grætt upp tugir þúsunda hektara lands í eigu bænda í gegnum samvinnuverkefni sem kallast „Bændur græða landið“.

Verkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 1990 og hefur 18.500 tonnum af áburði verið dreift á eignarlönd bænda auk 188 tonna af grasfræjum. Formaður Bændasamtakanna segir það skipta miklu máli að halda þessu samstarfi áfram.

„Tilhögun verkefnisins er sú að Landgræðslan greiðir um 85 prósent af verði áburðarins og lætur af hendi landgræðslufræ bændum að kostnaðarlausu,“ segir Sunna Áskelsdóttir, sem annast verkefnið fyrir hönd Landgræðslunnar.

„Bændur greiða það sem upp á vantar og sjá um að dreifa áburði og sá. Á þennan hátt hefur mikið af landi verið grætt upp og landeyðing verið stöðvuð. Ásýnd lands hefur batnað og búsetuskilyrði fyrir bændur batnað þar sem heilmikið hefur bæst við beutiland.“

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir verkefnið vera gífurlega mikilvægt fyrir landgræðslu í viðum skilningi og verkefnið sem slíkt hafi gengið mjög vel. Samvinna Landgræðslunnar og bænda hafi verið mjög góð og heilavænleg síðasta aldarfjórðunginn.

„Heilt yfir hefur þetta verkefni gengið mjög vel og bændur almennt

## Griðarlegt magn áburðar

**Tugir þúsunda** hektara hafa verið græddir upp af eignarlöndum bænda í gegnum landgræðsluverkefnið. Bændur leggja til tæki og vinnu en Landgræðslan megnið af fræjum og áburði.

**516 bændur** hafa tekið þátt í verkefninu „Bændur græða landið“ að meðaltali á hverju ári frá því 1997.

**18.645 tonn** af áburði frá Landgræðslunni hafa verið borin á eignarlönd bænda á tímabilinu 1997-2014.

**188 tonnum** af grasfræjum frá Landgræðslunni hefur verið sáð á eignarlönd bænda á tímabilinu 1997-2014.

eru ánægðir og jákvæðir í garð þessa verkefnis. Þetta sýnir að bændur sem vörslumenn landsins sýna ábyrgð í landnýtingu sinni. Það sést best á umfangi verkefnisins. Bændur eru langveigamestu aðilarnir í landgræðslu á Íslandi,“ segir Sindri.

Skilyrði fyrir þátttöku eru þau að land sé lítið gróið eða ógróið og beitarálag hóflegt. Landgræðslan leiðbeinir með uppgræðsluáferðir.

Sunna segir bæði bændur og land-



Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna



Sunna Áskelsdóttir, sérfræðingur hjá Landgræðslunni

græðsluna hafa öðlast þekkingu með samstarfinu.

„Skilningur bænda á landnotkun og landgræðslu hefur aukist en ekki síður hefur bæst verulega í þekkingarbrunn Landgræðslunnar,“ segir Sunna.

Oft hefur verið í umræðunni að bændur beiti fé á illa farið land. Sindri segir þá tíma liðna.

„Þegar menn slá þessu fram eru það þrjátíu ára fréttir. Bændur vilja vera með sjálfbæra landnýtingu og þá er mikilvægt að hlúa að því landi sem þarfnast uppgræðslu. Þetta var ekkert endilega í lagi hér áður en hugsun bænda er algjörlega breytt og samkvæmt rannsókn er land í framför á Íslandi. Bændur eru meðvitaðir um þetta og þátttaka þeirra í verkefninu sýnir að þeir leggja mikið upp úr því að sýna ábyrgð,“ segir Sindri Sigurgeirsson. sveinn@frettabladid.is



Tæplega 20 þúsund tonnum af áburði hefur verið dreift á lönd bænda og tugir þúsunda hektara hafa breyst úr ógrónum melum í gróið land. Fréttablaðið/Rósa

## Hefur gengið mjög vel

Oddný Steina Valsdóttir, varaformaður Landssamtaka sauðfjábænda, hefur tekið þátt í landgræðsluverkefninu í tíu ár. Hún segir greinilegan mun á landinu. „Við erum með um eitt hundrað hektara í verkefninu og árangurinn er ágætur. Einnig höfum við girt aðra þrjátíu hektara utan við verkefnið þar sem markmiðið er að búa til ágætis beitarhólf þar sem áður var snauður melur,“ segir Oddný sem kveður verkefnið hafa skilað griðarmiklum árangri á mörgum stöðum.

„Ég held að samvinnan hafi skilað sér í auknum áhuga bænda á landgræðslu sem og að við sjáum árangur víða. Bæði hefur þekking bænda aukist sem og að sú þekking sem fyrir er á landinu nýttist í starfið.“



PLUSMINUS

OPTIC

Smáralind

10 ára

PLUSMINUS OPTIC fagnar  
10 ára afmæli í október

Þökkum okkar fjölmörgu viðskiptavinum samstarfið  
og minnum á afsláttinn sem þeir njóta

Tökum vel á móti og bjóðum nýjum viðskiptavinum  
**20% afslátt** í október

www.plusminus.is



GARRETT LEIGHT CALIFORNIA OPTICAL



# Stórhundakynning um helgina

FRÁ 13:00 TIL 17:00

KYNNIÐ YKKUR TEGUNDIRNAR ★  
SPJALLIÐ VIÐ REYNDA HUNDAEIGENDUR  
DÝRALÆKNIR ★ FÓÐURKYNNINGAR ★  
HEIÐRÚN KLARA HUNDAÞJÁLFARI ★  
DÝRAHJÁLP ★ LUKKUPOTTAR OFL.

20% TIL 30%  
AF ÖLLUM DÝRAVÖRUM

★ SLEÐAFERÐIR FYRIR KRAKKANA MEÐ SLEÐAHUNDUM  
Á ÚTISVÆÐINU MILLI 14 OG 16 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

PRO PLAN

ROYAL CANIN

HILL'S

ARION friends

TRIXIE

Brit PREMIUM

## HELGARTILBOÐ Á SPÍRUNNI

- » ÍS Í BRAUÐFORMI 150KR
- » KAFFI OG CROISSANT 490KR
- » KAFFI OG TERTUSNEIÐ 750KR
- » MEXÍKÓSK KJÚKLINGASÚPA 1.090KR



## FERSK SENDING AF POTTAPLÖNTUM


TILBOÐ  
ORKIDEA  
1 STÖNGULL  
1.990KR



3 STK CALLUNUR  
990KR

20%  
afsláttur

af öllum  
haustlaukum



GARDHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



# RÚV eigi ekki að keppa við aðra miðla

Illugi Gunnarsson segir Ríkisútvarpið taka of stórt pláss á auglýsingamarkaði. RÚV eigi ekki að líkja eftir fyrirtækjum á einkamarkaði.

Viktoría Hermannsdóttir  
viktoriah@365.is

Ólöf Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is

„Tilraunin með ohf.-fyrirbærinu er sú að reyna að líkja eftir því fyrirkomulagi sem er á einkamarkaði. Ríkisútvarpið á ekki að reyna að líkja eftir því. Það á ekki að reyna að lúta þeim lögmálum sem rekstur annarra fjölmiðla lýtur,“ segir Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra. Þetta var meðal þess sem fram kom í Föstudagsviðtali Fréttablaðsins sem hlusta má á í heild sinni inni á Vísir.is. Þar ræddi Illugi meðal annars tengsl sín við Orku Energy og samskiptin við fjölmiðla.

Hann minnst á deilur um skipan stjórnar RÚV eftir síðustu kosningar. „Það stóð til að breyta því hvernig stjórnin yrði skipuð. Hagsmunasamtök úti í bæ áttu að eiga fulltrúa í stjórn og annað slíkt. Ég var þeirrar skoðunar að eini aðilinn sem ætti að skipa fólk í þá stjórn væri Alþingi. Ábyrgðin væri stjórnmalamanna. Og þeir væru kosnir og hefðu ábyrgð gagnvart kjósendum, fólkinu sem borgar þetta með skylduáskrift.“

## Framlagið skiptir ekki öllu

Illugi segir að RÚV eigi ekki að vera í samkeppni við aðra miðla á auglýsingamarkaði. „Það er vaxandi vandamál. Það sem er að gerast á fjölmiðlamarkaðinum er að dreifing á efni er að verða önnur en hún var.

Sjáið fyrirbæri eins og Netflix sem er að koma á markaðinn. Ég spái því að stóru breytingarnar verði þegar fyrirbæri eins og Facebook og Google fara að verða efnisveitur af alvöru. Þá held ég að það muni þróast þannig að það verði komið framboð af efni sem er miklu meira en við þekkjum í dag. Þá er spurning hver verði staða Ríkisútvarpsins í því samhengi. Ég held að það sé miklu stærri spurning sem við verðum að fást við og ræða heldur en kannski akkúrat hvort framlagið til RÚV sé þessum milljónum hærra eða lægra.“

Hann segist þó þeirrar skoðunar að enn sé þörf á almannaútvarpi og -sjónvarpi, einkum -útvarpi. „Ég held að þessi þróun muni hafa þau áhrif að kaup Ríkisútvarpsins á til dæmis erlendu afþreyingarefni hljóta að dragast fljótt saman. Ég get ekki ímyndað mér að það geti verið hlutverk Ríkisútvarpsins að bjóða upp á slíkt. Það er augljóst hvað mun gerast, línulegt áhorf svokallað, þar sem fólk sest niður þegar það ætlar að horfa á eitthvað, fer minnkandi og mun fara hratt minnkandi á næstu árum.“ Hann heldur áfram: „Þá finnst mér að Ríkisútvarpið eigi að sinna frekar því hlutverki að búa til íslenskt efni. Það er kjarnahlutverk Ríkisútvarps.“

Hann segir að einnig megi velta fyrir sér fréttastofunni. „Það má benda á að magn af fréttum í dag er margfalt meira en var fyrir örfáum árum. Aðgengi okkar að erlendum fréttamiðlum er allt annað og meira



Illugi segir hljóta að draga úr kaupum RÚV á erlendu afþreyingarefni.  
Fréttablaðið/Anton Brink

**Geta menn séð fyrir sér að RÚV þyrfti að færa rekstur sinn niður í bara ríkisframlagið? Ég vil gjarnan sjá þá þróun.**

Illugi Gunnarsson,  
mennta- og menningarmálaráðherra

en áður var. Eins líka eru möguleikar til þess að koma á framfæri skoðunum orðnir aðrir en var hér þegar eina leiðin var í gegnum Ríkisútvarpið og flokksmálgögn. Nú geta allir komið sínum skoðunum fram með margvíslegum hætti. Ég held að þessar breytingar séu það sem við þurfum að ræða.“

Hann segir alltaf hafa verið miklar pólitískar deilur um RÚV. „En ég ætla að leyfa mér að hafa þá von í brjósti

að við getum rætt um framtíðina án þess að lenda strax í skotgröfum.“ Illugi segir RÚV taka of mikið pláss á auglýsingamarkaði.

## Láti ríkisframlag sér nægja

„Dagskrágerðin endurspeglar það. Að menn séu að horfa eftir áhorfinu til þess að geta náð sér í auglýsingatekjurnar. Á síðasta kjörtímabili horfði maður á hlutfall auglýsingatekna og síðan ríkisframlagsins, hlutfall auglýsingatekna hækkaði töluvert. Það er ekki jákvætt. Spurningin sem menn standa frammi fyrir er hvort fólk sé tilbúið til að halda RÚV í sama umfangi, en taka það út af auglýsingamarkaði. Bæta við frá skattgreiðendum því sem munar. Geta menn séð fyrir sér að RÚV þyrfti að færa rekstur sinn niður í bara ríkisframlagið? Ég vil gjarnan sjá þá þróun.“

Illugi vill sjá minna af rekstrarfé RÚV koma frá auglýsingum. „Ég held að við hljótum öll að geta verið sammála um það. Ég tel að RÚV eigi ekki að vera í samkeppni við einkaaðila um efni.“

## Breytist mikið á næstu árum?

„Við skulum biða niðurstöðu nefndar sem sett var á laggirnar í vor og er að skoða rekstur og rekstrarumhverfi RÚV. Þar mun væntanlega koma fram einhver mynd á það hvernig við höfum komist á þennan stað sem við erum á í dag í rekstrinum. Ég held að í framhaldinu þurfum við að efna til þessa samtals um hvert við viljum stefna.“



## ROKIÐ REYNIST VEL

Nú hafa vindmyllur Biokraft í Þykkvabæ snúist í heilt ár með frábærum árangri. Á tímabilinu október 2014 - september 2015 framleiddu vindmyllurnar 4.425 MWh. af rafmagni. Meðalnýtingin er 42,1% en til samanburðar er meðalnýting á heimsvísu á bilinu 28-30%.

Þessi raforka dugar til að:

- knýja 920 heimili árlega
- keyra rafbíl 610 sinnum umhverfis jörðina
- fullhlaða nýjustu rafhlöðu iPhone 6s í 423.000.000 skipti!

Orka náttúrunnar er annað stærsta orkufyrirtæki landsins. Fyrirtækið byggir á mikilli þekkingu og reynslu í orkuvinnslu. Leiðarljós okkar er að bjóða rafmagn á samkeppnishæfu verði til allra landsmanna.



ORKA NÁTTÚRUNNAR

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is





**Audi A1 Spb**  
1.6 TDI Str.

2013 **3.370.000** KR



**Audi A3 Limo**  
1.4 TFSI 140 hö

2014 **4.930.000** KR



**Skoda Superb**  
TDI 4x4 170Hö

2014 **4.990.000** KR



**Audi A4**  
2.0 TDI

2012 **3.950.000** KR



**Skoda Rapid**  
Spaceback 1.2 TSI

2014 **2.550.000** KR



**Skoda Octavia**  
Comb 4x4 1.6 TDI

2014 **3.990.000** KR



**Skoda Octavia**  
Ambiente 1.6 TDI

2014 **3.690.000** KR



- Raf / Bensín
- Ekinn þús. km.
- Myndir á vef
- Dísil
- Fjór hjóladrif
- Metan & bensín
- Sjálfskiptur
- Beinskiptur
- Rafmagnsbíll

# S-M-L-XL

## Mörg snið Margir litir



**VW Polo Trendline**  
1.2 TDI

2013 **1.890.000** KR



**VW Golf**  
A7 Trendl 1.4 TSI

2014 **2.790.000** KR



**VW Tiguan**  
Track & Style

2012 **3.990.000** KR



**MM ASX**  
4x4 1.8 Instyle

2012 **2.750.000** KR



**MM Outlander**  
Intense

2008 **2.190.000** KR



**Toyota Avensis**  
Sol

2008 **1.540.000** KR



**Ford Mondeo**  
Trend

2007 **1.440.000** KR



**Subaru Legacy**  
LUX

2007 **1.590.000** KR



**Kia Sorento**  
2500 EX Classic

2006 **1.590.000** KR



**Nissan Pathfinder**  
2500 SE

2008 **3.290.000** KR



**KLETTHÁLS NÝR**  
**SÝNINGASALUR**

**NOTAÐIR**  
**BÍLAR**



Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040



## NORÐURLÖNDIN



## Bankamenn dæmdir til bótagreiðslu

**1 DANMÖRK** Þrjú háttsettir starfsmenn bankans Capinordic Bank í Danmörku hafa verið dæmdir til að greiða 90 milljónir danskra króna, eða um 1,7 milljarða íslenskra króna, vegna taps bankans. Hlutafélagið Finansiell Stabilitet, sem er í eigu danska ríkisins og var stofnað 2008 til að tryggja fjármálaöryggi í Danmörku, hafði krafist 400 milljóna danskra króna í bætur. Yfirmenn bankans vísa því á bug að þeir hafi verið kærulausir.



## Útbúa tjaldbúðir fyrir flóttamenn

**2 SVÍÞJÓÐ** Flóttamenn sem koma til Svíþjóðar gætu þurft að hafast við í tjaldbúðum. Frá þessu greindi forsætisráðherra Svíþjóðar, Stefan Löfven, á fundi með fréttamönnum í gær. Hann sagði neyðarástand blasa við. Undanfarna sjö daga hefðu 8.889 flóttamenn komið til Svíþjóðar. Í september komu 24 þúsund flóttamenn til landsins. Í gær komu 20 kvótaflóttamenn til Svíþjóðar.

## Aldraðir í mótmælagöngu

**3 FINNLAND** Um 700 eldri borgarar í Finnlandi efndu til mótmæla í Helsinki á fimmtudaginn gegn áætlunum stjórnvalda um niðurskurð. Áætlað er að lækka húsnæðisbætur og hætta að vísi-tölutengja lífeyri og aðrar greiðslur til eldri borgara. Þeir benda á að hækking lyfjakostnaðar komi allra verst niður á þeim eldri borgurum sem búa við verstu kjörin.

KPMG

cutting through complexity

NÁMSKEIÐ

# Fyrirtæki í ferðapjónustu fara í vaskinn

Í janúar 2016 fara öll fyrirtæki í ferðapjónustu í virðisaukaskatt og því þarf að huga að þeim ráðstöfunum sem gera þarf bæði í bókhaldi og vegna gjaldskrárbreytinga.

KPMG heldur námskeið um virðisaukaskatt í ferðapjónustu þar sem virðisaukaskattsumhverfið verður kynnt og þær breytingar sem upptaka virðisaukaskatts mun hafa á fyrirtæki í ferðapjónustu.

Skráning og frekari upplýsingar á [kpmg.is](http://kpmg.is)

## Námskeið vítt og breitt um landið í október og nóvember

DAGUR	STAÐUR	STUND
14.10	Borgarnes	14-17
16.10	Akranes	09-12
19.10	Reykjanesbær	09-12
21.10	Stykkishólmur	13-16
27.10	Akureyri	09-12/14-17
28.10	Selfoss	13-16
29.10	Sauðárkrúkur	13-16
02.11	Egilsstaðir	13-16
04.11	Höfn í Hornafirði	13-16
06.11	Vestmannaeyjar	09-12



Síminn í heild sinni var metinn á 32 milljarða króna eftir útboðið.

# Arion óttaðist lægra verð yrði allt selt í einu

Arion banki óttaðist að lægra verð fengist fyrir eignarhlut sinn í Símanum yrði 31 prósent eignarhlutur seldur í einu lagi. Virði eignarhlutar þeirra sem fengu að kaupa í Símanum á lægra verði en almenningi bauðst hefur hækkað um 720 milljónir króna.

**VIÐSKIPTI** Arion banki hafði áhyggjur af því að of mikið framboð hlutfjár í Símanum við skráningu félagsins á markað gæti haft í för með sér að minna fengist fyrir hlutféð. Þá gæti sala alls hlutfjárins komið í veg fyrir góðan markað eftir skráningu. Þetta kemur fram í svari bankans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Fimmföld umframeftirspurn var við sölu Arion banka á 21 prósent hlut í Símanum. Eignarhluturinn var seldur á 6,7 milljarða króna eða 3,33 krónur á hlut að meðaltali en alls bárust boð frá tæplega fimm þúsund fjárfestum fyrir samtals 33 milljarða króna.

Arion banki seldi samtals tíu prósent hlut í Símanum til fjárfesta, stjórnenda hans, stórra viðskiptavina í einkabankapjónustu hjá Arion banka og sjóðum í rekstri Stefnis, dótturfélags Arion banka, nokkrum vikum áður en almenningi var boðið að kaupa í Símanum. Verðmæti eignarhlutar þeirra sem fengu að kaupa fyrirfram hefur hækkað um 720 milljónir króna.

Arion banki segir að ekki hafi legið fyrir fyrirfram hvert útboðsgengið yrði frekar en í fyrri útboðum bankans.

„Í þeim hefur eftirspurn verið misjöfn og niðurstaðan hvað hlutabréfaverð varðar verið allt frá nedri hluta verðbils til efri marka. Eins og gefur að skilja þá lá ekki fyrir hver niðurstaða útboðsins yrði, hvorki hvað varðar eftirspurn né hlutabréfaverð, á þeim tímamarki sem þessi viðskipti fóru fram.“

Salan fyrir útboðið fór fram í tvennu lagi. Í ágúst keypti hópur

# 32%

prósenta hækking hefur orðið á hlutabréfum fjárfesta sem keyptu í Símanum í ágúst fyrir tilstuðlan Orra Haukssonar, forstjóra Símans.

sem settur var saman að frumkvæði Orra Haukssonar, forstjóra Símans, hlutabréf á þriðjung lægra verði en fékkst í hlutafjárútboðinu, eða á 2,5 krónur á hlut, og hefur virði þess hlutafjárins því hækkað um 440 milljónir króna. Orri eignaðist sjálfur 0,4 prósent hlut í félaginu í viðskiptunum. Fjárfestarnir mega hins vegar ekki selja eignarhlut sinn fyrr en í mars árið 2017.

Þá var fimm prósent eignarhlutur seldur stórum viðskiptavinum í einkabankapjónustu sem og sjóðum í rekstri Stefnis, dótturfélags Arion banka, á 2,8 krónur á hlut og hefur eignarhluturinn því hækkað um 280 milljónir króna í virði.

Bankinn bendir á að hluturinn til viðskiptavina hafi verið seldur innan verðbils útboðsins sem hafi verið 2,7-3,1 króna á hlut. Þá séu söluhömlur á og því hafi verið eðlilegt að verðið væri í lægri enda verðbilsins þar sem meiri áhætta sé fólgin í því að kaupa hlutabréf með söluhömlum. Einnig sé óvissa sé um hvert hlutabréfaverðið verði þegar söluhömlunum verði aflétt.

ingvar@frettabladid.is





**7 ára ábyrgð** á öllum  
nýjum Kia bílum

www.kia.com

# Frumstýnum nýjan og enn betri Kia cee'd

Í dag, laugardag, kl. 12–16



**Tilboð fyrir  
Kia eigendur!**

**30% afsláttur** af  
rúðupurrkum — frí ásetning\*

**20% afsláttur** af vara-  
og aukahlutum\*

\*Gildir í dag

**Frí 7  
punkta skoðun\***

1. Hemlar og demparar prófaðir
2. Farið yfir ljósabúnað
3. Ástand hjólbarða kannað
4. Frí áfylling á rúðuvökva
5. Rúðupurrkur athugaðar
6. Álagsprófun á rafgeymi
7. Staða á frostlegi könnuð  
og frostþol mælt

\*Gildir fyrir  
Kia eigendur í dag

**cee'd**



The Power to Surprise

## Kemur kröftuglega á óvart

cee'd hefur fengið nýtt útlit og er nú fánlegur í fjölbreyttari útfærslum en áður. Í þeim má nefna nýjar, kraftmiklar og eyðslugrannar vélar og 7 þrepa DCT sjálfskiptingu. Billinn er einstaklega sparneytinn og eyðir frá 4,1 l / 100 km í blönduðum akstri. Með nýrri útfærslu fæst hann nú á enn betra verði en áður og honum fylgir að sjálfsgöðu hin einstaka 7 ára ábyrgð.

Komdu til okkar í Öskju í dag, laugardag, á milli kl.12–16 og reynsluaktu enn betri cee'd.

**Kia cee'd bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **3.090.777 kr.**

Útborgun aðeins **309.077 kr.**

Eða **47.037 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*

Kia cee'd LX 1,0 Kappa, bensín, 100 hö, 5 dyra, 6 gíra

\*Mánaðarleg afborgun miðast við 9,4% vexti og bílalán til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 11,24%. Bílalánstólar eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland





50  
FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA  
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

— FIMMTÍU —  
**KERTA  
TERTA**

STÓRSÝNING Í KAUPTÚNI

í dag kl. 12–16



**Land Cruiser Adventure**  
skreyttur 750.000 kr. afmælispakka



**Corolla**  
í afmælisbúningi með allt að 350.000 kr.  
aukahlutapakka að þínu vali

**VIÐ FÖGNUM FARSÆLU SAMBANDI TOYOTA VIÐ LANDSMENN Í HÁLFA ÖLD**  
með risatertu á stórsýningu sem skreytt er rjómanum af mest seldu bílum landsins í 25 ár samfleytt.

Komdu og sjáðu glæsilegar afmælisútgáfur ásamt **i-Road**, einmenningsfarinu frá Toyota. Prófaðu **ökuherminn** eða láttu reyna á það hvort þú kemst alla leið yfir á meginland Evrópu með reynsluakstri. Við drögum út **fimm gjafabréf frá Icelandair** handa þeim sem reynsluaka á sýningunni í dag.



Toyota Kaup túni  
Kaup túni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070





**TOYOTA**

ALWAYS A  
**BETTER** WAY



**Auris**  
með afmælisumgangi af vetrardekkjum í kaupbæti



**Yaris Trend**  
afmælisútgáfan af okkar vinsælasta bíl

Fáðu þína sneið af tertunni í Kaupþúni og fagnaðu með okkur kl. 12–16 í dag.

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM\***

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

\*\*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur**  
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá  
nýja Toyotu afhenta í október \*\*



## Fyrir hverja er miðborgin?

Ferðamannamiðborgin verður til umræðu í fundarröð sem umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir ásamt Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs. Næsti fundur er 13. október klukkan 20 á Kjarvalsstöðum á Klambartúni.



Miðborg Reykjavíkur er allt í senn, miðborg menningar, veitinga, verslunar, mannlífs og hún er einnig hverfi og heimkynni íbúa og vinsæll áfangastaður ferðamanna. Í blandaðri miðborgarbyggð þurfa allir að lifa í sátt og samlyndi.

Gestir fundarins, **Guðrún Jóhannesdóttir** verslunarmaður í Kokku á Laugaveginum, **Magnea Þórey Hjálmarsdóttir** framkvæmdastjóri Icelandair hótela og **Jón Kaldal** miðborgar-búi og ritstjóri Iceland Magazine ásamt **Hjálmari Sveinssyni**, ræða um miðborgina frá ýmsum sjónarhólum.

Fundirnir eru mjög vel sóttir, bæði af fagfólki og áhugafólki um skipulag og umhverfi borgarinnar enda rætt um málin á mannamáli út frá skemmtilegum sjónarhornum.

Allir eru velkomnir og rjúkandi kaffi á könnunni.



**Reykjavíkurborg**  
Umhverfis- og skipulagssvið

HNITA.HUBBY/SA



### Bólusetning gegn árlegri influensu

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja athygli á því að skipulögð bólusetning gegn influensu hefst á heilsugæslustöðvum mánudaginn 12. október 2015. Bóluefnið myndar mótefni gegn þremur influensuveirustofnum þ.á m. svonefndri svinainfluensu.

Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?

- Öllum sem orðnir eru 60 ára
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjást af langvinnu hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
- Heilbrigðisstarfsmönnum sem daglega annast fólk með aukna áhættu, sbr. ofantalið
- Þunguðum konum

Þeir sem tilheyra ofangreindum hópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu en greiða komugjald samkvæmt reglugerð nr. 1182 / 2013 með breytingu nr. 635 / 2014. Fyrirkomulag bólusetningar getur verið mismunandi milli heilsugæslustöðva. Vinsamlegast leitið upplýsinga á vef Heilsugæslunnar [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is), eða hafið samband við hlutaðeigandi heilsugæslustöð.

Heilsugæslan Árbæ, Reykjavík	s: 585 7800
Heilsugæslan Efra-Breiðholti, Reykjavík	s: 513 1550
Heilsugæslan Efstaleiti, Reykjavík	s: 585 1800
Heilsugæslan Fjörður, Hafnarfirði	s: 540 9400
Heilsugæslan Garðabæ	s: 520 1800
Heilsugæslan Glæsibæ, Reykjavík	s: 599 1300
Heilsugæslan Grafarvogi, Reykjavík	s: 585 7600
Heilsugæslan Hamraborg, Kópavogi	s: 594 0500
Heilsugæslan Hlíðum, Reykjavík	s: 585 2300
Heilsugæslan Hvamm, Kópavogi	s: 594 0400
Heilsugæslan Miðbæ, Reykjavík	s: 585 2600
Heilsugæslan Mjódd, Reykjavík	s: 513 1500
Heilsugæsla Mosfellsumdæmis	s: 510 0700
Heilsugæslan Seltjarnarnesi (Landakoti)	s: 513 2100
Heilsugæslan Sólvangi, Hafnarfirði	s: 550 2600
Heilsugæslan Lágmúla 4, Reykjavík	s: 595 1300
Heilsugæslan Salahverfi, Kópavogi	s: 590 3900

Búast má við að bólusetning geti veitt a.m.k. 70% vörn gegn sjúkdómnum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast. Þeim sem leita vilja ráðgjafar er bent á sína heilsugæslustöð.

Frekari upplýsingar er að finna á vef Heilsugæslunnar, [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)  
Fræðsluefni um influensu má finna á vef Embættis landlæknis, [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Reykjavík, 9. október 2015

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins**  
Álfabakka 16, 109 Reykjavík sími 585 1300 [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)



Sýrlenskur uppreisnarmaður býr sig undir að verjast liðsmönnum stjórnarhersins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Bandaríkin hætta að þjálfra uppreisnarmenn

**SÝRLAND** Bandarísk stjórnvöld hafa ákveðið að hætta að þjálfra upp og styrkja her uppreisnarmanna í Sýrlandi.

Bandaríkjamenn segja lítinn árangur sjáanlegan af þeirri aðstoð, sem þeir hafa veitt uppreisnarmönnum með ærnum tilkostnaði. Þess í stað er ætlun Bandaríkja-

manna að aðstoða uppreisnarsveitir sem þegar hafa sýnt fram á árangur í baráttunni gegn vígasveitum Íslamska ríkisins.

Þessi stefnubreyting af hálfu Bandaríkjamanna kemur í beinu framhaldi af því að Rússar hófu loftárásir á uppreisnarmenn í Sýrlandi. – gb



Þúsundir manna tóku þátt í mótmælum í Kaupmannahöfn í vikunni, þar sem flóttafólk var boðið velkomið. Fréttablaðið/EPA

## Flóttamenn skrifa dagblað

Danska dagblaðið Information fékk tólf flóttamenn til þess að skrifa föstudagsútgáfu blaðsins.

**DANMÖRK** Tólf reyndir blaðamenn, allt saman flóttamenn og flestir nýkomnir til Danmerkur, sáu um að skrifa föstudagsútgáfu danska dagblaðsins Information.

Tilgangurinn er sagður vera sá að gefa dönskum lesendum öðruvísi innsýn í heim flóttafólksins en venjulega birtist í fjölmiðlum.

Forsíðufréttin fjallar um afleiðingar þess í heimalöndum flóttafólksins að meirihluti þeirra sem flýja til Evrópu eru karlmenn.

„Þegar karlkyns flóttamenn streyma til Evrópu, þá sitja konurnar eftir í hefðbundnu íslömsku samfélagi,” segir í undirfyrirsögn forsíðugreinarinnar, sem skrifuð er af Lawja Jawad Mohammadi frá Írak.

„Það sem veldur helst áhyggjum er að þeir ungu menn sem flýja eru þeir sem trú á kvenréttindi og jöfnuð karla og kvenna, en þeir sem eftir sitja í samfélaginu tilheyra hinum hópnum, sem trúir á kúgun kvenna og íslamsvæðingu samfélagsins,” er haft eftir Zaytoon Kamal frá Kúrborginni Erbil í Írak.

Ástæða þess að karlarnir flýja frekar en konurnar er sögð vera sú að karlarnir eigi auðveldara með að fara burt.

**Konurnar verða ekki eftir í Kúrdistan vegna þess að þær eru ánægðar og þakklátar.**

Khanim Rahim Latif, kona í Kúrdahéruðum Íraks

„Konurnar verða ekki eftir í Kúrdistan vegna þess að þær eru ánægðar og þakklátar, heldur vegna þess að þær hafa ekki möguleika á því að ferðast,” er haft eftir konu sem býr í Kúrdahéruðum Íraks, Khanim Rahim Latif.

Þá er í blaðinu grein sem fjallar um lífið í flóttamannabúðum, þar sem því er lýst að fólk finnst það vera þátttakendur í happdrættisleik. Sá vinnur sem fær hæli. Fyrirsögnin er: „Ég verð svo ófundsjúkur þegar aðrir fá hæli.”

Sex þeirra blaðamanna sem skrifa blað föstudagsins, eru frá Sýrlandi, tveir frá Afganistan, en hinir frá Sómalíu, Kenía, Taílandi og Kúrdasvæðum Íraks. Þeir fengu aðstoð frá starfsfólkinu á Information við upplýsingaöflun og þýðingar, en réðu efnisvali og framsetningu.

[guidsteinn@frettabladid.is](mailto:guidsteinn@frettabladid.is)



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)





13. okt

**Frjálsi lífeyrissjóðurinn**  
Fræðslufundur um uppbyggingu,  
ávöxtun og þjónustu við sjóðfélaga

14. okt

**Hraðþjónustunámskeið**  
Starfsfólk Höfðaútibús kennir á Arion  
appið, netbankann og hraðbankana

20. okt

**Almenningur og hlutabréfakaup**  
Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar  
um fjármálalæsi, fjallar um hlutabréfakaup  
á mannamáli

21. okt

**Ný hagspá**  
Greiningardeild  
bankans kynnir nýja  
hagspá á morgunfundi

27. okt

**ÍMARK ráðstefna**  
Vægi markaðsmála hjá íslenskum  
fyrirtækjum – Hversu mikið er nóg?

## Merktu í dagatalið

### Viðburðir í október

Við bjóðum upp á fjölbreytta fræðsludagskrá og aðra áhugaverða viðburði í haust. Þú finnur örugglega eitthvað sem nýtist þér til framtíðar.

Nánari upplýsingar um viðburðina og skráning [á arionbanki.is](http://arionbanki.is)

Allir velkomnir.

 Arion banki



# Krefja stjórnvöld um athygli og úrræði

Mikið úrræðaleysi ríkir vegna myglusvepps á Íslandi. Engar tryggingar eða öryggisnet grípur fólk sem missir allt sitt vegna myglunnar. Fimm hundruð myglusveppaþolendur hafa skrifað undir áskorun til velferðarráðuneytis og landlæknis um að gera átak í málinu.

Erla Björg Gunnarsdóttir  
erlabjorg@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Síðustu vikur hefur Fréttablaðið fjallað um myglusvepp í húsnæði og alvarlegar afleiðingar myglunnar. Fólk hefur deilt sögum sínum og allir hafa sömu sögu að segja. Ekkert öryggisnet grípur þolendur myglusvepps, engar bætur eru fyrir þá sem tapa öllum sínum eignum eða missa starfið og margir hverjir mæta skilningsleysi hjá heilbrigðiskerfinu. Fólk stendur eitt í þessari baráttu.

Í vor voru hagsmunasamtökin Gró stofnuð, sem eru samtök um tengsl heilsu við raka og myglu. Fyrir sex dögum byrjuðu samtökin að safna undirskriftum fyrir áskorun um úrræði fyrir þolendur raka og myglu í húsum. Áskorunin verður send til landlæknis og velferðarráðuneytisins og hafa nú þegar fimm hundruð manns skrifað undir.

## Vilja kveikja áhuga

Sveinlaug Sigurðardóttir er í stjórn samtakanna og segist vonast til að áskorunin verði til þess að farið verði í átak vegna myglusvepps.

„Við viljum að það verði hlustað á okkur, að það kvikni áhugi á okkar vandamálum og einhver fari í að skoða og skilja þennan eyðileggjandi myglusvepp. Það er hrikalega erfitt að standa í þessu einn og bjargarlaus. Við skorum á stjórnvöld að efla upplýsingum, úrræði og öryggisnet fyrir mjög veikt fólk.“

Sveinlaug segir fyrsta skrefið vera að efla þekkingu og rannsóknir um tengsl myglusvepps og heilsutaps. Hún segir Ísland vera eftirbát annarra landa þegar kemur að viðbrögðum heilbrigðiskerfisins og hún veit um marga sem hafa leitað utan til að fá rannsóknir og svör um veikindi sín. Aðrir senda sjálfir sýni til útlanda. Það er mjög dýrt fyrir

hvern einstakling að standa í slíku.

„Það er lágmark að sú þekking og tæki og töl sem eru þó til í heiminum séu aðgengileg myglusveppasjúklingum hér á landi. Ég hef kynnt mér þetta svo vel og lengi að ég er farin að ráðleggja læknum, benda á lyf og annað sem þeir vita ekki um.“

## Myglusveppur er tabú

Eftir að þekking og greining heilbrigðiskerfisins er komin í lag vill Gró að fundin verði meðferðarúrræði fyrir þann mikla fjölda sem lifir ekki eðlilegu lífi vegna veikindanna.

„Við viljum endurhæfingarsetur eða deild sem myndi sérhæfa sig í þessum málum. Einnig þyrfti bráðabirgðahúsnæði fyrir fólk sem þarf að flytja allslaust út af heimilum sínum.“

Samtökin Gró voru stofnuð í kjölfar þess að nokkrir myglusveppaþolendur hópuðu sig saman og fóru á kaffihús.

„Sá andlegi stuðningur sem felst í því að hitta og tala við fólk í sömu stöðu er ólýsanlegur. Því það er ekkert í kerfinu sem hjálpar manni og enginn í samfélaginu veit hvernig á að bregðast við. Margir hafa mætt miklum fordómum og eru mjög feimnir við að tjá sig. Við erum sex hundruð saman í hópi á Facebook en ég veit um fjölmarga sem þora ekki að vera í þeim hópi vegna almenningsálitsins. Það má með sanni segja að myglusveppaveikindi séu tabú.“

Annað baráttumál sem Gró er með á lista sínum snýr að tryggingakerfinu á Íslandi, en engar váttryggingar ná yfir myglusveppatjón. Sveinlaug segir heilsuna þó vera í forgangi.

„Í grunninn snýst þessi vandi um heilsu fólks, þess vegna skorum við á landlækni og velferðarráðuneytið. Ef málið er þeim ekki viðkomandi, hverjum þá?“



Sveinlaug fann fólk á Facebook með sömu reynslu og hún fyrir einu og hálfu ári. Hún segir þann hóp hafa bjargað geðheilsu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Við viljum að það verði hlustað á okkur, að það kvikni áhugi á okkar vandamálum og einhver fari í að skoða og skilja þennan eyðileggjandi myglusvepp. Það er hrikalega erfitt að standa í þessu einn og bjargarlaus.**

## Viðbrögð stjórnvalda

Í skýrslu starfshóps umhverfis- og auðlindaráðherra sem falið var að endurskoða lög og reglur á sviði byggingarmála með tilliti til myglusveppa takmarkast tillögur til úrbóta nær eingöngu við byggingariðnaðinn.

Tillögurnar felast í grófum dráttum í aukinni fræðslu, skýrari orðanotkun í reglugerðum og skilvirkara eftirliti. Einnig er bent á leiðir til að auka neytendavernd að danskri fyrirmynd þegar kemur að fasteignakaupum og lagt til að leigusölum verði skylt að segja frá mygluskemmdum í leiguíbúð. Ekki er fjallað um alvarleg veikindi, innbústjón og veikindarétt.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um hver næstu skref séu segir að vinna við undirbúning eftirfylgniáðgerða standi yfir en ekki sé hægt að segja meira um næstu skref á þessari stundu.

Fréttablaðið hafði samband við Landlækni og heilbrigðisráðherra til að fá viðbrögð við áskorun Grós. Ekki náðist í heilbrigðisráðherra þrátt fyrir itrekaðar tilraunir. Þórlólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði embættið ekki vera með nein sérstök viðbrögð við undirskriftasöfnuninni enda lítið sem embættið gæti gert.

## Þolendur segja frá

Tæplega sex hundruð manns eru í hópnum Myglusveppaþolendur á Facebook þar sem blaðamaður hefur gert opnar og órekjanlegar kannanir síðustu vikurnar. 50-100 manns hafa svarað hverri könnun.

### Fjárhagslegt tap

**56%**

hafa tapað nær öllum sínum eignum vegna myglusvepps.



Þetta er eins og að lenda í bruna nema án skilnings frá samfélaginu, og án þess að fá tjónið bætt.

Guðbjörg Þóra Ingimarsdóttir, fyrrverandi leigjandi í íbúð með myglusvepp



### Heilsutjón

**84%**

kljást við langtímaafleiðingar myglusvepps.



Staðan sem sjúklingurinn er settur í er að finnast hann þurfa að sanna veikindi sín og þar sem enn er erfitt að sanna myglusveppaþol er þetta næstum vonlaus staða.

Birgitta Braun, myglusveppasjúklingur síðustu átta ár



### Leigusalar fela myglusvepp



Mamma tók þetta í sínar hendur og þegar hún sagði stjórnendum leigufélagsins að hún ætlaði í mál var hlegið framan í hana og sagt að félagið hefði her lögmanna á bak við sig. Það er ekki skrytið að fólk sé hrætt við þennan slag.

Sandra Sif Rúnarsdóttir, í skaðabótamáli við leigufélag Ásbrúar



### Veikir á vinnustað


**40%**

eiga ekki afturkvæmt til starfa á sama vinnustað.



Kemst ég aftur í vinnuna? Verð ég aftur veik? Vill einhver ráða mannlegan myglumæli sem kemur alltaf upp um rakaskemmdir og rándýrar framkvæmdir fylgja í kjölfarið?

Petra Eiríksdóttir, kennari í veikindaleyfi



Íslenskt fjölskyldufyrirtæki og framleiðsla síðan 1984

TE & KAFFI

— NÝ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA —

## ILMANDI KAFFIPÚÐAR FRÁ TE & KAFFI

Te og Kaffi hafa nú framleitt þrjár vinsælustu kaffitegundir sínar sem kaffipúða. Sérvaldar kaffibaunir sem halda bragðgæðum og ilmi alla leið í bollann þinn, Java Mokka, Espresso Roma og French Roast.

PIPA/STIVA • SA





# Himneskt

– AÐ NJÓTA –

Í þessari fallegu bók deila mæðgurnar Solla Eiríks og Hildur himneskum uppskriftum af hjartans ástríðu. Fjölskyldumáltíðir, nesti, veisluréttir og dásamlegir desertar eru meðal þess sem finna má í bókinni.



**BONUS**

HAGKAUP



HIMNESKT





IDdesign

### DEVON

Tungusvefnsófi.  
Geymsla undir tungu.  
Stærð: 241 x 160 x 86 cm

**159.990 kr.** ~~199.990 kr.~~



### GHOST

Hægindastóll. Fáanlegur í mörgum litum í áklæði og svörtu leðri.

Áklæði

**109.990 kr.** ~~139.990~~



### TWIST

Nýr af nálinni, en er þó gamall í anda. Fáanlegur ljósblár, appelsínugulur, grár og dökkgrár. Gegnheil eikargrind og lappir. Stærð: 84 x 90 x 94 cm



Stóll

**69.990 kr.**

Skemill

**29.990 kr.**

### LEVANTO

Danskir hægindastólar sem hafa slegið í gegn. Til í leðri og áklæði. Hallanlegir með snúningi. Litir í leðri eru svartur, grár, rauður og hvítur. Stærð: 77 x 75 x 109 cm



IDdesign

Stóll í leðri

með skammeli

**149.980 kr.**

### STANFORD

Tungusvefnsófi.  
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.  
Geymsla undir tungu.  
Stærð: 244 x 165 x 86 cm



**119.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

Reykjavík  
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



**CLEVELAND**

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.  
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 231 x 140 x 81 cm

**119.990 kr.**

# Vertu eins og heima hjá þér

## Húsgögn og smávara fyrir lifandi heimili

**IBIZA**

Eldhúsbord, hvítt.  
Stærð: Þ: 110 cm H: 74 cm hvítt

**39.990 kr. -49.990 kr.****TWIST**

2,5 sæta sófi.  
Orange, ljósblar og grár.  
Viðarfætur.  
Stærð: 157 x 92 x 95 cm

**109.990 kr.****PEOPLE**

Hornsófi með tungu.  
Hægri eða vinstri tunga.  
Dúnfylling í sessu.  
Grábrúnt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 402 x 222/166 x 87 cm.

**369.990 kr. -459.990 kr.**



# Sækjum bestu ráð



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Það liggur fyrir hver bráðavandinn er í ferðaþjónustunni – innviðirnir eru las-burða. Það vantar bílastæði, göngustiga og salerni. Greinin hefur þegar slitið barnskónum. Hún skilar þegar þeim gjöldum sem þarf til að ráðast í brýnar framkvæmdir nú þegar.

En viðbrögð við bráðavandanum hrökkva skammt. Hér þarf að marka stefnu, horfa áratugi fram í tímann. Ekki er sjálfgefið að við eigum að sækjast eftir sem flestum ferðamönnum. Við þurfum færasta fagfólk til að hjálpa okkur að finna út hvað við viljum – og hvað er raunhæft. Það er verkefni fyrir viðurkennda alþjóðlega ráðgjafa. Til að finna þá þarf að leita lengra en í félagatalið í Valhöll.

Viða má sækja fyrirmyndir. Galapagoseyjar í Kyrrahafi eru paradís náttúruunnenda. Heimafólk kann að umgangast viðkvæma náttúruna og krefst þess sama af gestkomandi. Færri komast að en vilja. Þar sem landið er viðkvæmast eru fjöldatakmörkanir. Enginn stigur niður fæti nema í fylgd þrautþjálfara leiðsögmanna – eftir námskeið um landið og lífríkið. Höfðað er til gesta, sem bera virðingu fyrir náttúrunni.

Annað land, sem líta mætti til, er Namibía. Það er strjálbýlla en ekki síður harðbýlt að sumu leyti. Veðurfar er öfgakennt, kæfandi hitar og gifurlegt úrhelli á regntímanum. Þar blómstrar mjög ábatasamur ferðamannaíðnaður, sem byggist á virðingu fyrir landinu og dýralífinu.

Úti á berangri eyðimerkur hafa verið reist gistihús, sem falla vel að hrjóstrugu umhverfinu. Þau eru fjölbreytt, flest með afrísku yfirbragði en nútímaþægindum. Hér mætti með líku lagi hugsa sér útgáfu af torfbæjum, sem verða eins og hólar og hæðir í landslaginu – eða eitthvað allt annað, sem kunnáttufólki kann að detta í hug. Raffínur og hraðbrautir mega ekki sjást.

Samtala landsmanna og ferðamanna á Íslandi er þrjú og hálfur einstaklingur á ferkílómetra um háannatímamann. Danir eru 132 á ferkílómetra – búa fjórtíu sinnum þéttar en við. Ýkjulítið má segja að Ísland sé land án fólks, meira að segja þegar mest gengur á. Þess vegna eru innviðirnir rýrir. Á því má ráða bót með góðu skipulagi. Við eigum ekki að hika við að leita bestu ráða sem völ er á, hvar sem þau er að finna.

Í marga áratugi eyddum við fúlgum fjár í að auglýsa paradís fyrir orkufrekan iðnað. Hér störfuðu markaðs-skrifstofur og stóriðjunefndir, sem fóru um lönd og álfur til að laða að stóriðjufyrirtæki. Þau fengu afslætti og gylliböð. Oftast sneru sölumennirnir þó heim með öngulinn í rassinum.

Nú er öldin önnur. Ferðamennirnir eru æstir í að koma hingað og fátt bendir til að lát sé á. Þá ríður á að vanda sig. Fréttir vikunnar um nýja ríkisstofnun, Stjórnstöð ferðamála, með handvöldum forstjóra, lofa ekki góðu.



Til að finna þá þarf að leita lengra en í félagatalið í Valhöll.

Gunnar



## Mín skoðun Jón Gnarr



### Er Ísland gott land?

Ég er eins og svo margir aðrir alinn upp í þeirri trú að ég hafi verið ótrúlega heppinn að hafa fæðst á Íslandi en ekki einhvers staðar annars staðar. Mér hefur verið kennt frá blautu barnsbeini að Ísland sé bara einfaldlega besta land í heimi til að vera til á, hér sé allt misjafnlega gott á meðan það er misjafnlega slæmt í öðrum löndum. Ég hef kyrrað dýrðarljóð um landið mitt, hvað það sé fallett og stórkostlegt í alla staði. Íslenskt lambkjöt er besta kjöt í heimi, íslenskt vatn er umtalsvert betra vatn en allt annað vatn og Íslendingar eru yfirleitt betur að sér um flesta hluti heldur en fólk í útlöndum.

Allt sem er gott í útlöndum er alltaf aðeins betra hér. Ísland er fallett og gjöful móðir. Esjan er langfallegasta fjall í heimi og Gullfoss er fallegasti foss í heimi. Fallegast af öllu er þó vorkvöld í Reykjavík. Og ekki má gleyma sumrunum. Hvergi í heiminum eru þau jafn kynngimögnuð og hér. Og jöklarnir setja tignarlegan blá á tilveru allra Íslendinga. Við fundum upp pylsuna, kleinuna og kokkteilsósuna og án þeirrar heilögu þrenningar væri heimurinn heldur fábrotinn staður. Og ekki má gleyma eldfjöllunum og háhitasvæðunum og sjálfum Geysi, sem fólk ruglar yfirleitt saman við Strokk. En það skiptir ekki máli. Og heldur ekki veðrið. Maður kvartar ekki yfir því við nokkurn mann og brosir bara framan í suddann.

#### Volaða land

Þjóðskáldið Matthías Jochumsson, sem eins og Halldór Laxness heitir nafni sem stenst ekki mannanafnalög og ætti í raun að vera löngu búið að hafna af Mannanafnanefnd, samdi ljóð um Ísland sem ákaflega litið hefur farið fyrir. Það heitir Volaða land og mun vera eitt af hans kjarnyrtustu ljóðum. Ljóðið er sannkölluð niðvísa um Ísland og kemst skáldið að þeirri niðurstöðu að hér sé hreinlega ekki búandi nokkurri lifandi veru nema hröfnun, enda hafi þeir fundið þetta „hráfnfundna land“. Þetta ljóð hefur ekki farið hátt, það heyrst sjaldan og ég man ekki eftir því úr Skólaljóðunum. Á einhvern meinfýsinn hátt er það fyndið að hann orti það skömmu

eftir að hann flutti til Akureyrar en samkvæmt öllum sérblöðunum um Akureyri sem ég hef séð um ævina mætti halda að það væri fallegasti bær á Íslandi. En þetta var líka á þeim tíma þegar um 20% þjóðarinnar flúðu fösturjörðina vegna vösbúðar, fátæktar og almenns ómurleika.

#### Ekkert sérstaklega næs

Ég verð að viðurkenna að mér finnst Ísland ekkert sérstaklega næs. Mér leiðist veðrið herna. Mér finnst íslenska sumarið stórlega ofmetið og oftast meira í orði en á borði. Mér finnst Esjan ekkert spes. Reyndar finnst mér öll fjöll á Íslandi vera meira og minna Esjan. Mér finnst Gullfoss alveg finn en ekkert merkilegt en einhver annar foss. Kannski er það mín takmörkun en ég fyllist engri sérstakri sælutilfinningu þegar ég horfi yfir íslenskt landslag. Oftast veldur það mér bara kvíða og þá liður mér eins og gömlu Bubbalagi um langa og dimma vetur þar sem vindurinn smeygir sér inn í allt og jafnvel inn í sálina á manni og fyllir mann tótleika og vonleysi. Mér finnst þetta land hafa lagt sig fram við að reyna að murka úr okkur lifið eða að minnsta kosti flæma okkur í burtu. Við búum á vindasömu og köldu sprengjusvæði.

Ef Ísland er móðir þá er hún bæði drykkfelld og dyntótt kerling. Maður veit aldrei hverju hún getur tekið upp á. Hún er oftast kuldaleg og í vondu skapi og frussar þegar hún talar og hún getur tekið brjálæðiskösk algjörlega upp úr þurru. Oft er hún þunn og þá frekar þurr á manninn. Hún er ekkert sérstaklega stýðjandi og getur drepit mann með augnaráðinu einu saman. En þegar hún er sofnuð áfengisdauða í sófanum þá stöndum við litlu börnin hennar og däumst að því hvernig birtan frá Luxor-lampanum glitrar fallega í hári hennar. Og pylsurnar og kleinurnar sem hún keypti úti í Bónus verða að kræsingum sem hún útbjó sérstaklega handa okkur. Og drykkjuþrútið andlit hennar eins og snoppufrið prinsessa. Við elskum hana eins og hún er. Skilyrðislaust. Því þótt hún sé kannski ekki besta mamma í heimi þá er hún mamma okkar.

Í REYKJAVÍK VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

# RÚNAR 70 JÚL

SVEITAPILTSINS DRAUMUR

## HÁSKÓLABÍÓ 31. OKTÓBER

EYÞÓR INGI · MAGNI · VALDIMAR · SALKÁ SÓL  
ÁSAMT SÉRVALINNI ROKKSVEIT  
UNDIR STJÓRN JÓNS ÓLAFSSONAR

TRYGGDU ÞÉR MIÐA Á TIX.IS



# Útsala

## 30-90% afsláttur

ÍSLENSKA/ÞÁ PENNINN 10.15

### Staflastólar og stólar fyrir eldhús og kaffistofur



FJÖLVI



CARVER

FJÖLVI staflastóll m. plastskel

**Útsöluverð**  
3.900 kr.

Verðlistaverð 28.173 kr.

CARVER staflastóll

**Útsöluverð**  
19.900 kr.

Verðlistaverð 38.697 kr.

Ýmsir stakir stólar

**Verð frá**  
2.900 kr.

### Skrifborðsstólar



STRIKE skrifborðsstóll

**Útsöluverð**  
49.900 kr.

Verðlistaverð 79.900 kr.

FLEXIKIT skrifborðsstóll

**Útsöluverð**  
63.900 kr.

Verðlistaverð 99.900 kr.

DEALER skrifborðsstóll

**Útsöluverð**  
20.720 kr.

Verðlistaverð 29.600 kr.

Allir aðrir skrifborðsstólar verða á 20% afslætti á meðan á útsölnni stendur

### Fundarborð



Margar gerðir í ýmsum stærðum

**30-90% afsláttur**

### Skrifborð



Rafhækkjanlegt skrifborð

**Útsöluverð**  
99.900 kr.

Verðlistaverð 167.155 kr.

Skrifborð í fastri hæð

**Verð frá 9.900 kr.**

### Skápar og hillur



JIVE skápar – margar stærðir

**Útsöluverð frá 9.900 kr.**

Verðlistaverð  
frá 44.993 kr.

Útsalan stendur aðeins yfir í nokkra daga

Seljum einnig eldri sýnishorn og lítið útlitsgölluð húsgögn á ótrúlegu verði



Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík  
Opið virka daga kl. 8-18  
og laugardag kl. 11-16

Sími 540 2330  
husgogn@penninn.is  
www.penninn.is





# Uppáhaldsþarið er ekki í boði

Landsliðsþjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson geta ekki teft fram aðalframherjapari sínu í dag þegar Íslands mætir Lettum í Laugardalnum í síðasta heimaleik sínum í undankeppni EM 2016.

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson og Jón Daði Böðvarsson hafa byrjað saman í sex af átta leikjum íslenska landsliðsins í undankeppni EM 2016 og voru framherjar liðsins í 72 prósentum leiktímans í þeim átta leikjum sem nægðu íslensku strákunum til að tryggja sér sæti á stórmóti í fyrsta sinn. Jón Daði Böðvarsson kom óvænt inn í byrjunarliðið í fyrsta leik á móti Tyrkjum og sló í gegn. Hann var búinn að skora eftir átján mínútur og hreif alla með skemmtilegri blöndu sinni af óendanlegri vinnusemi og hæfileika til að halda bolta.

Kolbeinn Sigþórsson er fyrir löngu orðinn framherji númer eitt hjá íslenska landsliðinu og er fastamaður í liðinu svo framarlega sem hann er heill. Frammistaða og spilatími Jóns Daða hefur komið meira á óvart enda er hann í samkeppni við stórstjórnur eins og Alfreð Finnbogason og Eiður Smára Guðjohnsen.

Nú þegar Jón Daði er meiddur stendur valið að því virðist á milli Alfreðs og Eids Smára. Alfreð talaði um að hafa verið að senda Lars Lagerbäck smá skilaboð þegar hann varð á dögnum fyrsti Íslendingurinn í átta ár til að skora í Meistaradeildinni.

Hetja gríska liðsins Olympiacos á móti Arsenal á Emirates-leikvanginum minnti vel á sig á þessu Meistaradeildarkvöldi en Alfreð hefur aðeins fengið að spila í 32 mínútur samanlagt í þessari keppni og er því hungraður í sitt tækifæri.

Eiður Smári Guðjohnsen átti fráþæra endurkomu inn í liðið úti í Kasakstan í mars en hefur síðan aðeins fengið að spila í 26 mínútur í síðustu þremur leikjum. Eiður er engu að síður með meira en þrisvar sinnum fleiri mínútur en Alfreð í þessari undankeppni. Eiður opnaði markareikninginn sinn í Kína í síðasta leik sínum fyrir landsliðshléið og er kominn í mun betra leikform eftir að hafa byrjað síðustu fjóra leiki Shijiazhuang Ever Bright.

Alfreð var síðast í byrjunarliði íslenska liðsins í keppnisleik í umspilsleikjum á móti Króatíu en hann skoraði síðast þegar hann byrjaði síðast leik í riðlakeppni sem var á móti Slóvenum í júní 2013. Íslenska liðið hefur líka skorað tvisvar sinnum á þessum 32 mínútum sem



Lars Lagerbäck og Eiður Smári Guðjohnsen ræða hér málin fyrir eina æfingu íslenska landsliðsins í vikunni. Eiður Smári gerir tillit til byrjunarliðssetis í leiknum í dag. Fréttablaðið/Vilhelm

## FRAMHERJAPÖR ÍSLENSKA LIÐSINS Í UNÐANKEPPNI EM 2016

**Kolbeinn Sigþórsson og Jón Daði Böðvarsson 520 mínútur**  
Markatalan: +8 (10-2) Íslenskt mark á 52 mínútna fresti

**Kolbeinn Sigþórsson og Eiður Smári Guðjohnsen 70 mínútur**  
Markatalan: +2 (2-0) Íslenskt mark á 35 mínútna fresti

**Kolbeinn og Jóhann Berg Guðmundsson 63 mínútur**  
Markatalan: 0 (1-1) Íslenskt mark á 63 mínútna fresti

**Eiður Smári og Jón Daði Böðvarsson 27 mínútur**  
Markatalan: 0 (0-0) Ekkert íslenskt mark

**Kolbeinn og Alfreð Finnbogason 13 mínútur**  
Markatalan: +1 (1-0) Íslenskt mark á 13 mínútna fresti

**Alfreð Finnbogason og Eiður Smári 12 mínútur**  
Markatalan: 0 (0-0) Ekkert íslenskt mark

**Alfreð Finnbogason og Jón Daði 7 mínútur**  
Markatalan: +1 (1-0) Íslenskt mark á 7 mínútna fresti


**Kolbeinn og Viðar Örn Kjartansson 6 mínútur**  
Markatalan: 0 (0-0) Ekkert íslenskt mark

Alfreð hefur spilað eða jafn mörg mörk og á mínútum með Eiði Smára. Það eru fleiri framherjar sem koma til greina, eins og Viðar Örn Kjartansson, eða þá að færa menn fram af miðjunni. Jóhann Berg Guðmundsson hefur spilað frammi í þessari undankeppni og Birkir Bjarnason hefur verið að skora fyrir sitt lið.

Hér til hliðar má sjá hvernig útkoman hefur verið hjá þeim átta mismunandi framherjapörum sem Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson hafa notað í undankeppninni til þessa en hér eru aðeins nefnd til leiks þau þór sem hafa spilað saman áður en það er komið út í uppþórtina leikjanna.

Leikur Íslands og Lettlands hefst klukkan 16.00 í dag á Laugardalsvelli og það er uppselt á leikinn eins og síðustu heimaleiki íslenska liðsins.

ooj@frettabladid.is



## Fyrirliðinn er íslenska liðinu afar mikilvægur

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið verður án fyrirliða síns á móti Lettum í Laugardalnum í kvöld þegar liðið spilar síðasta heimaleik sinn í undankeppni EM 2016. Aron Einar Gunnarsson fékk rauða spjalðið í lok síðasta leik liðsins á móti Kasakstan og tekur út leikbann í dag.

Íslenska landsliðið hefur ekki tapað á heimavelli í undankeppni síðan í júní 2013 og í raun aðeins tapað tveimur alvöruleikjum síðan Lars Lagerbäck tók við liðinu. Báðir leikirnir eiga það sameiginlegt að liðið var án Arons Einarss annað hvort allan eða stóran hluta leiksins. Í tapinu á móti Slóvenum í Laugardalnum 7. júní fór Aron Einar af velli eftir að hafa farið úr axlarliði eftir 50 mínútna leik. Þá var staðan 2-2 en íslenska liðið tapaði síðustu 40 mínútum leiksins 2-0 og þar með leiknum 4-2. Haustið áður hafði íslenska liðið spilað án Arons Einarss á móti Sviss og þrátt fyrir góða frammistöðu

þurfti liðið að setta sig við 2-0 tap á móti verðandi öruggum sigurvegurum riðilsins.

„Það hafa allir séð að Aron hefur verið að spila vel í þessari undankeppni. Það væri alltaf best að geta valið úr öllum leikmannahópnum. Ég segi alltaf, ekki horfa á vandamálin heldur einblínið frekar á lausnirnar,“ sagði Lars Lagerbäck um fjarveru Arons á blaðamannafundi í gær. „Ég vona það að við getum sýnt það á móti Lettlandi að við getum fundið góðan mann fyrir hann. Aron hefur samt spilað virkilega vel og hann kemur með mikilvægt jafnvægi inn í liðið. Menn þurfa að spila marga leiki með liðinu til að ná valdi á slíku hlutverki sem og að spila fyrir liðið og lesa leikinn vel. Þetta er því vissulega ekki auðveldasta stöðin til að fylla,“ sagði Lagerbäck. Það er hægt að taka undir þau orð.



Aron Einar fagnar hér sigri á Tékkum með fyrirliðabandið í hendinni. Hann verður ekki með í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ísland vann síðast keppnisleik án Arons Einarss fyrir rúmum fjórum árum þegar liðið vann 1-0 sigur á Kýpur í Laugardalnum í

byrjun september 2011. Líklegast er að Emil Hallfredsson komi inn á miðjuna við hlið Gylfa Þórs Sigurðssonar. – ój

## Nýjast

### Olís-deild karla

**Haukar ÍR 38-23**

Markahæstir: Tjörvi Þorgeirsson 10, Janus Daði Smárason 9/2, Heimir Óli Heimisson 5, Einar Pétur Pétursson 4 - Arnar Birkir Hálfhásson 9, Bjarni Fritzson 4. Haukar unnu afar öruggan sigur og náðu toppsætinu aftur af Valmönnum. Haukaliðið hefur unnið 6 af fyrstu 7 leikjum sínum.

### INDRÍÐI KOMINN HEIM Í KR

Indriði Sigurðsson, fyrirliði Viking Stavanger í norsku úrvalsdeildinni, skrifaði í gær undir tveggja ára samning við KR. Indriði er uppallinn hjá KR en hann varð Íslands- og bikarmeistari með liðinu 1999 áður en hann fór út í atvinnumennsku þar sem hann hefur verið síðan.



### BJARNI AFTUR TIL EYJA

Bjarni Jóhannsson var í gær ráðinn þjálfari ÍBV en hann skrifaði undir þriggja ára samning við Eyjalíðið. Bjarni þekkir vel til í Eyjum en hann þjálfaði ÍBV á árunum 1997-99 og gerði liðið tvisvegis að Íslandsmeisturum og einu sinni að bikarmeisturum. Bjarni tekur við starfinu af Jóhannesi Harðarsyni og Ásmundi Arnarssyni en þeir stýrðu ÍBV á síðasta tímabili.

**Hræddur um að þetta Klopp ævintýri sé frábært fyrir LFC. Vona samt innilega að ég hafi rangt fyrir mér eins og oft áður.**

Teitur Örlýgsson @teitur11

### KLOPP KYNNTUR TIL LEIKS

Þjóðverjinn Jürgen Klopp var í gær kynntur til leiks á Anfield sem nýr knattspyrnustjóri Liverpool. Klopp fór á kostum á blaðamannafundi þar sem hann lýsti sjálfum sér sem hinum venjulega. „Ég er bara venjulegur maður frá Svartaskógi í Þýskalandi. Ég var miðlungsfótboltamaður og gerðist þjálfari hjá mjög sérstökum félögum. En ég er algjörlega venjulegur maður. Ég er sá venjulegi,“ sagði Klopp sem stefnir að því að vinna titil með Liverpool innan fjögurra ára.



## Í dag

16.00 Kasakstan - Holland	Sport
16.00 Aserbaísjan - Ítalía	Sport 3
16.00 Noregur - Malta	Sport 2
18.45 Tékkland - Tyrkland	Sport
18.45 Bosnía - Wales	Sport 2
18.45 Króatía - Búlgaría	Sport 3
21.45 Ísland - Lettland (e.)	Sport
01.30 Presidents Cup	Golfstöðin

## Á morgun

10.30 Formúla 1	Sport
15.00 PSG - Zagreb	Sport
16.00 Serbía - Portúgal	Sport 3
16.00 Færeyjar - Rúmenía	Sport 4
16.00 Finnland - N-Írland	Sport 2
18.45 Þýskaland - Georgía	Sport 4
18.45 Pólland - Írland	Sport 3
18.45 Gíbraltar - Skotland	Sport 2
20.00 Cowboys - Patriots	Sport
10.30 Formúla 1	Sport

16.00 Ísland - Þýskaland	Vodafone
17.00 KR - Stjarnan	Stykkishólmur
19.15 Snæfell - Grindavík	Stykkish.



# Fólkið á skilið að fá góðan leik frá okkur

Kolbeinn Sigþórsson mun bera fyrirliðabandið í dag í forföllum Arons Einars Gunnarssonar en hann segir strákana enn eiga eftir að ná fleiri markmiðum.

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson verður með fyrirliðabandið þegar Ísland tekur á móti Lettlandi á Laugardalsvöllinum klukkan 16.00 í dag. Þetta verður í fyrsta sinn sem Kolbeinn leiðir íslenska liðið út á völinn í alvöruleik en Aron Einar hefur farið fyrir sínum mönnum í síðustu sextán leikjum íslenska liðsins í undankeppnum HM og EM.

Íslenska liðið tryggði sér sæti á EM með jafntefli á móti Kasakstan í síðasta leik en er enn í baraáttunni við Tékkland um sigurinn í riðlinum. „Í raun hefur þessi vika ekkert verið öðruvísi. Við reynum að nálgast þessa leiki eins og við höfum gert fyrir hvern einasta leik. Við förum í hvern einasta leik til að vinna hann og reynum að halda einbeitingu eins og fyrir alla aðra leiki,“ sagði Kolbeinn Sigþórsson á blaðamannafundi í gær.

Kolbeinn segir íslensku strákana staðráðna í að halda fótunum á bensíngjöfnum og viðhalda góðu



**Aron er okkar fyrirliði og því miður er hann ekki með í þessum leik. Það er gaman fyrir mig að vera fyrirliði í þessum síðasta leik fyrir framan þjóðina og við ætlum bara að klára þetta almennilega.**

gengi íslenska liðsins í undankeppninni. „Við erum komnir á EM en við viljum ná öðrum markmiðum. Ég held að það viti allir hvaða markmið það eru en það er að ná þriðja styrkleikaflokki,“ sagði

Kolbeinn og er þá að vísa til þess þegar dregið verður í riðla í úrslitakeppninni í Frakklandi.

Íslenski framherjinn sér þennan leik einnig sem upphafið að undirbúningi liðsins fyrir Evrópumótið sem hefst eftir aðeins átta mánuði. „Við þurfum líka að undirbúa okkur fyrir Evrópukeppnina og reyna að bæta okkur sem lið. Við þurfum að halda einbeitingunni og nýta hvern einasta leik til að bæta okkar leik,“ sagði Kolbeinn.

Hann hefur ekki þurft að breyta miklu hjá sér þótt hann sé orðinn fyrirliði. „Hvort ég sé fyrirliðinn eða Aron skiptir ekki máli. Aron er okkar fyrirliði og því miður er hann ekki með í þessum leik. Það er gaman fyrir mig að vera fyrirliði í þessum síðasta leik fyrir framan þjóðina og við ætlum bara að klára þetta almennilega. Stuðningsmennirnir eiga góðan leik skilinn núna og við viljum enda þetta vel hérna heima,“ sagði Kolbeinn að lokum. – óó



Kolbeinn Sigþórsson hefur borið fyrirliðabandið áður en í dag leiðir hann íslenska landsliðið út á völinn í fyrsta sinn í mótsleik.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Selfyssingurinn Hrafnhildur Hanna Prastardóttir er komin í stórt hlutverk í íslenska landsliðinu. Fréttablaðið/Ernir

## Þurfum að laga sóknina

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar í íslenska handboltalandsliðinu mæta Þýskalandi í öðrum leik liðsins í undankeppni EM 2017, en sá fyrsti tapaðist gegn firnasterku liði Frakklands á fimmtudagskvöldið. Þjóðverjar eru með sterkt lið sem er vant því að vera á stórmótum.

Íslenska liðið átti fá svör við frammistöðu franska liðsins en stelpurnar og Ágúst Jóhannsson voru ekki sátt við sína eigin frammistöðu.

„Við þurfum að laga sóknarleikinn, númer eitt, tvö og þrjú. Við náðum ekki miklu flæði á boltann, létum brjóta á okkur of mikið og spiludum illa út úr taktik,“ segir Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Íslands, en Fréttablaðið heyrði í honum skömmu eftir að landsliðið lenti í Keflavík í gær.

„Við erum bara í vandræðum með að skora mörk utan af velli. Við erum ekki að skora yfir 20 mörk og þá er erfitt að vinna landsleiki í handbolta. Við reynum að finna lausnir á þessu á myndbandsfundum og kvöld og um helgina.“

Frakkland skoraði 27 mörk á móti Íslandi þrátt fyrir að varnarleikurinn væri á köflum góður. Markvarslan var ekki góð hjá íslenska liðinu enda var aðalmarkvörðurinn, Florentina Stanciu, veikur.

„Í heildina var varnarleikurinn finnst, en við verðum að fá meiri markvörslu. Flora er búin að vera veik og var í vandræðum með að vera tilbúin í leikinn og munar nú um minna. Varnarleikurinn var eitthvað til að byggja á, en það er sóknarleikurinn sem við þurfum að laga,“ segir Ágúst.

Þýska liðið komst í milliriðla á EM í fyrra en vann ekki marga leiki. Það sýndi þó styrk sinn þegar það gerði jafntefli við Frakkland.

„Þetta er bara hörkulið. Þýsku stelpurnar eru mjög hávaxnar og líkamlega sterkar. Þær eru kannski ekki jafn hraðar og þær frönsku og ekki jafn góðar maður á mann en það verður erfitt að mæta þeim. Við þurfum að spila fast á móti þeim,“ segir Ágúst sem vonast til að heima-völlurinn geti hjálpað til.

„Þýska liðið er í mikilli rútinu og er alltaf á stórmótunum. Þetta verður einfaldlega gríðarlega erfitt verkefni en við erum á heimavelli. Við þurfum að byggja sterkan heimavöll og til þess þurfum við að fá fólk á völinn. Það eru allir leikmennirnir meðvitaðir um að við verðum að spila betur og ég hef trú á því enda voru stelpurnar óánægðar með eigin frammistöðu gegn Frakklandi. Við þurfum að eiga algjöran klassaleik til að ná góðum úrslitum á móti Þýskalandi,“ segir Ágúst.

Ágúst stýrir Víkingi í Olís-deild karla og þjálfar kvennalandsliðið samhliða því. Hann segir þetta fara vel saman og hann einbeitt sér alfarið að kvennalandsliðinu núna. Þetta sé ekkert ljúandi.

„Alls ekki. Ég er með frábæran aðstoðarþjálfara í Gunnari Gunnarssyni hjá Víkingi sem sér alfarið um liðið. Ég er ekkert að pæla í Víkingi akkúrat núna. Ég er með fullan fókus á stelpunum og Gunnar sér um Víkingisliðið á meðan,“ segir Ágúst Þór Jóhannsson. – tom

## Ljósleiðaravæðing Fjarðabyggðar

Sveitarstjórn Fjarðabyggðar hefur samþykkt að kanna áhuga aðila á fjarskiptamarkaði á að taka að sér lagningu og/eða rekstur ljósleiðaranets í Fjarðabyggð á komandi þremur árum.

**Aðilar sem áhuga kunna að hafa á verkefninu hafi eftirfarandi markmið:**

- Kerfið sé svokallað FTTH kerfi þar sem notandinn er tengdur á ljósleiðara við eina af dreifistöðvum kerfisins.
- Gert skal ráð fyrir tengingum inn á öll heimili auk tengimöguleika fyrir fyrirtæki, stofnanir og sumarhús.
- Þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn heildsölugjaldi.
- Kerfið verði byggt upp frá upphafi með heildarlausn til framtíðar að leiðarljósi.
- Lagning kerfisins verði unnin í einum áfanga.

Verklök áætluð fyrir lok 2018.

**Skorað er á aðila sem hafa áhuga á fjárfestingu í verkefninu og/eða samstarfi við sveitarstjórn Fjarðabyggðar á framangreindum forsendum, að tilkynna um það til Bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar að Hafnargötu 2, 730 Reyðarfirði, í síðasta lagi þann 30. október 2015.**

Jafnframt er skorað á aðila sem innan þriggja ára hyggjast, á eigin forsendum, ráðast í lagningu og/eða rekstur ljósleiðaranets í sveitarfélaginu, að tilkynna um það til skrifstofu sveitarstjórnar innan sömu tímamarka og leggja fyrir sveitarstjórn skriflega áætlun um slíkt verkefni.

Ennfremur er skorað á aðila sem innan þriggja ára hyggjast ráðast í jarðvinnuframkvæmdir í sveitarfélaginu, sem haft gætu samlegðaráhrif með lagningu ljósleiðara á vegum sveitarfélagsins, að tilkynna um það til skrifstofu sveitarstjórnar innan sömu tímamarka.

Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Fjarðabyggð né þá sem sýna verkefninu áhuga.







Hér má sjá bangsalækni líta á bangsa sem kom á spítalann þegar hann var haldinn í fyrra. Fréttablaðið/Ernir

# Allir bangsar fá bót meina sinna

Bangsaspítalinn verður á Barnaspítala Hringins um helgina. Tilgangurinn að kynna börn fyrir heilbrigðisstarfsfólki og spítölum auk þess sem læknanemar fá þjálfun í samskiptum við börn. Í fyrra komu yfir 1000 bangsar á spítalann.

Í tilefni alþjóðlega bangsaldagsins verður bangsaspítali á Barnaspítala Hringins um helgina þar sem öllum börnum ásamt foreldrum eða forráðamönnum er boðið að koma með slasaða eða veika bangsa í heimsókn á spítalann. „Tilgangur verkefnisins er tví-

þættur. Til að fyrirbyggja hræðslu hjá börnum við lækna, heilbrigðisstarfsfólk og spítalaumhverfið og hins vegar að gefa læknanemum á yngri árum tækifæri til að æfa samskipti við börn,“ segir Íris Kristinsdóttir, formaður Lýðheilsufélags læknanema sem stendur fyrir viðburðinum.

„Það voru um 1.000 bangsar læknaðir í fyrra og 700 árið áður þannig að þetta hefur verið að aukast. Við búumst við svipuðum fjölda í ár,“ segir Íris. Það er ýmislegt sem amar að þeim böngsum og dúkkum sem koma í fylgd eigenda sinna á bangsaspítalann. „Margir koma með magapínu, sumir eru

handleggsbrotnir eftir að hafa dottið af trampólíni eða fram úr rúminu,“ segir Íris.

Gott er ef foreldrar eða forráðamenn geta verið búnir að ræða við börnin fyrirfram um hvað það sé sem ami að böngsunum. Hvort hann sé veikur með til dæmis hálsbólgu, magapest eða brotinn fót.

Þegar á spítalann er komið fær barnið að innrita bangsann og að því loknu kemur bangsalækni og vísar barninu inn á læknastofu þar sem lækniinn skoðar bangsann og veitir honum þá aðhlyningu sem hann þarf á að halda. „Á bangsaspítalanum eru allir bangsar læknaðir,“ segir Íris. [viktoria@frettabladid.is](mailto:viktoria@frettabladid.is)

## Um helgina, af hverju ekki að...

### LESTU

Svo þú villist ekki í hverfinu hérna eftir Nóbelsverðlaunahafann Patrick Modiano.



### Paul Winkel fangelsismálastjóri SMÁHESTUR OG VINNA

Ég er kominn í hestamennsku. Hef reyndar bara aðgengi að einum smáhesti en hann er af miklum gæðum. Hann verður viðraður. Þá er það einhver vinna. Þarf að reyna að finna út úr því hvernig bæta eigi nýtingu fangarýma fyrir minni pening.

### FARÐU

í ratleik í Þjóðminjasafninu með börnunum.



### Valur Grettisson blaðamaður PABBAKVÖLD OG PINTER

Ég er að fara í leikhús að sjá meistara- verk Haralds Pinter, Heimkomuna, um helgina. Þar leikstýrir Atli Rafn Sigurðsson og ég býst ekki við neinu minna en meistara- verki. Svo er stefnan sett á pabbakvöld á laugardaginn, því mamma þarf jú að djamma.

### HLUSTAÐU

á Todmobile- plötuna sem á 25 ára afmæli um þessar mundir.



### Margrét Erla Maack sjónvarpskona HRISTIR GÆSIR

Hrista gæsir, bæði í Bollywood og Beyoncé, og gott ef ég er ekki að taka eitt Tinu Turner-gigg líka. Steindór vinur minn heldur svo upp á afmælið sitt um kvöldið. Sunnudagurinn verður mók til að hlaða batteriinn.



### HORFÐU

á stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum í Bíói Paradís um helgina.



Nú fáanlegur **sjálfskiptur** með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni frá aðeins **3.390.000 kr.**



## NÝR FORD FOCUS

Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins í heiminum 3 ár í röð. Einnig fáanlegur station frá 3.350.000 kr.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus – mest selda bíl heims. Komdu og prófaðu.**

## FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.190.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.390.000** KR.



20 ára afmæli  
Ford hjá Brimborg



**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík    Brimborg Akureyri  
Bíldshöfða 6            Tryggvabraut 5  
Sími 515 7000            Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

[ford.is](http://ford.is)

Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 108/125 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



# Hipp, hipp, **húrra!**

## **Smáralind** er 14 ára

Í tilefni afmælisins bjóðum við til veislu í dag. Veitingastaðir bjóða gestum matarsmakk, Sirkus Íslands verður á svæðinu og Villi og Gói stíga á stökk.

## **Viðburðir** í dag

**Kl. 14.00–16.00**

**Matarsmakk** frá veitingastöðum Smáralindar á 1. hæð. Gestir fá smakk af ýmsum girnilegum réttum.

**Kl. 14.00–16.00**

**Sirkus Íslands** býður upp á andlitsmálningu og blöðrulistamenn gefa börnum blöðrudýr. Skemmtilegir trúðar munu skemmta gestum.

**Kl. 16.00**

**Villi og Gói** mæta hressir og skemmta krökkunum á sviðinu við lyfturnar á 1. hæð.

**Komdu og fagnaðu**  
afmælinu með okkur!





# Smáralind á afmæli



Viktoría  
Hermannsdóttir  
viktoría@frettabladid.is



Andlega ofbeldið var verst, það líkamlega grerir yfirleitt fljótt en hitt sat eftir og tók miklu lengri tíma að jafna sig á," segir Antoine Hrannar Fons sem var beittur grófu andlegu og líkamlegu ofbeldi af fyrrverandi sambýlismanni sínum. Ofbeldið átti sér ýmsar hliðar og var misgróft. „Ég hélt að þetta væri eitthvað sem myndi aldrei koma fyrir mig," segir hann.

Antoine var á síðasta ári í BAnámi í leiklistarskóla í London þegar hann kynntist fyrrverandi sambýlismanni sínum. Það var árið 2008 og þeir kynntust á samskiptasíðunni Myspace sem var vinsæl á þeim tíma. Antoine segist hafa kolfallið strax fyrir manninum. „Við byrjuðum að tala saman og klikkuðum bara strax. Þarna var bara prinsinn á hvíta hestinum mættur. Allt sem hann sagði passaði svo vel við mig, hann einhvern veginn speglaði mig."

Þeir hittust svo þegar Antoine kom til Íslands aftur. „Við duttum eiginlega bara beint í samband. Þetta var fyrsta sambandið mitt með strák og ég vissi í raun ekkert hvað væri eðlilegt í þessu og hvað ekki." Þegar hann hugsar til baka segist hann sjá mörg viðvörðunarkerki strax í upphafi sambandsins en hann var blindaður af ást og sá þau ekki á þeim tíma.

#### Var varaður við

„Fyrstu sex mánuðina var hann þessi draumaprins og það var allt frábært. Hann byrjaði samt strax að segja mér frá hinum og þessum fyrrverandi vinum og kunningjum sínum sem voru geðveikir og ég ætti að passa mig á. Eftir á sé ég auðvitað að hann var að undirbúa það ef einhver myndi reyna að vara mig við honum."

Hann hafði rétt fyrir sér. „Fólk var að koma upp að mér og biðja mig að passa mig á honum, ráðleggja mér að fara. Þá var ég kominn með þann stimpil að þau væru geðveik því hann hafði sagt mér það. Og síðan gerðist það nákvæmlega sama eftir að við hættum saman, hann fór að segja við fólk að ég væri geðveikur. En á þessum tíma sá ég ekkert nema hann."

Ástin var mikil milli þeirra. „Hann byrjaði strax að nota orðin „þú ert minn", „ég á þig", og ýmislegt í þessum dúr. Hann var alltaf að segja að ég væri svo fallegur, ég væri stjarnan í lífi hans og við ætluðum að verða gamlir saman. Ég gleypiti við þessu öllu, en svo eins og með auglýsingar þá var þetta of gott til að vera satt."

#### Sleppti eigin útskrift

Eftir um hálfis árs samband fór hegðun kærastans að breytast. „Ég var á leið til London í eigin útskrift og hann var kominn sjálfur út þangað sem hann var í námi. Þá gaf hann mér þá kosti að ef ég kæmi ekki núna þá væri engin framtíð í þessu. Það munaði fjórum dögum. Ég beiðaði á útskriftinni, mamma og systir mín voru á leiðinni í útskriftina. En ég sleppti henni og fór til hans. Ég vildi ekki missa hann og hélt að þetta væri bara eðlilegt í sambandi," segir hann og hristir höfuðið yfir sjálfum sér.

Antoine flutti til kærastans í New York. „Hann var í skólanum frá 9-5 á daginn. Ég mátti ekki fá bílinn hans þannig að ég bara beið heima eftir honum á daginn."

Á þessum tíma var sambandið farið að breytast og hann segir kærastann hafa verið byrjaðan að beita hann miklu andlegu ofbeldi. Það hafi hins vegar gerst mjög lúmskt og hann áttaði sig ekki á því sjálfur fyrr en síðar. Þarna var hann upp á kærastann kominn, var í hans íbúð, fékk ekki lykla að íbúðinni og var háður honum að mörgu leyti. „Með svona fólk þá einhvern veginn



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Andlega ofbeldið verra en það líkamlega

**Antoine Hrannar Fons** var beittur andlegu og líkamlegu ofbeldi af fyrrverandi kærasta. Hann kærði manninn nokkrum sinnum en segir lögreglu hafa tekið léttvægt á málum og að ofbeldið verið frekar stimplað sem slagsmál milli tveggja stráka en sem heimilisofbeldi.

sogast maður inn, hann vissi alveg hvað hann var að gera. Undirbjó þetta vel. Ég hef alltaf verið sterkur og hefði aldrei getað imyndað mér að ég myndi enda í svona sambandi eða láta koma svona illa fram við mig. Þegar maður er á þessum stað þá sér maður það ekki."

#### Reif vegabréfið

Hann segir ofbeldið hafa hafist fyrir alvöru þarna úti. „Við vorum

kannski á einhverjum skemmtistöðum og hann var allt í einu með einhverjum strák. Og ég gat ekkert gert, gat ekkert farið. Hann sagði alltaf „ef þú ert með einhverja stæla þá geturðu bara farið", en það var mjög erfitt fyrir mig því ég var fastur þarna."

Í eitt skiptið voru þeir staddir á Manhattan, en þeir bjuggu á Long Island, og gistu því á hóteli þar sem Antoine var á leið til Íslands daginn

eftir. „Ég kom að honum með einhverjum strák á skemmtistað, ég ákvað að fara en hann hljóp á eftir mér. Á þessum tíma þurfti maður alltaf að vera með vegabréf á sér til þess að komast inn á staði. Hann kom á eftir mér, hrifsaði vegabréfið úr rassvasanum á mér og reif það í tætlur. Sagði svo „gangi þér vel" og fór aftur inn á staðinn."

Antoine fór þá upp á hótélherbergið sem þeir höfðu leigt sér.

„Hann kom þangað mjög fullur, sparkaði í magann á mér og hausinn á mér dúndraðist utan í baðker. Ég beið eftir að hann myndi deyja brennivínsdauda og labba út. Ég færði bílinn hans því ég vissi að hann myndi koma á eftir mér og ég færði bílinn í næstu götu. Þá kom saga um að ég hefði rænt bílnum hans en ég færði hann bara því ég vissi að annars myndi hann elta mig daginn eftir."



GILDIR Í ÖLLUM  
VERSLUNUM  
TIL MÁNUDAGS

20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM UNDER ARMOUR VÖRUM  
Á KRINGLUKASTI



UNDER ARMOUR®

Gildir í öllum verslunum til sunnudags

SÉRFRÆÐINGAR AÐSTOÐA  
VIÐ VAL Á RÉTTU VÖRUNUM  
Á LAUGARDAGINN MILLI 15 OG 18

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is



### Sagði aldrei fyrirgefðu

Hann kom sér upp á flugvöll þar sem hann lét hringja í íslenska sendiráðið í Washington. „Ég laug því að vegabréfinu hefði verið rænt af mér á djamminu, ég laug því meira segja að mömmu minni. Ég vissi að ef ég myndi segja sannleikann þá yrði erfiðara að fara aftur til hans.“

Honum var reddað aftur til Íslands. „Hann náði fljótt að tala mig aftur á sitt band. Það var heldur ekki erfitt. Ég hélt að þetta væri bara eðlilegt. Hann sagði líka alltaf að svona værum við bara, við erum bara mínus og mínus og það gerði plús.“

Kærastinn flutti svo heim til Íslands og þeir byrjuðu að búa saman. Ofbeldið jókst mikið og var orðið nokkuð reglulegt, bæði andlegt og líkamlegt. Eftir verstu tilvikin var ástin allsráðandi. „Hann sagði aldrei fyrirgefðu heldur náði einhvern veginn alltaf að kenna mér um þetta líka og ég tók það alltaf til mín. Ef brotin voru mjög alvarleg þá sagði hann ekki fyrirgefðu heldur að við þyrftum að bæta okkur báðir. Hann fór að planta því í hausinn á mér að þegar hann gerði eitthvað við mig og ég brást fánlega við að hans mati, með því til dæmis að reiðast við að fá högg í andlitið, þá væri ég bara að bregðast við á fánlegan hátt. Þetta voru bara eðlileg viðbrögð hjá mér. Síðan ef ég ætlaði að ræða við hann eftir á um ofbeldið þá var bara „hey, ekki vera svona leiðinlegur, þurfum við alltaf að vera að ræða fortíðina?““

### Alvarleg líkamsárás

Þeir fluttu svo aftur til Bandaríkjanna. „Þar gerðist það alvarlegasta,“ segir hann. „Við vorum í partii hjá Íslendingum sem hann þekkir. Ég sá að hann var farinn að verða eitthvað skrýttinn og fór heim á undan honum. Hann elti mig heim í leigubíl. Þegar hann kom inn var ég að borða sneið af pitsu sem hann hafði pantað daginn áður. Hann brjáláðist og sló mig í andlitið. Svo byrjaði bara mjög groft ofbeldi. Hann hljóp með andlitið á mér á vegg, á svona steyptan vegg, ég rotaðist og fólkið niðri heyrði einhvern hamagang, kom upp, en hann sagði að þetta væri sjónvarpið. Meðan ég lá þarna alveg að vankast út af var hann að rífa öll fötin mín úr tóskunni minni. Brjóta tölvuna, iPadinn og símann. Þetta gerði hann eiginlega í hvert einasta skipti því hann vildi ekki að ég hefði færi á að komast í burtu. Gæti flúið eða gæti hringt eða haft samband.“

Nágrannana grunaði samt að ekki væri allt með felldu og þeir hringdu í lögregluna. „Þau greinilega sáu mig liggja á gólfinu og löggang kom. Hann var handjárnmaður og það var farið með mig á hótél í Boston sem lögreglan í Boston borgaði. Þeir sögðu svo að ég þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur, það yrði bill fyrir utan alla nóttina, þeir myndu svo skutla mér upp á völlum morguninn eftir og hann væri kominn í nálgunarbann. Daginn eftir var mér skutlað upp á flugvöll, ég fór heim og hann var í einhverja daga þarna, svo var sagt við hann að hann mætti ekki fara úr landi því það yrðu réttarhöld.“

### Fór aftur til hans

Antoine kærði hann fyrir ofbeldi, eignaspjöll og morðhótanir en kærastinn hafði aftur samband. „Hann náði mér aftur og það var heldur ekki erfitt fyrir hann,“ segir Antoine og lýsir því hversu helsjúkur hann hafi verið orðinn þarna. Orðinn hluti af ástandi sem hann vissi innst inni að væri ekki eðlilegt en taldi sér trú um að svo væri. Það yrði allt gott aftur. „Hann varð aftur draumaprinsinn sem hann var fyrstu mánuðina. Stóra ástin mín, og ég var algjörlega blindaður af ást. Auðvitað hékk eitthvað á spýttunni því svo kom að því að hann bað mig að draga kærurnar til baka. Sagði við mig að ef við ættu einhvern tímang að eiga okkur einhverja von þá yrði ég að hætta við að kæra. Hann bað mig líka að hringja í vitnin á neðri hæðinni og biðja þau að hætta við kærurnar. Ég gerði það

en þau sögðu bara glætan, þau hefðu séð aðkomuna og hvað hefði verið í gangi. Ég hringdi líka í lögfræðinginn og sagði nákvæmlega það sama, að ég ætlaði bara alveg að draga mig út úr þessu. Þau sögðu að ég gæti gert það en það skipti ekki máli, þetta væri það alvarleg líkamsárás og morðtilraun að fylkið ætlaði að kæra. Þetta endaði á því að hann fékk fangelsisdóm og fær ekki að fara til Bandaríkjanna aftur.“

### Leitaði oft læknaaðstoðar

Læknaskýrslur sem Fréttablaðið hefur undir höndum sýna að Antoine leitaði oft á bráðamóttöku með alls kyns áverka; mar, skurði og brot. Þrátt fyrir það fór hann alltaf aftur til mannsins. Þeir voru sundur og saman næstu mánuðina. „Ég fór til vana minna eftir að hann hafði barið mig og sagði við þá að ég færi aldrei aftur til hans. En fór alltaf aftur. Svo kemst maður á þann stað að maður hættir að segja frá, því maður veit að þá verður alltaf erfiðara að fara til baka. Það hætta líka allir að trúá manni,“ segir hann.

Kærastinn réðst oft á hann. „Í eitt skiptið réðst hann á mig heima hjá okkur. Þá fékk ég þennan skurð,“ segir hann og bendir á skurð milli augnanna. „Þarna vorum við hættir að djamma saman því ég var farinn að hræðast hann þó mikið og hvað myndi gerast. Hann hélt itrekað fram hjá mér. Hann kom heim eftir djammid, vildi fá kynlíf og ég sagði nei, að ég væri ekki í studu. Ég vaknaði svo við hnefahögg, hann braut símann minn og tölvuna. Ég lá þarna í blóði mínu og þá var eins og hann sæi að sér. Hann spurði hvort við ættum ekki að fara upp á slyso, við segðum bara einhverja sameiginlega sögu. Ég sagði jú, ég ætlaði bara að klæða mig í skó. En þá kom eitthvað yfir mig og ég þaut út. Ég sá ekki neitt því það lak bara blóð í augun á mér. Ég stoppaði eitthvert þar og þau leyfðu mér að hringja á lögregluna, sem kom.“

Viðbrögð lögreglunnar voru þó allt önnur en hann hafði búist við. „Þau skutluðu mér aftur heim til hans meðan tekin var skýrsla af honum. Á meðan var ég bara látinn bíða og átti vinsamlegast bara að bíða eftir að skýrslan væri tekin af honum. Það var eins og það væri bara litid á þetta sem slagsmál milli tveggja stráka. Þau voru ekkert að fatta að þetta væri heimilisofbeldi og lögreglan hefur aldrei fattað það. Ég sagði þeim skýrt að kærastinn minn hefði ráðist á mig og ekki í fyrsta skipti. En það var eins og af því að við vorum tveir strákar þá væru þetta bara einhver slagsmál,“ segir hann.

Eftir skýrslutökuna var honum skutlað upp á bráðamóttöku. „Þar brast eiginlega hjúkrunarkonan sem tók á móti mér í grát af því hún hafði tekið svo oft á móti mér. Hún sagði að nú yrði ég að fara að taka mig á og fara frá honum.“

### Beið tímanna eftir barsmiðarnar

Það kann að virka einkennilegt að Antoine hafi alltaf farið aftur til kærastans eftir að hann hafði brotið svona á honum. Hann segir ótrúlega erfitt að útskýra af hverju hann hafi gert það og þegar hann líti til baka þá skilji hann það ekki. „Ég var eiginlega farinn að verða háður þeim tímabilum þar sem var nýbúið að berja mig eða halda fram hjá mér. Þá vissi ég að hann yrði svo ótrúlega góður næstu daga. Hefði það ekki verið þannig þá hefði ég örugglega verið farinn en þetta verður eins og eiturlyf. Þú kemst bara vissst langt í burtu þangað til þú ferð að ljúga að sjálfum þér að þetta sé allt í lagi, hann lýgur að þér að þetta verði allt í lagi og þetta hafi ekki verið svona slæmt.“

Undir lok sambandsins var hver einasti dagur orðinn rafmagnaður og Antoine vissi aldrei hvað var í vændum. Hann hafði fjarlægst fjölskyldu og vini. „Ég vissi aldrei hvað hann myndi gera. Í eitt skiptið kom ég heim til okkar eftir að hafa reynt að hringja í hann. Hann skellti alltaf á mig. Hann vissi að ég var að koma



Antoine segist aldrei hafa geta grunað að hann myndi lenda í ofbeldissambandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**ÞAR BRAST EIGINLEGA  
HJÚKRUNARKONAN SEM  
TÓK Á MÓTI MÉR Í GRÁT  
AF ÞVÍ HÚN HAFÐI TEKID  
SVO OFT Á MÓTI MÉR. HÚN  
SAGÐI AÐ NÚ YRÐI ÉG AÐ  
FARA AÐ TAKA MIG Á OG  
FARA FRÁ HONUM.**

heim og var þá með strák í rúminu okkar. Hann sagði svo við mig að þetta hefði verið nauðgun. Ég trúði honum og fór með honum upp í sumarbústað daginn eftir.“

Hann segist svo sannarlega ekki

hafa verið týpan sem hann hefði séð fyrir sér að myndi lenda í þessum aðstæðum. „Þegar ég var ungur þá ætlaði ég aldrei að verða þessi týpa og leit niður á fólk sem var í svona aðstæðum. Af hverju ekki að drulla sér í burtu? Þetta myndi aldrei koma fyrir mig. Ég ætlaði aldrei að verða sami aumingi og þessar konur sem láta berja sig og geta ekki einu sinni farið í burtu. En þetta er svo fánlega allt annað dæmi þegar maður lendir í þessu sjálfur. Það er ekki fyrr en núna, mörgum árum seinna, sem ég sé hvað þetta er ótrúlega brenglað.“

### Kærur felldar niður

Fljótlega eftir atvikið þar sem Antoine flúði heimili þeirra á sokka-leistunum hættu þeir saman. Á þeim tíma sem þeir voru saman segist hann hafa kært kærastann fimm sinnum til lögreglu en kærurnar hafi alltaf verið felldar niður vegna ónægra sannana. „Þessu var ekki tekið alvarlega og maður fékk skrýtið viðmót uppi á lögreglustöð. Í eitt skiptið kom ég að kæra og þá fannst ekki síðasta kæra í kerfinu. Þá fór

lögglumaðurinn að leita á borðinu hjá sér og fann hana þar í einhverjum bunka, þar sem hún hafði verið í nokkra mánuði,“ segir hann.

Verst þykir honum að kærurnar hafi verið felldar niður því hann segist vita af fleiri sem hafi lent í manningum eftir að þeir hættu saman. Til hans hafa leitað strákar sem höfðu byrjað með kærastanum á eftir honum og lent í því sama. „Þá hafði þetta snúist við. Nú var ég sá sem hann var að vara fólk við og þeir héldu að ég væri gæðveikur. Það hafa margir lent í honum. Einn af mínum bestu vinum í dag er fyrrverandi kærasti hans sem lenti í því að þurfa að flýja hann líka. En verst finnst mér að hann fer alltaf neðar og neðar og leitar sér að yngri strákum sem þekja kannski ekki til hans eða hafa heyrt sögur af honum.“

### Vill opna á umræðuna

Lengi á eftir var Antoine mjög reiður út í manninn og segir hann hafa itrekað mætt á staði þar sem Antoine var eins og til að ógna honum. „Ég var að vinna á líkamsræktarstöð og hann á annarri stöð. Samt var hann alltaf að mæta í vinnuna til mín þegar ég var að þjálfa fólk og var í tækjunum í kring. Svona eins og til að ögra mér.“



Hann segir reiðina svo hafa breyst í að hann varð reiður sjálfum sér. „Fyrir að hafa eytt tíma mínum í þennan mann. Þess vegna finnst mér svo ofboðslega viðbjóðslegt að horfa upp á þessa litlu stráka sem hann er með. Ég var allavega orðinn 24 ára þegar ég kynntist honum. Mér finnst þetta eins og að horfa upp á nauðgun og ég megi ekkert gera.“

Hann segir þjóðfélagið líka ekki vilja meðtaka að heimilisofbeldi geti verið á þennan veg. „Það er svo mikill munur á hvernig var tekið á ofbeldinu úti og svo herna heima. Þarna var því tekið alvarlega og ég fékk alla þá aðstoð sem ég þyrfti. Hérna þorði ég varla að fara upp á lögreglustöð og segja að þetta væri kærastinn minn. Ef ég sagði heimilisofbeldi þá var sagt: Ha, var það pabbi þinn, bróðir þinn, mamma þín? En ekki kærasti. Bara eins og þetta væri ekki til.“

Svona síkópatar sem ég tel hann vera eru með svo góðan front og geta stjórnað fólk. Þess vegna kemst hann upp með þetta. Eftir að við hættum saman hefur hann svo sagt sögur af því hvað ég sé gæðveikur til að tryggja að fólk trúir mér ekki. Alveg eins og ég heyrði aðrar sögur af þessum og hinum.“

Antoine hefur nú ekki heyrt í kærastanum fyrrverandi í ár. Hann er nýfluttur úr landi en vill segja sögu sína til þess að opna á umræðuna um að slíkt ofbeldi sé til og það vanti betri úrræði. „Ef það verður farið að viðurkenna þetta þá verður líka auðveldara fyrir stráka sem lenda í þessu að átta sig á þessu.“

## Áverkamyndir af Antoine



Hér má sjá myndir sem Antoine tók af sér sjálfur og sýna áverka sem hann segist hafa hlotið eftir nokkrar mismunandi árásir sambýlismannsins fyrrverandi. Hann þurfti oft að leita á bráðamóttöku vegna áverka.



# Áskorun á Alþingi og ríkisstjórn varðandi nýja Landspítalann

Stærk rök benda til að ódýrara, fljótlegra og betra verði að byggja nýjan Landspítala frá grunni á besta mögulega stað, í stað þess að byggja við og endurnýja gamla spítalann við Hringbraut.

**Skorað er á stjórnvöld að láta gera nýtt staðarval með opnum og faglegum hætti.**

Meðal þess sem þarf að skoða og meta er eftirfarandi: Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður „bútasamaðs“ spítala við Hringbraut vs. nýs spítala á betri stað; áhrif hækkandi lóðaverðs í miðbænum;

Aðalbjörg Hlín Brynjólfssdóttir, viðskiptafræðingur  
Anna Kolbrún Árnadóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Arnar Þór Emilsson, flugmaður  
Auðun Svavar Sigurðsson, skurðlæknir  
Auðunn Svavar Sigurðsson, læknir  
Auður Hermannsdóttir, nemi  
Auður Svanhvít Sigurðardóttir, umhverfisskipulag og ráðgjöf  
Ársæll Jónsson, læknir  
Ása St. Atladóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri  
Áslaug Ragnars, fv. blaðamaður  
Ásrún Kristjánssdóttir, B.Sc.  
svæfingahjúkrunarfræðingur, M.Ed., M.B.A  
Ástriður Sigurrós Jónsdóttir viðskiptafræðingur  
Berglind Aðalsteinsdóttir, læknir  
Birgir Grímsson, iðnhönnuður og frumkvöðull  
Björn Geir Leifsson, læknir  
Björn Sighvatsson, framleiðsluverkfræðingur  
Brodði B. Bjarnason Pípulagnameistari  
Bryndís Jónsdóttir, lyfjafræðingur  
Dr. Arnar Bjarnason, hagfræðingur  
Dr. Elín Hanna Laxdal, læknir, sérfræðingur í almennum og æðaskurðlækningum  
Dr. Stefán E Matthíasson læknir  
Dr. Vilhjálmur Ari Arason, heimilislæknir, starfar á Slys- og bráðamóttöku LSH  
Ebba Margrét Magnúsdóttir, kvensjúkdóma og fæðingarlæknir  
Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, viðskiptafræðingur  
Elísabet Guðjohnsen, fv. framkvæmdastjóri hjá Raunvísindastofnun HÍ  
Elísabet Kjerúlf, tannfræðingur  
Eymundur Sveinn Leifsson, verkfræðingur, ráðgjafi við byggingar sjúkrahúsa í Noregi  
Frosti Sigurjónsson, alþingismaður  
Garðar Sigursteinsson, geðlæknir  
Gerður Aagot Árnadóttir, heimilislæknir  
Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur  
Grímur Brandsson, skrifvélavirki og elliífeyrisþegi  
Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur  
Guðl. Gauti Jónsson, arkitekt  
Guðmundur Birkir Þorkelsson, fv. skólameistari  
Guðmundur Gunnarsson, verslunarmaður  
Guðmundur Karl Snæbjörnsson, læknir  
Guðni Pálsson, arkitekt  
Guðríður Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur  
Guðrún Andrésdóttir, bankafulltrúi  
Guðrún Barbara Tryggvadóttir, söluráðgjafi  
Guðrún Bryndís Karlsdóttir, verkfræðingur og sjúkraliði  
Guðrún Hannesardóttir, tölvunarfræðingur  
Gunnlaugur M. Sigmundsson, fv. alþingismaður  
Hanna Sigríður Jósafatsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri  
Hannes Freyr Guðmundsson, kennari  
Hans Orri Straumland, hópstjóri net- og símkerfi LSH  
Haraldur Eiríkur Ingimarsson, eldri borgari hvers faðir byggði flestar byggingarnar á Landspítalalóðinni  
Harpa Dröfn Georgsdóttir, sjúkraþjálfari  
Helgi Jóhann Hauksson, stjórn málafræðingur

umferðarpungi og kostnaður við nauðsynleg umferðarmannvirki; heildar byggingartími; ferðatími og ferðakostnaður notenda spítalans eftir staðsetningum; hversu aðgengilegir bráðaflutningar eru með sjúkrabílum og þyrlum; hversu góð staðsetningin er miðað við byggðapróun til langs tíma litið; áhrif betra umhverfis og húsnæðis á sjúklinga og starfsfólk; minnkandi vægi nærveru spítalans við háskóla-svæðið eftir tilkomu Internetsins; mikilvægi þess að geta auðveldlega stækkað spítalann í framtíðinni því notendum spítalans mun stórfjölga næstu áratugi.

Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri  
Héðinn Eyjólfsson, viðskiptafræðingur  
Hilmar Þór Björnsson, arkitekt  
Hlédís Guðmundsdóttir, læknir  
Hrafnhildur Scheving, formaður Slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík  
Hulda Hákon, myndlistarkona  
Hulda Hákonardóttir, markaðsstjóri  
Inga S. Guðbjartsdóttir, hjúkrunarfræðingur  
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, félagsráðgjafi MSW og fjölskylduþerapisti  
Ingibjörg Rebekka Guðjónsdóttir, geislafræðingur  
Ingólfur Arnarson, viðskiptafræðingur  
Jón Auðun Auðunarson fulltrúi  
Jón Guðmundsson, arkitekt  
Jóna Bryndís Gísladóttir, nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands  
Jónína Sigurgeirsdóttir MS, sérfræðingur í endurhæfingarhjúkrun  
Kjartan Magnússon, sérfræðilæknir, hefur unnið á flestum deildum LSH síðastliðin 30 ár  
Kristinn Steingrímsson, verkfræðingur M.Sc.  
Kristín Björnsdóttir, þjónustufulltrúi og amma  
Kristín Edda Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur  
Kristín Sigurðardóttir, læknir  
Kristján Gunnarsson, viðskiptafræðingur, Landsvirkjun  
Lárus Jón Guðmundsson, sjúkraþjálfari og framkvæmdastjóri  
Leifur Þorsteinsson, líffræðingur  
Lúther Ólason, byggingarfræðingur BFÍ  
Magni J Jóhannsson, vélstjóri  
Magnús Skúlason, arkitekt  
Matthildur Sigurðardóttir kvensjúkdóma- og fæðingarlæknir LSH  
Óli Hallgrímsson, kjötiðnaðarmaður  
Páll Torfi Önnundarson, prófessor og yfirlæknir á LSH  
Pétur Júlíus Halldórsson, vörustjóri hjá Stillingu  
Rut Ríkey Tryggvadóttir, textíl listakona og klæðskeri  
Sigríður Ásgeirsdóttir, húsmóðir  
Sigríður Sólveig Friðgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur  
Sigrún Helga Jóhannsdóttir, lögmaður  
Sigrún Hjartardóttir, læknir  
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson, ritstjóri emeritus  
Sigurður Oddsson, verkfræðingur  
Sigurður Sigurðsson, öryggisvörður  
Sigurgeir Kjartansson, læknir  
Skúli Gunnar Sigfússon, viðskiptafræðingur  
Sólveig Jóna Adamsdóttir, fjármálastjóri  
Stefán Hilmar Hilmarsson, viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi  
Stefán Snorri Stefansson, hópstjóri CERT-ÍS, netöryggissérfræðingur  
Tryggvi Árnason, vélvirki  
Viðar Hjartarson, læknir  
Ylfa Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari  
Þorkell Jónsson, byggingatæknifræðingur  
Þorsteinn Kristinn Adamsson, vélstjóri  
Þórunn Sveinsdóttir, sjúkraþjálfari  
Þróstur Þorvaldsson, sölustjóri, vélfræðingur og rekstrarfræðingur  
Örn Þór Halldórsson, arkitekt

Betri  
spítali

Birting þessi er kostuð af ofangreindum þátttakendum.

Samtök áhugafólks um Betri spítala á betri stað vilja, eins og meirihluti landsmanna að byggður verði nýr spítali á besta mögulega stað. Með því vinnst margt.

**Það er fjárhagslega hagkvæmt** því selja má núverandi eignir sem losna, þörf fyrir umferðarmannvirki verður minni og árlegur kostnaður lægri. Núvirt hagræði er yfir 100 milljarðar króna.

**Það er fljótlegra** að byggja á opnu aðgengilegu svæði.

**Umferðaralag minnkar** í miðbænum því. Það verða um 9.000 ferðir að og frá sameinuðum spítala á sólarhring þar af 100 ferðir sjúkrabíla og 200 í toppum og því þarf hann að vera staðsettur nær miðju framtíðar byggðarinnar.

**Gæði heilbrigðisþjónustunnar vaxa og batahorfur batna.** Gott húsnæði og fallett umhverfi flýta líka bata sjúklinga og auka starfsánægju og mannaúdurinn vex og dafnar.

**Aðgengi notenda batnar og ferðakostnaður lækkar.** Því styttri og greiðari sem leiðin er á spítalann fyrir sjúkrabílar, þyrlur og almenna umferð, því betra.

**Góðir stækkunarmöguleikar eru gríðarlega verðmætir.** Notendum spítalans mun stórfjölga á næstu áratugum og fyrirséð að spítalinn þarf að stækka.

**Allt að vinna og engu að tapa.** Þó búið sé að eyða 3-4 milljörðum í undirbúning fyrir Hringbraut margborgar sig að nýja spítala frá grunni á besta mögulega stað.

Samtök um Betri spítala á betri stað  
[www.betrispitali.is](http://www.betrispitali.is)  
<https://www.facebook.com/betrilandspitaliabetristad>



# Slangurorðabók Moiarinn, weisla,

**N**otkun slangurs og skilningur á því getur skipt sköpum í daglegum samskiptum. Ef maður notar úrelt slangur getur það gefið viðmælendum þá mynd af manni að maður fylgist ekki nógu vel með. Svo getur líka verið þínlegt að þurfa að spyrja þá sem maður talar við hvað tiltekin orð þýða. Fréttablaðið vill endilega hjálpa lesendum sínum að skilja sem flesta anga samfélagsins og fór blaðamaður á stúfana, ræddi við þá sem eru þekktir fyrir slangurnotkun og fékk útskýringar á ýmsum slanguryrðum.

Eðli slangurs er þó þannig að það þróast hratt og stundum eru ærnar ástæður fyrir því að það er torskiðið; almenningi er ekki ætlað að vita um hvað er verið að tala. Blaðamaður tók þá ákvörðun að vera frekar með meira en minna slangur í orðabókinni, sem þýðir að sumt slangrið er kannski úr sér gengið. Er þetta gert til þess að fanga frekar stærra mengi slangurnotkunar en minna og vonast blaðamaður til þess að þetta gæti verið fræðandi. Listinn er þó langt frá því að vera tæmandi og eflaust eru ekki allir sammála öllum skilgreiningunum; og finnst þeim kannski listinn ekki „on fleek“.

Kjartan Atli  
Kjartansson  
kjartanatli@365.is



## Ferskasta slangrið

### Moi = Ég

Orðið „moi“ er svolítið notað um þessar mundir og ber sérstaklega mikið á því á Twitter. Ýmsar útgáfur af orðinu eru notaðar, t.d. „moiarinn“.

**Dæmi um notkun:**  
„Nenni ekki að vakna, snooze á moi“.

### Weisla = Meistari

Í raun þýðir „weisla“ ekki meistari, en er notað á sama hátt, þegar fólk heilsast. Hægt er að nota „weisla“ sem nafnorð, þegar maður hittir viðmælenda sinn. Hægt er að velja hvort orðið byrjar á „v“ eða „w“. Hið síðara er lítillig visun í Vesturströnd Bandaríkjanna.

**Dæmi um notkun:**  
„Hvað segirðu gott, weisla?“

### Sjomli/Sjomla = Gamli/Gamla

Orðin „sjomli“ og „sjomla“ eru með „kombakk“ (já, við komum öðru slanguryrði að í útskýringunni). Orðin má nota á skemmtilegan máta yfir vini og vandamenn.

Einnig eru til aðrar útgáfur af orðinu eins og „sjomleh“ og „sjomlah“, en þær virðast vera á undanhaldi.

**Dæmi um notkun:** „Hvað er að fréttu, sjomli?“

### Verður lit = Mikið fjör

Þegar talað er um að eitthvað „verði lit“ (borið fram litt, eins og á ensku) þýðir það að mikið fjör verði.

**Dæmi um notkun:** „Laugardalshöllin verður lit í kvöld, þegar tónleikarnir fara fram.“

### Bae = Sá sem maður elskar

„Bae“ merkir víst Before Anyone Else og sá sem notar orðið um einhvern annan lýsir þannig yfir ást sinni og aðdáun.

**Dæmi um notkun:** „Bae er best“



### Sæll'ettu/Sæl'ettu = Sæll vertu

Þetta er skemmtileg leið til að heilsa á skemmtilegan máta. Vissulega hefur þetta verið til nokkuð lengi, en getur virkað sem krydd í góðar samræður.

**Dæmi um notkun:** „Sæll'ettu, sjomli“

### Skúmur = Einhver sem er með allt á hreinu

Orðið „skúmur“ er notað yfir þá sem eru með allt á hreinu. Að „fljúga eins og skúmur“ getur þýtt að vera á mikilli uppleið í lífinu.

**Dæmi um notkun:** „Gaurinn var að fá stöðuhækkun í vinnunni. Nú flýgur hann eins og skúmur.“

### Fössari = Föstudagur

„Fössari“ er aðgengilegt slangur, það merkir einfaldlega föstudagur, eins og margir hafa væntanlega getið sér til um. Þeir sem nota „fössari“ eru yfirleitt léttir í lund og eru þakklátir fyrir föstudagana sína, enda helgi þá fram undan. Undanfarnar vikur hefur slangrið „föstari“ einnig rutt sér til rúms.

**Dæmi um notkun:** „Gleðilegan fössara“

### Fam, squad = Vinahópur

Orðið „fam“ er notað yfir vinahópa, hvers eðlis sem þeir eru. Slangrið „Squadgoals“ er svo notað fyrir eitthvað sem ætti að verða markmið vinahópsins. Gjarnan er þetta notað sem „hashtag“ á Twitter og Instagram, við skemmtilegar myndir.

**Dæmi um notkun:** „Út að borða með fam“.

### On fleek = Beint í mark

Að eitthvað sé „on fleek“ merkir að eitthvað hitti beint í mark, eitthvað gangi fullkomlega upp.

**Dæmi um notkun:** „Flottar buxur... og þessir skór eru on fleek“.



Krabbameinsfélagið

ÁRLEGA HVERFA  
52 EINSTAKLINGAR  
OKKUR SJÓNUM

Árlega deyja 52 einstaklingar úr ristilkrabbameini.  
Það má koma í veg fyrir það.

Kauptu Bleiku slaufuna og hjálpaðu okkur að hefja  
skipulagða leit að ristilkrabbameini.



# bae og fam Hvað þýðir allt slangrið?

## Sígilt slangur

### Protadur/protabú = Að vera búinn á því

Orðið protabú er notað yfir þá sem eru alveg búnir á því, hvort sem það er þreyta eða eitthvað annað. Þeir sem hafa gert mörg mistök eða eru ekki að gera góða hluti í lífinu geta eru ýmist protaðir eða protabú.

**Dæmi um notkun:** „Hann drakk alltof mikið og var bara algjört protabú. Ég sendi hann bara heim í leigubíl.“

### Að vera á halanum = Að vera ölvaður

Að vera á halanum er klassískt slangur og merkir að vera undir áhrifum eða að vera ölvaður. Ef eldra fólk er ölvað er hægt að tala um risaeðlur.

**Dæmi um notkun:** „Parna er einhver risaeðla á halanum.“

### Station helgi = Helgi þar sem

djammað er föstudag og laugardag

„Station helgi“ er áratuga gamalt slangur, sem viðheldur sér því það hefur mjög þrönga og nákvæma skilgreiningu.

**Dæmi um notkun:** „Ég er að fara í afmæli á föstudaginn og innflutningspartí á laugardag. Alvöru station helgi.“

### Lö Lö = Lögreglan

Til eru ýmis slangurorð yfir lögreglumenn. „Po, Po“, „Fimm ó,“ og „mörgæsir“ eru dæmi um það.



### Frænka/Frændi = Notað yfir fólk sem um ræðir, án þess að það sé skylt manni

Hægt er að tala um frænkur og frændur án þess að þau séu það í raun og veru. „Hvað er uppi frændi?“ er til dæmis frægt lag með Gísla Pálma. Þegar karlmenn tala um frænkur geta þeir verið að tala um vinkonur, eða kvenfólk sem þeir hyggjast reyna við.

**Dæmi um notkun:** „Hvað er uppi frændi?“

### Ertu að skynja mig = Skilur þú mig?

Í raun er erfitt að niðurnjörva það nákvæmlega hvað „skynja mig“ þýðir. Það getur þýtt svo margt. Hægt er að varpa þessari spurningu fram þegar maður er óviss hvort viðmælandi manns skilji hvað maður er að meina, en einnig er hægt að henda henni fram á retorískan hátt, út í kosmósið.

**Dæmi um notkun:** „Fattarðu hvað ég er að meina, frændi? Ertu að skynja mig?“

### Skinka = Ákveðin týpa af stúlkum

Skinka er beinþýðing á orðinu „skank“ og nær yfir ákveðnar týpur af stúlkum, sem er í raun skilgreiningaratriði. Þetta er notað á frekar niðrandi hátt og hefur verið í notkun í yfir áratug. Til eru ýmiss konar tegundir af skinkum, og eru þá forskeyti sett framman við.

**Dæmi um notkun:** „Þessi er algjör skinka.“

### Sigti = Einhver sem viðkomandi hyggst reyna við

Þetta slangur kemur, eins og svo margt annað slangur, úr Mosfellsbæ. Sigti er notað yfir þann einstakling sem viðkomandi ætlar að reyna við. Visunin er að sá eða sú sem skuli reyna við verði sigtaður út úr fjöldanum. Steindi jr. gerði til dæmis lagið Sigta salta, ásamt Ladda, þar sem þetta slangur kemur fyrir.

**Dæmi um notkun:** „Þessi er mjög heit. Hún er algjört sigti.“



### Fá sér = Að drekka áfengi

Slangrið „að fá sér“ þekkjast flestir, enda er eitt vinsælasta íslenska rapplag sögunnar með þessu ódauðlegu orði í viðlagi. Til eru ýmsar myndir af þessu slangri, þar sem fólk leikur sér með stafsetninguna, til dæmis „Fau cher“. Skammstöfunin MAFS kom svo upp úr orðunum „menn að fá sér“. Stundum er því talað um að „mafsa“ þegar fólk er að fá sér.

**Dæmi um notkun:** „Já, ég hugsa að við endum í bænum. Menn eru allavega byrjaðir að fá sér.“

### Harka = Hustle

Harka er notað í sama skilningi og orðið „hustle“ í ensku. Að harka hefur verið mjög lengi í málvitund Íslendinga og stenst orðið tímans tönn.

**Dæmi um notkun:** „Harka alla daga.“

## Slangur héðan og þaðan

**Smella = Sigaretta**

**Sjonni = Bumba sem hangir yfir beltið**

**Stullur = Stuttbuxur**

**Beila = Stinga af**

**Lumma = Munntóbak, en getur líka þýtt pítsa.**

**Stillimynd (dagskráin búin) = Einhver er sofnaður, af hvaða ástæðu sem það er.**

**Að sneika sér = Komast fram hjá einhverju eða koma einhverju undan.**



BLEIKASLAUFAN.IS

#BLEIKASLAUFAN

Brandenburg

ERLING  
GULLSMÍÐUR

ARI MAGG

SILENT

MEDIALUX

Republik

trickshot

KUKL

BLEIKA  
SLAUFAN





Leiðtogar samtakanna fjögurra í Túnis sem hljóta friðarverðlaunin í sameiningu þetta árið: Wided Bouchamaoui, forseti samtaka atvinnurekenda, Houcine Abbassi, framkvæmdastjóri verkalýðshreyfingarinnar, Abdessattar ben Moussa, forseti mannréttindahreyfingarinnar og Mohamed Fadhel Mahmoud, forseti lögmannaamtakanna. Myndin er tekin á blaðamannafundi árið 2013. NordicPhotos/AFIP

# Með samræðum er hægt að leysa allt

Þjóðarsamræðukvartettinn í Túnis fær friðarverðlaun Nóbels í ár. Leiðtogum atvinnurekenda, verkalýðs, lögfræðinga og mannréttindasamtaka hefur í sameiningu tekist að treysta í sessi veikburða lýðræðisþróun í landinu eftir Jasmínbyltinguna árið 2011.

Guðsteinn Bjarnason  
gudsteinn@frettabladid.is



Arabíska vorið svonefnda hófst í Túnis eftir að fátækur götusali kveikti í sjálfum sér í desember árið 2010. Aðeins fjórum vikum síðar hraktist Zine El Abidine Ben Ali forseti úr embætti.

Frá Túnis breiddist ólgan hratt út um mörg arabalandanna í norðanverðri Afríku og Mið-Austurlöndum. Viðast hvar hefur hún leitt til upplausnar, átaka og ofbeldis sem enn virðist hvergi sjá fyrir endann á. Nema í Túnis.

Norska Nóbelsverðlaunanevndin segir það vera að miklu leyti leiðtogum fjögurra mikilvægra hagsmunasamtaka í Túnis að þakka. Í gær var tilkynnt að svonefndur þjóðarsamræðukvartett, sem stofnaður

var sumarið 2013, fái friðarverðlaun Nóbels í ár. Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Ósló í desember næstkomandi.

„Kvartettinn var stofnaður sumarið 2013 þegar lýðræðisþróunin var að hrúni komin vegna pólitískra morða og mikillar ólgu í samfélaginu,“ segir í tilkynningu norsku Nóbelsnefndarinnar.

Að kvartettinum standa samtök atvinnurekenda, samtök verkalýðshreyfingarinnar, lögmannafélag og mannréttindasamtök í Túnis. Nóbelsnefndin leggur þó áherslu á að verðlaunin séu ætluð kvartettinum í sameiningu, ekki samtökunum fernum.

„Lykilþátturinn í því að byltingin í Túnis náði hámarki í friðsamlegum og lýðræðislegum kosningum síðasta haust var það starf sem kvartettinn hefur unnið við að styrkja vinnu stjórnlagabingsins og tryggja að stjórnarskrárfrelsi njóti stuðnings meðal almennings í Túnis,“ segir Nóbelsnefndin. „Kvartettinn varð-

aði veginn í áttina að friðsamlegum samræðum milli almennings, stjórnmalaflokka og ráðamanna og hjálpaði til við að finna lausnir, reistar á samkomulagi, á alls kyns erfiðum málum þvert á pólitískan og trúarlegan klföfn.“

Nefndin segir árangur kvartettsins meðal annars sýna að islamískar og veraldlegar stjórnmalahreyfingar geti starfað saman, að samræður milli andstæðinga hafi mikið gildi á áttaksvæðum heimsins og að borgaraleg samtök geti gegnt lykilhlutverki í lýðræðisþróun.

Eftir byltinguna 2011 náði islamistaflokkurinn Ennhada völdum í lýðræðislegum kosningum. Ágreiningur flokksins við veraldlega sinnada stjórnarandstæðinga harðnaði mjög árið 2013 eftir að tveir áhrifamiklir stjórnmalamenn stjórnarandstöðunnar voru myrtir.

Fjöldamótmæli hófust gegn stjórninni og kröfur voru uppi um að hún segði af sér án tafar.

## Stofnanir og samtök

Friðarverðlaun Nóbels hafa ekki alltaf farið til einstaklinga. Þau hafa stundum komið í hlut alþjóðastofnana og samtaka af ýmsu tagi.

**1963 Alþjóðanefnd Rauða krossins** (fékk verðlaunin einnig 1944 og 1917)

**1965 UNICEF, Barnahjál Sameinuðu þjóðanna**

**1969 Alþjóðavinnuámalstofnunin (ILO)**

**1977 Amnesty International**

**1981 Flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)** (fékk verðlaunin einnig 1954)

**1985 Alþjóðasamtök edlisfræðinga um að afstýra kjarnorkustríði (IPPNW)**

**1988 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna**

**1995 Pugwash-samtökin, Kanada**

„fyrir baráttu þeirra fyrir því að draga úr því hlutverki sem kjarnorkuvopn hafa gegnt í alþjóðastjórnmalum og að útrýma slíkum vopnum til lengri tíma lítið“

**1997 Alþjóðaherferð fyrir banni við jarðsprengjum (ICBL)**

„fyrir vinnu þeirra að banni við jarðsprengjum og við hreinsun þeirra“

**1999 Læknar án landamæra, Sviss**

„til viðurkenningar á brautrygjendastarfi þeirra að mannúðarmálum í nokkrum heimsálfum“

**2005 Alþjóðakjarnorkustofnunin (IAEA)**

„fyrir viðleitni sína til að koma í veg fyrir að kjarnorka verði notuð í hernaðartilgangi og tryggja að notkun kjarnorku í friðsamlegum tilgangi verði svo örugg sem verða má“

**2012 Evrópusambandið**

„fyrir að hafa í meira en sex áratugi unnið að því að efla frið og sáttaumleitani, lýðræði og mannréttindi í Evrópu“

**2013 Samtök um bann við efnavopnum (OPCW)**

„fyrir umfangsmikla viðleitni til að útrýma efnavopnum“

Það var þá sem kvartettinn steig fram og hóf viðræður við bæði leiðtoga stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar. Samningur tókst og í október 2013 samþykkti Ennhada að efna til kosninga og vikja frá stjórn landsins fram að þeim.

Kosningarnar voru svo haldnar stuttu síðar. Þar misstu islamistarnir þingmeirihlutann.

Leiðtogar samtakanna fernar, sem mynda kvartettinn, hafa lýst fögnuði

sínum vegna úthlutunar Nóbelsverðlaunanna og leggja áherslu á mikilvægi þess að finna lausnir með samræðum frekar en að gripa til vopna.

„Ég er í skýjunum. Ég er orðlaus,“ sagði Mahfoud, formaður lögmannafélagsins, þegar hann fékk fréttir af Nóbelsverðlauninum í gær. „Þetta sendir skilaboð til alls heimsins, til allra landa, til allra sem vinna að lýðræði og friði, um að allt sé hægt að leysa með samræðum.“

Stíllt til friðar | Friðarverðlaun Nóbels hafa nokkrum sinnum farið til leiðtoga sem hafa komið á friði á áttaksvæðum



**1973 Henry A. Kissinger**, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og **Le Duc Tho\***, leiðtogi Kommúnistaflokksins í Vietnam, „fyrir aðalsamningamennirnir sem tókst að koma á vopnahléi eftir nærri fjögurra ára samningaviðræður“



**1978 Mohamed Anwar al-Sadat**, forseti Egyptalands, og **Menachem Begin**, forsætisráðherra Ísraels, „fyrir framlag þeirra til tveggja rammasamninga um frið í Mið-Austurlöndum og um frið milli Egyptalands og Ísraels, sem voru undirritaðir í Camp David 17. september 1978“



**1993 Nelson Mandela**, leiðtogi Afríska þjóðarráðsins, og **Frederik Willem de Klerk**, forseti Suður-Afríku, „fyrir vinnu þeirra að því að binda með friðsamlegum hætti enda á aðskilnaðarstjórnina og leggja grunn að nýju lýðræðisfyrirkomulagi í Suður-Afríku“



**1994 Jasser Arafat**, leiðtogi Palestínumannanna, **Shimon Peres**, utanríkisráðherra Ísraels, og **Itzhak Rabin**, forsætisráðherra Ísraels, „fyrir störf þeirra í þágu friðar í Mið-Austurlöndum“



**1996 Carlos Filipe Ximenes Belo** biskup og **José Ramos Horta**, einn helsti leiðtogi andspyrnuhreyfingarinnar á Austur-Tímor, „fyrir vinnu þeirra að réttlátri og friðsamlegri lausn á átökunum í Austur-Tímor“



**1998 John Hume**, leiðtogi Sósíaldemókrataflokksins á Norður-Írlandi, og **David Trimble**, leiðtogi Sambandsinnaflokks Ulster á Norður-Írlandi, „fyrir viðleitni þeirra við að finna friðsamlega lausn á átökunum á Norður-Írlandi“

\*Le Duc Tho er eini friðarverðlaunahafinn sem hefur neitað að taka við verðlauninum. Hann sagði ástæðuna þá að friður væri ekki orðinn að veruleika þegar verðlaunin voru afhent.



# JÓLAHLAÐBORÐ

LAUGARDAGUR 10. OKTÓBER 2015

**Kynningarblað** Borgin Restaurant, VOX, Satt, Slippbarinn og Hótel Örku.

## Jólin byrja alltaf á Borginni

Fátt er betra en að njóta jólaanna í fallegu og rómantísku umhverfi við Austurvöll. Borg Restaurant býður upp á geysivinsælt jólahlaðborð sitt yfir adventuna þar sem blandað er saman klassískum réttum í bland við spennandi sérrétti að hætti hússins.

**Þ**að er fátt jólalegra og rómantískara en að njóta góðra veitinga yfir adventuna með útsýni yfir mannlífið á Austurvelli. Gestgjafar Borgar Restaurant, hjónin Þóra Sigurðardóttir og Völundur Snær, bjóða í annað skiptið upp á glæsilegt jólahlaðborð yfir jólin. Að sögn Þóru hefur eldhús veitingastaðarins nýlega verið gert upp og er það nú eitt það glæsilegasta hér á landi. Auk þess er búið að stækka salinn þannig að hægt sé að taka á móti fleiri gestum en áður. „Við opnuðum hér í upphafi árs 2013 og héldum fyrsta jólahlaðborð okkar sama ár. Viðtökurnar voru mjög góðar enda sameinast í jólahlaðborðum okkar bæði klassískir og frumlegir réttir, fallegur salur og þessi sérstaka stemning sem ríkir hér við Austurvöll.“

Gestir Borgar Restaurant verða í góðum höndum að sögn Þóru. „Aníta Ösp Ingólfssdóttir er yfirmatreiðslumaður hjá okkur og er sannarlega mikill snillingur. Til að toppa okkur enn frekar fengum við Sturlu Birgisson til liðs við okkur en hann þarf vart að kynna fyrir landsmönnum, svo lengi hefur hann verið í fremstu röð matreiðslumanna hérlendis.“

### Klassík í bland við nýjungar

Úrval forréttta og eftirréttta verður borið beint á borð gesta en aðalréttina verður að finna á glæsilegu hlaðborði. „Hér finna gestir allar þessar klassísku jólahlaðborðsveitingar á borð við hamborgarhrygg, hangikjöt, kalkún og fleiri rétti en auk þeirra eru ýmsir ljúffengir sérréttir í boði. Þar má m.a. nefna patéin okkar en þau eru öll matreidd hér frá grunni af Sturlu. Einnig bjóðum við upp á fennelgrafinn lax að hætti Jóhannesar á Borginni og súkkulaðiköku að hætti Karólínu konu hans.“

Jólahlaðborð Borgar Restaurant hefst 20. nóvember og standa yfir til 22. desember. „Jólahlaðborð okkar er í boði alla daga vikunnar, bæði í hádeginu og á kvöldin. Í hádeginu geta gestir líka brotið þetta upp með síldarævintýri þar sem boðið er upp á sjö síldarrétti, rúgbrauð og smjör og jólafjarkanum en þá fá gestir fjóra gómsæta rétti.“

### Margir fastagestir

Jólahlaðborðið kostar 9.900 kr. á föstudögum til sunnudags en 8.900 kr. á mánudögum til fimmtudags. Jólahlaðborð í hádeginu kostar 3.500 kr. á virkum dögum en 4.900 um helgar. Síldarævintýrið kostar 1.990 kr. og einnig jólafjarkinn.

Á Þorláksmessu tekur svo hið geysivinsæla skötuhlaðborð við. „Skötuhlaðborðin á Borginni eru löngu orðin sögufræg. Margir fastagestir hreinlega grétu í fyrra þegar þeim var ljóst að þeir gátu hvorki mætt í jólahlaðborð okkar né skötuhlaðborðið þegar hér var lokað vegna breytinga. Enda á staðurinn marga gallharða viðskiptavini sem mæta hingað ár eftir ár og finnst fátt betra en að njóta jólaanna við Austurvöll.“

Allar nánari upplýsingar má finna á [www.borgrestaurant.is](http://www.borgrestaurant.is).



Gestir Borgar Restaurant verða í góðum höndum matreiðslumeistaranna Sturlu Birgissonar og Aníta Aspar Ingólfssdóttur sem bjóða upp á klassíska rétti í bland við ýmsar nýjungar. Búið er að endurnýja eldhúsið sem er eitt hið glæsilegasta hér á landi og stækka salinn sem rúmar nú fleirir gesti.

MYND/STEFÁN



# Hefur haldið jólahátíð fatlaðra í 32 ár

André Bachmann hefur áratuga reynslu af skemmtunum í jólamánuðinum. Hann lék fyrir gesti á Naustinu í gamla daga, Hótel Borg, Hótel Sögu og fleiri stöðum. Einnig var hann vinsæll á jólaböllum. Nú heldur hann jólaball fyrir fötluð börn.

André segist ekki myndu af þakka ef hann yrði beðinn að spila fyrir gesti á jólahlaðborði fyrir jólin. „Það verður samt að leyfa hinum yngri að komast að,“ segir hann. André er á fullu ásamt Bjarna Þór Sigurðssyni að undirbúa jólahátíð fatlaðra en á undanförunum árum hafa um 1.600 manns mætt. „Það hefur verið svo frábært að sjá gleðina og ánægjuna skína úr augum þessa hóps. Þess vegna hef ég verið með þessa hátíð í 32 ár. Ég stóð alltaf einn í þessu en undirbúningurinn krefst mikillar vinnu. Það er því svakalegur léttir fyrir mig að fá Bjarna. Jólahátíðin verður á Hilton-hótelinu þann 10. desember en þetta er í tíunda sinn sem við erum þar. Hilton á heiður skilið fyrir að lána okkur salinn endurgjaldslaust, en þetta er allt gert í sjálfboðavinnu. Vífilfell hefur gefið gos, Nói Sírius leggur til jólapoka og Ásgeir Ólafsson hefur gefið Prince Polo. Allir listamenn gefa vinnu sína, öðruvísi væri þetta ekki hægt,“ segir André sem sjálfur hefur staðið sig með afbrigðum vel að halda þessa tónleika árlega.

André segir að Laddi sé alltaf mjög vinsæll hjá gestunum. „Hann er búinn að koma fram

með okkur í 25 ár í hinum ýmsu gervum. Eitt árið hringdi Laddi í mig á síðustu stundu og sagði ekki komast vegna anna í leikhúsinu. Ég var alveg miður mín þangað til Laddi sagði í rólegum tón: „En Eiríkur Fjalar mætir.“ Þar náði hann mér.“

Gestir á jólahátíðinni eru frá 10 ára og upp úr. André segir að þeir komi frá Akranesi, Reykjanesbæ, Selfossi og víðar auk höfuðborgarsvæðisins. „Þetta er stærsti dagurinn hjá ferðabjónustu fatlaðra,“ bætir hann við.

André segist ekki mikið vera að spila þessa dagana. „Það var geggjað að gera á jólaböllum hér áður fyrr. Stundum voru þrjú böll á dag. Mér finnst eins og þeim hafi fækkað eða þau hafi breyst á undanförunum árum. Stærstu jólaböllin voru oft haldin á lagernum hjá Vífilfelli. Við Ellý heitin Vilhjálmss, sem söng lengi með mér, skemmtum okkur alltaf vel á þessum böllum. Svo er ég alltaf fyrir utan hjá Gilbert úrsmið á Laugaveginum á Þorláksmessu. Þar skapa ég jólastemningu í hvernig veðri sem er,“ segir André sem keyrir strætó þess utan og er stuðningsfulltrúi nemandar í Tækniskólanum. „Það er meiriháttar skemmtilegt starf, maður er alltaf að læra eitthvað nýtt.“



André Bachmann tekur á móti sextán hundruð manna jólahátíð fatlaðra á Hilton.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is s. 512-5434 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

## Velkomin á STÓRGLÆSILEGT JÓLAHLAÐBORÐ í hjarta Reykjavíkur

<b>Nóvember</b>	föstudagur 20.   föstudagur 27.	laugardagur 21.   laugardagur 28.
<b>Desember</b>	föstudagur 4.   föstudagur 11.	laugardagur 5.   laugardagur 12.

**Matti Matt og Pétur Örn** verða jólagestir á Restaurant Reykjavík á aðventunni. Þeir munu laða fram einstaka stemningu með ljúfum tónum og glæða húsið notalegheitum og skemmtilegum hátíðaranda.

Bókaðu strax í síma  
**552 3030**

**RESTAURANT  
REYKJAVÍK**

Tel +354 552 3030  
restaurant@restaurantreykjavik.is  
www.restaurantreykjavik.is  
Vesturgata 2 - 101 Reykjavík



# Fjölbreytt jól á Icelandair Hotels

Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á jólahlaðborðum veitingastaða Icelandair Hotels. Á Slippbarnum eru farnar óhefðbundnar leiðir og boðið upp á matseðil þar sem gestir deila með sér réttum eða svokallaðan „sharing menu“. Á veitingastaðnum Satt er boðið upp á gamalgrónar hefðir með ferskum blæ undir djasstónum. Í hátíðarsal Hilton verða svo glæsilegar jólakræsingar með nýjum og skemmtilegum útfærslum. Í kjölfarið er síðan slegið upp stórdansleik með frábæru tónlistarfólki.

## Lifandi framsetning á Hilton Reykjavík Nordica og VOX

Hilton Reykjavík Nordica býður upp á glæsilega umgjörð í aðdraganda jóla nú sem endranær. Jólahlaðborðið á Hilton Reykjavík Nordica byrjar 20. nóvember og verður föstudaga og laugardaga til 12. desember. Mikið er lagt í skemmtidagskrá, skreytingar og umgjörð og að sjálfsögðu fyrsta flokks mat og þjónustu eins og VOX er löngum þekkt fyrir.

„Hlaðborðin verða sett upp í forrými og er miðað við að setja upp fjölmargar lifandi stöðvar þar sem gestir geta notið þess að spjalla við matreiðslumenn hússins og fræðst um jólamatinn. Þessi framsetning hefur vakið mikla lukku enda þurfa gestir síður að bíða í röð auk þess sem framsetningin er lifandi og skemmtileg,“ segir Páll Hjalmtýsson, veitingastjóri Hilton og VOX, og vill benda gestum á að það sé upplagt að mæta tímanlega og gæða sér á góðum kokteil eða drykk á Happy Hour á VOX Bar áður en borðhald hefst.

Jogvan Hansen, Vignir Snær og Kalli Olgeirs hafa sett saman vandaða tónlistardagskrá sem gestir njóta við borðhaldið og blása síðan til stórdansleiks ásamt hljómsveit sinni eftir að því lýkur þar sem gestir geta stigið dans og haldið áfram að skemmta sér. „Þetta verður mikið fjör,“ segir Páll og bendir á að nú þegar sé mikið bókað.

## VOX Brunch og hádegishlaðborð

JólaBrunchinn sívinsæli á



Hlaðborðin verða sett upp í forrými og er miðað við að setja upp fjölmargar lifandi stöðvar þar sem gestir geta notið þess að spjalla við matreiðslumenn hússins og fræðst um jólamatinn.

VOX byrjar laugardaginn 21. nóvember og verður opið í hlaðborðið alla laugardaga og sunnudaga fram að jólum. Jólahádegishlaðborðið fer svo í jólabúning mánudaginn 23. nóvember.

## VOX Restaurant

Jólamatseðill fer í gang á VOX Restaurant fimmtudaginn 26. nóvember. Þá verður árstíðarseðillinn settur í jólabúning og hægt að njóta hans með eða án sérvalinna vína. Borðapantanir og nánari upplýsingar eru í síma 444 5052 og á hilton@hilton.is.



Jogvan Hansen, Vignir Snær Vigfússon og Karl Olgeirsson hafa sett saman vandaða tónlistardagskrá sem gestir njóta á meðan á borðhaldi stendur. Þeir slá svo upp stórdansleik að því loknu.



Mikið er lagt upp úr jólalegri umgjörð á Hilton Reykjavík Nordica.

# Djassað jólahlaðborð á Satt

Jólin á Satt hefjast 20. nóvember með hátíðlegu og djössuðu jólahlaðborði þar sem boðið verður upp á klassískan jólamat í bland við ferska strauma sem matreiðslumeistarar reiða fram af miklum metnaði. Auk þess er hægt að hlaðborð sniðin að eigin óskum.

„Djassinn sló í gegn um jólin í fyrra og því hefur verið ákveðið að halda í þessa skemmtilegu djasshátíðarstemningu á föstudags- og laugardagskvöldum yfir jólin. Gestir mega því eiga von á djössuðum jólatónum á meðan á borðhaldi stendur,“ segir Brynhildur Guðmundsdóttir hóteltjóri á Icelandair hótél Reykjavík Natura. „Laugardagsbrónsinn okkar verður líka djassaður og svo eru sunnudagshádeginn okkar sérlega fjölskylduvæn en þá mætir jólasveinninn á

svæðið og hittir börnin,“ bætir Brynhildur við. Hádegishlaðborð Satt fer einnig í jólafötin frá og með 23. nóvember. Borðapantanir eru í síma 444 4050 og á satt@sattrestaurant.is

Satt býður líka upp á sérsniðin jólaboð og veislur af hvaða stærð sem er. Aðstoðað er við val á veitingum en möguleikarnir eru eins margir og hugur viðskiptavina girnist. Frekari upplýsingar fást á meetings@icehotels.is og í síma 444 4040.



Djassinn sló í gegn á Satt í fyrra.



Satt býður upp á klassísk jólahlaðborð með djössuðu ívafi. Eins er hægt að panta sérsniðin jólahlaðborð og veislur af hvaða stærð og gerð sem er.



# Skemmtilega gleðileg jól á Slippbarnum

Á Slippbarnum klingja jólaklukkurnar í takt við kokteilana og jólahjólið stendur beint fyrir utan barinn. Slippbarinn fer frekar óhefðbundnar leiðir um jólin sem endranær en þar reiða meistarakokkar fram metnaðarfullar og öðruvísi jólakræsingar sem bornar eru á hvert borð og gestir deila með sér. Jólamatseðillinn tekur gildi 20. nóvember.

**H**já okkur skapast jafnan mjög skemmtileg stemning á hverju borði. Við berum litla rétti á borðið sem fólk deilir með sér og því verður þetta eins og lítið jólahlaðborð á hverju borði. Það virkar mjög vel enda svo skemmtilegt að borða saman og hafa gaman. Við viljum bara eiga skemmtilega gleðileg jól með gestum og bjóða góðan mat og drykk,“ segir Jóhannes Steinn Jóhannesson, yfirmatseðlumeistari Slippbarsins.

Jólamatseðill Slippbarsins tekur gildi föstudagskvöldið 20. nóvember og er alla daga fram að jólum. Jólahádegjið hefst mánudaginn 23. nóvember frá kl. 11.30-14.00 alla virka daga fram að jólum.

Jólabrónsinn hefst laugardaginn 21. nóvember frá kl. 12.00-15.00 allar helgar fram að jólum.

Pantanir og fyrirsurnir sendist á slippbarinn@icehottels.is eða í síma 560 8080.



Gestir deila með sér réttum við hvert borð.



„Hjá okkur skapast skemmtileg stemning á hverju borði en hvert um sig verður eins og lítið jólahlaðborð,“ segir Jóhannes Steinn.

## Nokkur ráð til að hafa hlaðborðið undir

Til þess að geta raðað í okkur sem mestu af kræsingum jólahlaðborðanna á aðventunni ætti að hafa nokkur atriði í huga. Öll viljum við jú fá okkar fyrir aurinn. Undirbúningur magans getur jafnvel hafist nokkrum dögum áður en haldið er á hlaðborðið.

### 1. Ekki fara sársvöng á hlaðborðið

Það er óráð að fasta áður en farið er á jólahlaðborð og bein ávísun á krampa og verki að flengja tíu sneiðum af purusteik í tóman og samanskroppinn maga. Skynsamlegra er að borða eitthvað létt áður, til dæmis jógúrt eða skál af morgunkorni. Þeir hördustu undirbúa magann í nokkra daga fyrir hlaðborð með því að borða stórar máltíðir daglega og hreyfa sig vel til að auka matarlystina.

### 2. Andlegur undirbúningur

Gera ætti vel við sig á aðventunni og gera kröfur. Þegar búið er að finna það hlaðborð sem ykkur líst best á ætti að kynna sér matseðilinn og stilla hugann inn á að „ráðast á það og rústa því“ og gíra upp stemminguna líkt og landslið á leið í úrslitaleik.

### 3. Vatnsdrykkja

Undirbúið magann fyrir „bardagann“ með því að drekka vatn yfir daginn. Það ætti að teygja á honum svo meira komist fyrir af mat um kvöldið.

### 4. Forgangsráðið

Þegar þið standið loks við svignandi borðin klár með disk ætti ekki að rjúka beint í þyngstu kjötréttina. Hefjið átið á léttari mat, til dæmis salati og jafnvel súpu. Maginn er fljótari að vinna á mat sem inniheldur mikið vatn.

### 5. Hemjið ykkur

Líklegra er að þið náðið að innbyrða meira af mat ef þið borðið hægt og vinnið ykkur jafnt og



Til að fá sem mest út úr jólahlaðborðinu ætti ekki að skófla mörgum sneiðum í sig á ógnarhraða.



Gott er að drekka vel af vatni daginn sem farið er á hlaðborðið.

þétt gegnum réttina, en ef þið skóflið í ykkur í flýti.

### 6. Forðist gosdrykki

Það gæti verið skynsamlegra að drekka vatn í litlum sopum með matnum. Gosdrykkir fylla upp í verðmætt pláss í maganum sem betur færi á að nýta undir villibráðarpaté. Eins hættir okkur til þess að vera sídrekkandi ef drykkurinn er bragðgóður.

### 7. Njótið kvöldsins

Til að ykkur líði eins og þið hafið fengið „sem mest fyrir peninginn“ ættuð þið að njóta hvers einasta bita sem þið stingið upp í ykkur þetta kvöld.

[www.thrillist.com](http://www.thrillist.com)



Það gæti verið gott að fá sér eitthvað létt í maga nokkru áður en farið er á hlaðborðið svo maginn sé ekki galtómur.





# HÁTÍÐ Í HÆSTU HÆÐUM

Í Turninum er einstök hátíðarstemning fyrir jólin. Jólalunch og jólahaðborð hefjast í nóvember og munu Pálmi Sigurhjártarson og Magni Ásgeirsson skemmta gestum. Ógleymanleg skemmtun með óviðjafnanlegu útsýni yfir jólaljósin. Verð á jólahaðborði: 9.500 kr. á mann.

FÖS 20/11 Laust    FÖS 27/11 Laust    FÖS 4/12 Laust    FÖS 11/12 Laust    FÖS 18/12 Laust  
LAU 21/11 Örfá sæti    LAU 28/11 Uppselt    LAU 5/12 Uppselt    LAU 12/12 Uppselt    LAU 19/12 Uppselt

Jólalunch á laugardögum og sunnudögum – 4.900 kr. á mann

LAU 28/11    LAU 5/12    LAU 12/12  
SUN 29/11    SUN 6/12    SUN 13/12



**TURNINN**  
veislupjónusta



# Best að fara margar ferðir

Jólahaðborð eru fastur liður í lífi margra. Hætturarnar við hlaðborðin eru nokkrar enda ekki óvanalegt að hneppa þurfi frá nokkrum buxnatölum að lokinni máltíð. Hér segja nokkrar valinkunnar manneskjur frá því hvernig þær haga sér á jólahaðborðum.



**Árni Ólafur Jónsson**  
kokkur og bústjóri Hins blómlega bús

## Ferðu á jólahaðborð á hverju ári?

Nei, ég fer kannski á nokkurra ára fresti.

**Hleður þú á diskinn eða ferðu margar ferðir?** Margar ferðir, ég vil bragða hvern og einn rétt fyrir sig í stað þess að blanda þeim saman í einn hrauk.

**Af hverju færðu þér mest?** Forréttum og villibráð.

**Borðar þú yfir þig?** Ég reyni að borða ekki yfir

mig en ég held að mér hafi aldrei tekist það, þetta virðist vera bölvun hlaðborðanna.

## Hvað á helst að forðast á jólahaðborði?

Að flýta sér um of. Það er best að taka sér góðan tíma, fá sér lítið í einu, fara margar ferðir, borða hægt og njóta þess að snæða í góðra vina hópi.

**Besta jólahaðborð sem þú manst eftir?** Hlaðborðið á Snaps

jólin 2013, eftir langar og strangar tókur fyrir aðra þáttaröðina af Hinu blómlega búi.



**Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir**  
upplýsingafulltrúi Símans

## Ferðu á jólahaðborð á hverju ári?

Já, svo gott sem. Nánast undantekningarlaust er það tengt vinnu eða einhvers konar hóparstarfi. Fór í fyrra með bekkjarfélögum úr MBAnáminu. Mjög hefðbundinn jólamatur, mun meira stuð.

**Hleður þú á diskinn eða ferðu margar ferðir?** Ég fer margar og geri jafnan grín að hinum sem koma að borðinu með hlaðinn diskinn. Um leið svekki ég mig á því að hafa ekki sett meira og vera rétt á leið í röðina aftur.

**Af hverju færðu þér mest?** Forréttir eru í miklu

uppáhaldi. Reyktur lax og grafið fuglakjöt. Elska líka sjávarréttapaté og ekki klikka eftirréttirnir. Risalamande er best þegar vel tekst til og crème brûlée.

**Borðar þú yfir þig?** Ég er svona meira í að stýra því að bóndinn geri það ekki!

**Hvað á helst að forðast á jólahaðborði?** Aðalréttina í mínu tilfelli. Þeir taka pláss frá frábærum forréttum.

**Besta jólahaðborð sem þú manst eftir?** Fór á eftirminnilegt jólahaðborð í Perlunni fyrir fimm árum. Staðurinn bauð óhefðbundna rétti, sem komu mjög á óvart, voru snilld og frábært að hringsnúast um borgina um leið og þjónarnir snerust í kringum vinnufélagana, mig og manninn.



**Guðjón Davíð Karlsson**  
Gói, leikari

## Ferðu á jólahaðborð á hverju ári?

Nei ég geri það ekki. En hef farið oft. Það er alltaf skemmtileg stemning.

**Hleður þú á diskinn eða ferðu margar ferðir?** Þetta er alltaf eins hjá mér. Ég hugsa löngu áður hvað ég ætla að vera agaður og passa mig að troða ekki á diskana. Það gengur yfirleitt vel til að byrja með en svo missi ég mig oftast á einhverjum tímamarki.

**Af hverju færðu þér mest?** Úffff, þessi er erfið. Ég elska síld. Ég er líka paté-maður. En

umfram allt elska ég kjöt. Ég elska hlaðborð sem er með gott nautakjöt, wellington. Það er alveg málið.

**Borðar þú yfir þig?** Já.

**Hvað á helst að forðast á jólahaðborði?** Að borða of hratt! Alls ekki blanda saman, taka þetta skipulega! Njóta! Fá sér smáa skammta og fara frekar oftar.

**Besta jólahaðborð sem þú manst eftir?** Mér finnst langskemmtilegast að fara í heimatilbúin jólahaðborð þar sem allir koma með eitthvað á borðið. Huggulegt, heimilislegt og hátíðlegt!



## Jólahaðborð í sveitakyrrið

Hvernig væri að stíga út úr annríki jólaundirbúningsins og njóta margrómaða jólahaðborðsins á Hótel Eldhestum sem býður einstaka upplifun í hlýlegu umhverfi?



Við bjóðum okkar sígilda jólahaðborð síðustu tvær helgarnar í nóvember og tvær fyrstu helgarnar í desember – nú er rétti tíminn til að panta!

**Jólahaðborðið 2015 er á 7.900 kr.**

**Einstakt tilboð!**  
Matur og gisting á 12.500 kr. á mann.

Innifalið er jólahaðborð, gisting í 2ja manna herbergi ásamt morgunverðarhlaðborði.

Allar nánari upplýsingar á [www.hoteleldhestar.is](http://www.hoteleldhestar.is)



Eldhestar, Vellir, 816 Ölfus  
Netfang [info@eldhestar.is](mailto:info@eldhestar.is) • Sími 480 4800



**Sigríður Arnardóttir**  
Sirrý, fjölmiðlakona

**Ferðu á jólahaðborð á hverju ári?** Já, en ég fékk þó fyrir nokkrum árum leiða á þessum venjulegu hlaðborðum sem verða alltaf til þess að maður borðar of mikið. Svo kynntist ég jólahaðborðunum hjá Marentzu Poulsen á Kaffi Flóru. Það er alveg sér á báti. Þar færðu fullt af pínulitlum og skemmtilegum réttum sem eru bornir á hvert borð fyrir sig. Stemningin í Kaffi Flóru um jólin er dálítið eins og að koma til Kaupmannahafnar í jólaferð. Þar er allur gróður skreyttur jóla-ljósum og logandi kyndlar standa víða. Þessir litlu réttir eru líka mun girnilegri en yfirfullt hlaðborð.

**Hvað á helst að forðast á jólahaðborði?** Allan jólabjór. Ég tími ekki að fylla magann af bjór því hann er bara brauð í fljótandi formi. Því sleppi ég honum alveg og fæ mér heldur rauðvín.

**Hvað finnst þér best?** Ég er meira fyrir forréttina en eftirréttina. Ég tek lax og villibráð fram yfir dísæta deserta en þó vil ég gjarnan enda á einum sætum bita.

**Besta hlaðborðið?** Jólahaðborð Marentzu, ekki síst út af stemningunni.



**Hulda Geirsdóttir**  
útlarpskona á RÁS 2

**Ferðu á jólahaðborð á hverju ári?** Já, ég hef yfirleitt farið á jólahaðborð á hverju ári. Hér í eina tíð fór maður á mörg, en undanfarin ár finnst mér fínt að fara bara á eitt.

**Hleður þú á diskinn eða ferðu margar ferðir?** Ég fer frekar nokkrar ferðir – en diskurinn getur alveg orðið hlaðinn í einhverjum þeirra! ;)

**Af hverju færðu þér mest?** Ég fæ mér yfirleitt mest af aðalréttum, eins og kalkún og öðru slíku fínerii sem maður fær sjaldan. Borða ekki síld til dæmis og er yfirleitt minna í forréttunum, en reyni samt að smakka eitthvað nýtt í hvert skipti.

**Borðar þú yfir þig?** Já, ég held að maður verði að viðurkenna að yfirleitt borðar maður of mikið á jólahaðborði þó að ég hafi ekki enn lent í því að velta út!

**Hvað á helst að forðast á jólahaðborði?** Ég forðast saltan mat svo sem hangikjöt og hamborgarhrygg, ef ég smakka það þá er það bara pínku ponsu biti. Svo er gott að muna að fá sér frekar lítið af öllu svo maður geti smakkað sem flest, það er jú tilgangurinn með hlaðborði.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## Brúðkaup um helgina

Bragi Valdimar Skúlason ætlar að eiga skemmtilega helgi. Auk þess að fara í brúðkaup ætlar hann að horfa á barnaefni í sjónvarpinu og fylgjast með Twitter. SÍÐA 4

Náttúruleg húðnæring í úðaformi

## Er húðin þín þurr?

Purkur - Sórasis - Exem  
- Kláði í húð - Útbrot

Tilboðspakning  
Zeoderm 100ml & Dermasprey 50ml fylgir í kaupbæti!

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum. [www.salcura.is](http://www.salcura.is)



**SÆTMETI** Nanna gaf út bók nýlega sem nefnist Sætmeti án sykurs og sætuefna, þar sem hún gefur sykurlausar uppskriftir. MYND/ANTON BRINK

# TUTTUGU KÍLÓ FÓRU MEÐ SYKRINUM

**GÓÐUR ÁRANGUR** Matgæðingurinn Nanna Rögnvaldardóttir hefur verið í sykurbindindi í ellefu mánuði. Á þeim tíma hefur hún losað sig við 20 kíló. Nanna finnur mikinn mun á líðan sinni, hún er léttari á sér og laus við bjúg.

**M**eistaramánuður stendur yfir í október þótt ekki hafi farið mikið fyrir honum að þessu sinni. Væntanlega eru þó margir sem hafa það að markmiði að losa sig við sykurfíknina. Nanna hefur náð góðum árangri í sykurlaysinu. „Ég var búin að vita það í þó nokkurn tíma að ég þyrfti að endurskoða mataræðið, sérstaklega þar sem ég var komin með forstígeinkenni sykursýki. Blóðsykurinn var farinn að mælast allt of hár. Ég ákvað að hætta að borða sykur og athuga hvort það hefði áhrif. Læknirinn vildi að ég færi á lyf en ég var ekki tilbúin til þess, að minnsta kosti vildi ég prófa þetta fyrst,“ útskýrir Nanna.

### ALDREI NEINN NAMMIGRÍS

„Það ótrúlega gerðist að þetta hafði áhrif og blóðsykurinn varð aftur eðlilegur. Ég finn ekkert lengur

fyrir þeim einkennum sem ég var farin að finna fyrir, eins og skyndilegum hósta, mikilli svengd og sveiflum á blóðsykrinum. Ýmislegt fleira var farið að angra mig sem nú er horfið. Ég er léttari á mér og liðugri, enda hef ég misst tuttugu kíló,“ segir Nanna og bætir við að ekki megi misskilja það þannig að hún hafi borðað svona mikið nammi. Það hafi hún aldrei gert. „Matarlystin hefur breyst hjá mér frá því ég ákvað að sleppa sykrinum. Ég verð sjaldnar og minna svöng en áður. Svo er ég farin að hugsa öðruvísi um það sem ég læt ofan í mig.“

Nanna segir að hún hafi verið illa haldin af bjúg í langan tíma. „Ég hef átt í stríði við bjúg á fótunum í mörg ár. Hann er horfinn. Ég átti erfitt með að fá passlega skó á mig, það er ekki lengur vandamál þar sem ég nota núna tveimur númerum minna →

Finndu þinn eigin fatastíl  
**Smart haustvörur**  
Netverslun á [tiskuhus.is](http://tiskuhus.is)

Stærðir 38-52

My Style  
Lískuhús

Bæjarlind 1-3  
201 Kópavogur  
Sí: 571-5464

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT 1

## Kvef og flensueinkenni?

**natures aid**

**C-vítamín 1000mg**

Öflugt C-vítamín með litilli síru. C-vítamín er m.a. gott til að styrkja ónæmiskerfið, taugakerfið, myndun collagens, tennur og bein.

**Immune Support+**

Styrktu ónæmiskerfið fyrir komandi vetur! Inniheldur m.a. A-, C- og D-vítamín, sink, kopar, selen, hvítlauk og elderberry.

**Sólhattur**

Sólhattur eða Echinacea er þekkt lækningajurt sem notuð hefur verið til að fyrirbyggja og milda einkenni kvefs og umgangsþesta í áraaðir.

**EchinEeze**

Echinacea

30 TABLETS

20% afsláttur

Sölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

Margverðlaunuð vítamínlína

GMP vottaðar vörur



➔ en ég gerði. Ég passa ekki lengur í gömlu skóna svo ég hef þurft að endurnýja fataskápinn að öllu leyti,“ segir hún.

**BAKAÐ ÁN SYKURS**

Nanna er þekktur matgæðingur. Hún hefur gefið út fjölda matreiðslubóka, verið matarblaðamaður hjá tímaritum og ritstýrt fjölda þýðdra matreiðslubóka. Hún starfar hjá Forlaginu og hefur gefið út tvær bækur á þessu ári, aðra með sykurlausu mataræði. Það hlýtur að vera erfitt fyrir slíkan ástríðukokk að neita sér um sætmeti. Hún segist þó ekki finna fyrir því. „Mér finnst þetta ekki erfitt, ég borða flest allan mat. Hugsu bara meira um hvað ég borða og hversu mikið. Ég borða brauð, helst það sem ég baka sjálf, og vel frekar heilheiti en hveiti. Samt er ég ekkert að sneiða hjá hveiti heldur finnst mér hitt betra. Ég sleppi hins vegar öllum sykri og sætuefnum en borða ávaxtasykur og nota hann gjarnan í bakstur. Oft eru ávextir á borðum hér í vinnunni og ef þeir verða of þroskaðir þá baka ég úr þeim.

Það kom mér reyndar mjög á óvart hversu auðvelt þetta hefur verið. Ég hefði haldið að þetta væri erfitt. Ég hélt að ég væri sykurfíkill og háð sætindum. Það reyndist ekki vera. Vel getur verið að sykurlausi sé erfitt fyrir suma en þetta hefur reynst létt fyrir mig,“ segir hún. „Þegar ég fer í kókuveislu sneiði ég hjá öllu sætu og vel frekar brauðrétti eða annað ósætt. Það er ekkert vandamál fyrir mig að sleppa kókum, sælgæti, djúsum og gosdrykkjum. Ég les innihaldslýsingar á öllum umbúðum og sleppi því sem sykur er í. Ég kaupi til dæmis alltaf ósprautaðar kjúklingabringur en það hef ég alltaf gert hvort eð er,“ segir hún og bætir við að sykurlausni í ótrúlega mörgum matvælum þegar að er gáð.

„Ég las um daginn að í breskum stórmörkuðum er sykur í 80-85% matvæla. Sykur er líka

**ÖNNUR SKÓSTÆRÐ**

Nanna hefur þurft að taka til í fataskápnum, enda hefur hún misst 20 kíló og notar nú tveimur númerum minni skó.

Í mörgum mjólkurvörum en ég kaupi alltaf hreint skyr eða hreina jógúrt. Ég borða hreina jógúrt á hverjum morgni með ávöxtum og sykurlausu músli sem ég bý sjálf til. Það er í raun margt sem hægt er að útbúa án sykurs. Ég baka til dæmis oft án þess að nota sykur. Stundum baka ég með sykri handa öðrum, til dæmis barnabörnunum en ég reyni þá að minnka skammtinn.“

**JÓLASKAP UM HELGINA**

Stundum er sagt að sykur sé eitur, jafnvel fíkniefni. Nanna er ekki sammála því. „Mér finnst fátíðlegt að líkja sykri við heróín. Það er móðgun við alvöru fíkla. Eins og allt annað er sykur óhollur í óhófi. Ég myndi mæla með að fólk prófaði að taka út sykurrinn, sérstaklega ef fólk finnur fyrir einkennum eins og ég gerði. Fyrir mig hefur þetta líka reynst góð leið til að léttast.“

Þegar Nanna er spurð hvað sé á döfinni um helgina hlær hún og segir að hún muni líklegast vinna talsvert með sykri um helgina. „Jólin eru fram undan. Ég útbý matarþátt fyrir tímaritið Man og er að undirbúa uppskrift að jólamat. Það verður bæði sætt og sykurlaust. Ég ætla því að vera í jólaskapi um helgina,“ segir Nanna en hún er von því að jólin komi snemma hjá sér. „Þegar maður vinnur í bókaútgáfu þá eru jólabækurnar yfirleitt komnar í prentsmiðju um þetta leyti.“

Nanna hefur gaman af því að ferðast. Hún fer alltaf á eigin vegum og kys að ferðast ein. „Ég fór til Madeira um síðustu jól og er núna nýkomin frá Porto í Portúgal. Ég hef tekið á leigu íbúðir og verið mjög heppin,“ segir Nanna sem segist annars vera mjög



**LAUS VIÐ BJÚG** Nanna hafði lengi verið í stríði við mikinn bjúg á fótunum. Nú er hann horfinn og hún notar tveimur númerum minni skó. MYND/ANTON BRINK

heimakær kona. „Ég er grúskari, les gömul blöð á timarit.is og hef yndi af glæpasögum.“

Nanna gefur hér uppskrift úr bók sinni, Sætmeti án sykurs og sætuefna.

**KÚRBÍTS-SÚKKULAÐIBRAUÐ MEÐ SVESKJUM**

Vissulega er ein leið til að auka grænmetisneyslu sú að nota grænmetið í bakstri en gulrótarkökur, kúrbítsbrauð og þess háttar bakkelsi er oft stútfullt af sykri og þá fer nú hollustan fyrir lítið. Í þessu kúrbítsbrauði notaði ég hins vegar sveskjur og appelsínusafa til að sæta, það ætti að vera ögn hollara.

- 350 g kúrbítur
- 200 g steinlausar sveskjur, mjúkar
- 125 g smjör, lint
- 3 egg
- 100 ml nýkreistur appelsínusafi
- 1½ tsk. vanilluessens
- rifinn börkur af 1 sítrónu
- 250 g heilheiti
- 40 g kakóduft
- 2½ tsk. lyftiduft
- 1 tsk matarsódi
- ½ tsk. kanill
- ½ tsk. salt



**GOTT BRAUÐ** Kúrbíts-súkkulaðibrauð með sveskjum.

Hitaðu ofninn í 165°C. Rífðu kúrbítinn á grófu rifjárnri og pressaðu svo eins mikinn safu úr honum og þú getur, annaðhvort með því að setja hann í t.d. kartöflupressu eða setja hann á viskastykki og vinda það vel.

Maukaðu sveskjurnar í matvinnsluvél og hrærðu smjöri og eggjum saman við og síðan appelsínusafa, vanilluessens og sítrónuberki. Blandaðu heilheiti, kakódufti, lyftidufti, matarsóða,

kanil og salti saman og hrærðu það saman við deigið. Blandaðu að lokum kúrbítinum saman við með sleikju.

Settu deigið í pappírsklætt jólakökuform og bakaðu brauðið á neðstu rim í ofni í um 50 mínútur, eða þar til þrjónn sem stungið er í það kemur hreinn út. Láttu það kólna dálítið í forminu en settu það svo á grind og láttu það kólna alveg. ■ elin@365.is

Náttúrulegt  
**Melatónín**  
ZENBEV Triptófan úr graskersfræjum  
Friðsælar nætur Streitulausir dagar  
Betri og dýpri svefn  
Engin eftirköst eða ávanabinding  
Visindaleg sönnun á virkni  
http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/16053244  
http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/18066139  
Fæst í apótekum og heilsubúðum

**Betra blóðflæði**  
NO. - 1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa  
Betri heilsa  
Íslensk vottun á virkni NO<sup>3</sup>  
Sýni rannsóknarstofa Nýsköpunarmiðstöð Íslands  
Upplýsingar WWW.SUPERBEETS.IS vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949



# MÆLA MEÐ TANNHVÍTTUNAREFNI

**ICECARE KYNNIR** GUM Original White-tannhvíttunarefni er öflugt munnskol og tannkrem sem gerir tennurnar hvítar og gefur fallegra bros.

Tannlæknar mæla með GUM Original White-tannvörnum. Efnið verndar tennurnar, viðheldur almennri tannheilsu og heilbrigði tanna auk þess að tryggja að tennurnar haldi styrk sínum. „Efnið hreinsar burt gamla bletti og óhreinindi og fyrirbyggir nýja bletti. Tennurnar fá sinn upprunalega lit aftur,“ segir Margrét Mjöll Sverrisdóttir, sölufulltrúi hjá IceCare, en markmið þess er að bjóða upp á breitt vöruval af tannvörum og heilsuvörum sem bæta heilsu viðskiptavina á hagstæðu verði.

„GUM er sérstök blanda sem er varin einkaleyfi og hreinsar betur en bleikiefni. Varan inniheldur hins vegar engin bleikiefni en þau geta skaðað náttúrulega vörn tanna. Slípmassinn er svo agnar-smár að hann eyðir ekki upp glerungi eins og mörg önnur hvíttunartann-

krem geta gert,“ segir hún. „GUM geta allir notað að staðaldri, bæði tannkremið og munnskolið innihalda mikið flúor,“ segir Margrét. Allir í fjölskyldunni geta notað GUM Original White, því að efnið fara vel með tennurnar, tannholdið og slímhúðina í munnholinu. Gæði tannkrema frá GUM eru mikil og því getur fólk notað miklu minna magn í hvert skipti þegar tannburstað er, þar sem tannkremið er mjög drjúgt og nýtist túpan því lengur en venjulega. Það er óþarfi að setja mikið, nota aðeins smávegis á burstann í hvert skipti sem burstað er, það dugur í hverja tannburstun. Þannig kemur verðið út á svipuðum nótum og önnur tannkrem, þar sem svo lítið magn þarf á burstann í hvert skipti. Þegar GUM Original White-tannvörurnar eru notaðar finnur fólk fyrir því að tennurnar verða meira glansandi og það myndast ósýnileg húð yfir tennurnar sem kemur í veg fyrir að tannskýkla festist við þær. Við þurfum öll að hugsa um tennurnar,“ segir Margrét.



**FRÁBÆRAR VÖRUR** Margrét Mjöll Sverrisdóttir, sölufulltrúi hjá Icecare, segir að tannlæknar mæli með tannverndarvörum frá GUM. MYND/STEFÁN

# MELTINGIN MIKLU BETRI NÚNA

Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflórana. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla. Sigrúnu og Margréti Fanneyju líður betur eftir að þær fóru að taka Bio-Kult Original og mæla heilshugar með því.

Sigrún Eiríksdóttir er fegin að hafa kynnst Bio-Kult Original-hylkjunum en henni líður betur í maga eftir að hún fór að taka þau inn. „Ég hef lengi verið með mikil maga-ópægindi, sérstaklega hefur mér verið óglatt eftir máltíðir, en það hvarf eftir að ég byrjaði að nota Bio-Kult og heyrir nú sögunni til. Nú get ég borðað hvað sem er án þess að verða óglatt eða fá ópægindi eftir máltíðir. Ég tek alltaf tvö hylki með morgunmat og kem aldrei til með að vera án þeirra því Bio-Kult hefur algjörlega breytt lífi mínu til hins betra. Ég hef mælt með Bio-Kult Original við fullt af fólki og ég veit að margir nota það.“

## MELTINGIN MIKLU BETRI

Margrét Fanney Bjarnadóttir segir Bio-Kult Original hafa komið meltingunni í jafnvægi og að hún sé allt önnur eftir að hún fór að taka það. „Ég hef alla tíð átt í vandræðum með meltinguna, það hefur ýmist allt verið stíflað hjá mér eða að ég held engu niðri. Árið 2012 veiktist ég mjög, hélt engum mat niðri og léttist um fjörutíu kíló. Ég fór í allar mögulegar rannsóknir sem hægt var að



**FÉKK LAUSN** Margrét Fanney fékk lausn við áralöngum meltingarvandamálum þegar hún fór að taka inn Bio-Kult Original.

senda mig í, til dæmis ristil- og magaspeglun, ísótópa-rannsókn og alls konar myndatökur. Ég fékk reyndar gallsteina líka á þessu tímabili og þurfti að fara í aðgerð við því og svo var skjaldkirtillinn orðinn vanvirkur,“ lýsir Margrét.

Hún segir að sér finnst erfitt að þurfa að segja frá því að hún hafi þurft að skipta um meltingarsér-



**EKKI ÓGLATT LENGUR** Sigrún Eiríksdóttir er fegin að hafa kynnst Bio-Kult hylkjunum en henni líður betur í maga eftir að hún fór að taka þau. MYND/ANDRI MARINÓ

fræðing en það hafi hún þurft að gera vegna þess að hún hafi ekki fengið neina lausn sinna vandamála hjá þeim fyrsta. „Hann rannsakaði mig vissulega vel en ég fékk enga lausn nema þá að ég væri með ofvirknan ristil. Ég reyndi ítrekað að fá hann til að leiðbeina mér um mataræði og hvort hann vissi um eitthvað sem gæti hjálpað mér, en hann skrifaði bara upp á hægðalosandi og

hægðastemmandi töflur. Ég skipti því um meltingarsérfræðing og hann ráðlagði mér að taka Bio-Kult Original til að koma meltingunni í jafnvægi. Það hefur bjargað mér algjörlega og ég er allt önnur núna. Ég tek eitt hylki af Bio-Kult Original með kvöldmat og þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af maganum,“ segir Margrét ánægð í bragði.

## BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflórana. Bio-Kult Original hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir dr. Natasha Campbell-McBride.



**SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is).



## GLÆNÝ HAUSTLÍNA

Við stelpurnar kynnum glænýja haustlínu ásamt nýrri skóvetrarlínu frá JESSIGIRL

## HAPDRÆTTI Á STAÐNUM

Skráðu þig í happdrætti á staðnum og þú gætir nælt þér í dress úr nýrri haustlínu Zik Zak

## Tískusýning kl 14.00 í dag

Helga Braga, Brynja Valdís og fleiri svísur sýna nýju haustlínuna í glæsilegri tískusýningu fyrir utan verslunina



# KRINGLUKAST!

NÝJAR VÖRUR og FRÁBÆR TILBOÐ dagana 8-12. október







**20-50%  
afsláttur**  
af völdum vörum!

Stærðir  
36-56

**ZIKZAK**  
TÍSKUHÚS

Verð  
**5.990,-**  
st. 36-41

Verð  
**9.990,-**  
st. 36-41

**JESSIEGIRL**

Verð  
**8.990,-**  
st. 36-41

Verð  
**8.990,-**  
st. 36-41

Verð  
**5.990,-**  
st. 36-41

Verð  
**9.990,-**  
st. 36-41

Einnig til  
í svörtu!

Verð  
**9.990,-**  
st. 36-41

Einnig til  
í bláu og  
brúnu!

Verð  
**11.990,-**  
st. 36-41

Verð  
**8.990,-**  
st. 36-41

Verð  
**9.990,-**  
st. 36-41



ALLA VIRKA DAGA 18:55



# ÍSLAND Í DAG

BEINT Á EFTIR FRÉTTUM



BL

## Í OPINNI DAGSKRÁ ALLA VIRKA DAGA



Fjölbreyttur og skemmtilegur dægurmálapáttur.

365.is | Sími 1817

365

FÓLK | HELGIN

# DANSAR ÞAR SEM ENGINN SÉR

**HELGIN MÍN** Bragi Valdimar Skúlason býst við að vera aðallega á Twitter um helgina auk þess að fara í brúðkaup í kvöld.

**Þ**að verður nóg um að vera hjá Braga Valdimari Skúlasyni tónlistarmanni um helgina sem endranær. Hann hyggur á plötuútgáfu á næstunni en hann fer helst út að dansa þar sem enginn sér hann um helgar.

**Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?** Fyrst þú nefnir það, þá væri ég þökkfokkalega til í Trix.

**Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?** Botnmysla úr þeim flögupakka sem ég næ að klófesta, áður en það verður um seinan.

**Pegar þú ferð út að skemmta þér, hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Reyna að finna leiðina heim.

**Sefur þú út um helgar?** Og missa af Dóru og Svampi Sveinssyni? Og hvölpasveitinni?! Aldrei.

**Uppáhaldshelgarmaturinn?** Hver sá sem útbúinn er af yfirvegum og útsjónarsemi, en ekki í blóðsjóðandi paníkki.

**Hvar er best að borða hann?** Á einum stað.

**Vakir þú fram eftir?** Já. Svefn er stærsta svindl mannkynssögunnar.

**Ef þú ferð út að dansa, hvert ferðu þá?** Á Korputorg. Þar sér mig enginn.

**Hvernig er draumhelgin?** Tjah.

Draumalandhelgin er allavega rétt tæpar 216 sjómílar. Eða 400 km. Þetta mílnakjafæði er bara rugl.

**Ef þú ert næturhrafn, færðu þér eitt-hvað í gogginn á kvöldin? Hvað þá?** Ég stari dágóða stund inn í ísskápinn. Það sem hreyfir sig er étið.

**Ertu með nammi-dag? Hvaða nammi færðu þér?** Allir dagar eru nammidagar og öll sykurléðja er jafn rétthá í mínum huga. En ég hef takmarkaða þolinmæði fyrir snakk.

**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Fjarri fótboltum.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Örugglega moldríka, kafloðna byssubjálfanum þarna á Instagram. En ég bara þekki hann ekkert.

**Hvað verður í sunnudagskaffinu?**

## NÁTTHRAFN

„Ég stari dágóða stund inn í ísskápinn. Það sem hreyfir sig er étið.“



## EKKI FÓTBOLTI

Bragi Valdimar Skúlason vill helst eyða helgunum sínum fjarri fótbolta. MYND/IRIS DÖGG EINARSÓTTIR

Slökkt á öllum fjarskiptabúnaði.

**Stendur eitthvað sérstakt til um þessa helgi?**

Það var partí í auglýsingalandi í kvöld og brúðkaup í raunveruleikanum í kvöld. En ætli ég verði ekki aðallega á Twitter.

**Hvað er annars að fréttu?** Ég er að gefa út bæði barnaplötu með Memfismafunni og jólaplötu með Baggalút og velti því fyrir mér hvernig í djúpfrystum döðlum ég á að narra fólk til að kaupa þær í bílförnum.

## GEGGJAÐAR BROWNIES MEÐ OREO

Þessar brúnkur með Oreó eru dásamlega girnilegar.

Flestum líkar vel að leggja sér svokallaðar brúnkur til munnis við hátíðleg tilefni, og reyndar líka þó tilefni séu engin. Tilvalið er að skella í þessar með Oreó-kexi í tilefni helgarinnar en uppskriftin er fengin af vefsíðunni Krydd í tilveruna með Lólý.

165 g smjör, brætt  
200 g dökktt súkkulaði, saxað  
3 egg  
2 eggjarauður  
1 vanillustöng  
165 g ljósbrúnn púðursykur  
2 msk. hveiti  
1 msk. kakó  
Smá salt  
155 g Oreó-kex, brotið í fjóra bita

Þið þurfið 20 cm kantað bökunarform eða eldfast mót.

Forhitið ofninn í 180°C. Smyrjið formið með smjöri og setjið bökunarpappír ofan í það þannig að pappírinn fari aðeins yfir brúnirnar.

Bræðið smjörið í potti við meðal-



hita. Þegar smjörið er bráðið, bætið þá súkkulaðinu út í og látið standa í nokkrar mínútur og hrærið svo vel saman þangað til allt súkkulaðið er vel bráðið saman við smjörið.

Á meðan súkkulaðið bráðnar, setjið eggin og eggjarauðurnar í skál ásamt fræjunum úr vanillustönginni og þeytið vel saman þangað til það verður létt og ljóst. Bætið þá sykrunum út í og passið upp á að hella honum út í á meðan hrært er rólega saman og hellið honum meðfram köntunum svo allt loftið fari ekki úr eggjunum. Þeytið þetta vel saman þangað til það verður aðeins stíft. Bætið þá

súkkulaðismjörlöndunni við og hellið út í með fram köntunum á skálinni. Blandið að lokum saman við lönduna hveitinu, kakóinu, saltinu og 1/3 af Oreó-kexinu.

Hellið deiginu í formið og takið af ganginn af kexinu og brjótið hverja köku í fjóra hluta og dreifið ofan á lönduna, ýtið kökkunum aðeins ofan í deigið.

Bakið í miðjum ofninum í 25-30 mínútur eða þangað til hún er aðeins blaut í miðjunni en toppurinn á henni er aðeins farinn að brotna. Leyfið henni að kólna aðeins áður en hún er borin fram.





## Verkefnastjóri

**Nýr Landspítali ohf. (NLSH) óskar eftir að ráða verkefnastjóra.** Verkefnastjórinn mun bera ábyrgð á því að framfylgja stefnu og ákvörðunum NLSH í samræmi við lög um Nýjan Landspítala nr. 64/2010. Hann mun annast í samráði við NLSH samskipti við hagsmunaaðila s.s. Landspítala, Háskóla Íslands, Framkvæmdasýslu ríkisins, ráðuneyti, Reykjavíkurborg, Ríkiskaup, hönnuði, verktaka, sjúklingasamtök og aðra hagsmunaaðila.

### Önnur verkefni:

- Dagleg verkefnastjórn og umsýsla undirbúnings nýs Landspítala
- Vinna við áætlun um framgang verkefnisins til næstu ára og viðhald áætlunar
- Samningagerð, þar með gerð ráðgjafasamninga, samningar við hönnuði, útboð, gerð útboðsgagna, samningar við verktaka og áhættugreining innan verkefnisins
- Kynningar og upplýsingar um verkefni
- Önnur verkefni sem verkefnisstjórnin felur honum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkfræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Menntun á sviði verkefnastjórnunar kostur
- Haldbær reynsla af verkefnastjórn við undirbúning sambærilegra verkefna nauðsynleg
- Reynsla af samningagerð skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og rituðu máli
- Færni í ensku og Norðurlandamáli
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

**Markmið og tilgangur Nýs Landspítala ohf. er að standa að nauðsynlegum undirbúningi útboðs byggingar nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. október nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent.

capacent



Mjólkursamsalan er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins á Íslandi og er í eigu rúmlega 600 kúabænda um land allt.

Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir íslenskra neytenda. Félagið heldur úti öflugum dreifingarkerfi sem tryggir nánast öllum landsmönnum reglulegan aðgang að ferskum mjólkurvörum.

Mjólkursamsalan tók til starfa þann 1. janúar 2007 og eru aðalskrifstofur félagsins að Bitruhálsi 1 í Reykjavík en alls rekur félagið sex starfsstöðvar í Reykjavík, Búðardal, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Heildarfjöldi starfsmanna er um 410.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess [www.ms.is](http://www.ms.is)

## Mannauðsstjóri

Mjólkursamsalan ehf. (MS) óskar eftir að ráða til starfa mannauðsstjóra. Um nýtt starf er að ræða. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem tekur þátt í að móta það. Staðan heyrir undir forstjóra MS. Mannauðsstjóri tekur þátt í almennri stefnumótun fyrirtækisins og hefur umsjón með mannauðsmálum. Framkvæmd mannauðsstefnu á sér að mestu stað í stjórnun sviða en mannauðsstjóri veitir stjórnendum stuðning, leggur til sérþekkingu og ferla til að styðja við mannauðsstefnu MS.

### Helstu verkefni

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðstengdum málefnum
- Mat á mannaflapörf og umsjón með ráðningum, móttöku nýliða og þjálfun starfsmanna
- Umsjón með fræðslu- og starfsþróunarmálum
- Ábyrgð á gerð starfslýsinga og starfssamninga
- Þátttaka í mótun og framkvæmd kjaramála
- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni s.s. með starfsmannasamtölum og viðhaldi starfsmannahandbókar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála eða skyldra greina
- Starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar er nauðsynleg s.s. gerð ráðningarsamninga, starfslýsinga og handbóka
- Þekking á kjarasamningum og reynsla af túlkun þeirra
- Reynsla af fræðslu- og starfsþróunarmálum er æskileg
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Mjög góð kunnátta í íslensku og önnur tungumála-kunnátta kemur að gagni
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg

Í samræmi við jafnréttisstefnu Mjólkursamsölunnar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2015. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is). Henni skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)) og Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.**

intellecta  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



## Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent



## Aðstoðarmaður sérfræðinga á einkaleyfasviði

Árnason Faktor óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling sem hefur áhuga á að taka þátt í spennandi verkefnum sem miða að því að tryggja sem best þekkingarverðmæti viðskiptavina okkar og afrakstur markaðs-, rannsókn- og þróunarstarfs þeirra.

### Starfssvið:

- Aðstoð vegna vinnu við einkaleyfi
- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptamenn og samstarfsaðila
- Upplýsinga- og gagnaöflun
- Utanumhald skjala og tölvuvinnsla
- Bréfaskriftir og skjalagerð á íslensku og ensku
- Ýmis sérhæfð skrifstofustörf

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun, t.d. BA í tungumálum
- Góð íslenskukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta, lesskilningur á þýsku kostur
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Tölvulæsi

Árnason Faktor veitir ráðgjöf og þjónustu við öflun og vernd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Megináhersla fyrirtækisins er alþjóðleg ráðgjöf um einkaleyfavernd, vörumerkjaskráningar, léna- og hönnunarskráningar o.fl., svo og ráðgjöf við úrlausn ágreiningsmála á þeim sviðum.

Árnason Faktor er til húsa á Guðríðarstíg 2-4, 113 Reykjavík. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess: [www.arnasonfaktor.is](http://www.arnasonfaktor.is)

**Umsóknarfrestur er til og með 18. október nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent.

capacent



## Einstök starfstækifæri á fjármálamarkaði

Bankasýsla ríkisins óskar eftir að ráða hæfa einstaklinga með ríka ábyrgðartilfinningu í störf lögfræðings og sérfræðings í eignaumsýslu til að sinna neðangreindum verkefnum. Um er að ræða ráðningar tveggja til þriggja einstaklinga í tímabundin verkefni tengd fyrirhugaðri sölumeðferð ríkisins á eignarhlut í Landsbankanum hf. Mikil áhersla er lögð á að viðkomandi einstaklingar myndi öfluga liðsheild með núverandi starfslíði og stjórn stofnunarinnar sem og þeim aðilum sem hún á í samskiptum við.

### SÉRFRÆÐINGUR Í EIGNAUMSÝSLU

Leitað er að einstaklingi sem hefur mikla reynslu, þekkingu og áhuga á fjármálamörkuðum og fjármálafyrirtækjum.

#### Starfssvið:

- Umsjón með framkvæmd eigendastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum
- Gerð tillagna um sölumeðferð á eignarhlutum og þátttaka í framkvæmd ef af sölu verður
- Samskipti við fjármálafyrirtæki, eftirlits- og stjórnáslustofnanir, ráðgjafa og aðra aðila á fjármálamarkaði

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfinu, t.d. á sviði viðskiptafræði, verkfræði eða hagfræði
- Þekking á fjármálum, reikningsskilum, stjórnarháttum og lagaumhverfi fyrirtækja
- Þekking á eignastýringu hlutabréfa, innlendum verðbréfamörkuðum og fjármálagerningum fjármálafyrirtækja
- Reynsla af fjárfestingum, endurskipulagningu og sölu fyrirtækja
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Hæfni í notkun Excel, Word, PowerPoint og Bloomberg
- Sveigjanleiki, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Nákvæmni, vandvirkni og metnaður

### LÖGFRÆÐINGUR

Leitað er að reynslumiklum lögfræðingi með þekkingu á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja og fjármálamarkaða og mikla starfsreynslu á þeim vettvangi.

#### Starfssvið:

- Umsjón með framkvæmd eigendastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum
- Gerð tillagna um sölumeðferð á eignarhlutum og þátttaka í framkvæmd ef af sölu verður
- Samskipti við fjármálafyrirtæki, eftirlits- og stjórnáslustofnanir, ráðgjafa og aðra aðila á fjármálamarkaði
- Ritun lögfræðilegra álitssgerða, umsagna og skýrslna

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í lögfræði
- Reynsla á sviði félagaréttar, verðbréfaréttar og stjórnáslustofnanir
- Reynsla af fjárfestingum, endurskipulagningu og sölu fyrirtækja
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Sveigjanleiki, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Nákvæmni, vandvirkni og metnaður

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög, góða stjórnáslustofnanir og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma. Bankasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/2009 um stofnunina og lögum nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Verkefni stofnunarinnar eru m.a. að sjá um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem eigandi, að fara með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum, að gera tillögur til ráðherra um sölu á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum, annast sölumeðferð og leita tilboða í eignarhluti, meta tilboð, hafa umsjón með samningaviðræðum við utanaðkomandi ráðgjafa og væntanlega kaupendur og annast samningagerð.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. október nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir ([ragnheidur.dagssdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagssdottir@capacent.is)) og Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) hjá Capacent.

capacent



# VIÐ VITUM HVAÐ FÓLKIÐ OKKAR SKIPTIR MIKLU MÁLI

## Við leitum að öflugum liðsmönnum í hóp samhentra VÍSara

### Skoðunarmaður skipa- og farmtjóna

Skoðunarmaður sinnir tjónaskoðunum á skipum og farmi ásamt bótauppgjöri og samskiptum við viðskiptavinum félagsins. Viðkomandi tekur einnig þátt í tjónamati og uppgjöri eignatjóna.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Vélstjóra eða véltæknimenntun skilyrði
- ▶ Enskukunnátta skilyrði, bæði töluð og rituð
- ▶ Góð almenn tölvuþekking
- ▶ Góð þekking á íslenskum sjávarútvegi og þjónustuaðilum tengdum sjávarútvegi
- ▶ Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund

### Starfsmaður í tjónaskoðunarstöð

Í starfinu felst að kaupa og selja ökutæki sem lent hafa í tjóni, greiðsla reikninga og önnur tilfallandi störf í tjónaskoðunarstöð.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Góð almenn tölvuþekking
- ▶ Reynsla af umsýslu og sölu ökutækja
- ▶ Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund

### Þjónusturáðgjafi á einstaklingsviði

Við leitum að þjónusturáðgjafa með ríka þjónustulund og samskiptahæfni til að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu í gegnum síma, netspjall, tölvupóst og á skrifstofu. Í starfinu felst einnig fagleg og persónuleg ráðgjöf og sala í samræmi við þarfir hvers og eins um váttryggingavernd ásamt ráðgjöf um greiðsluleiðir og innheimtumál.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Gerð er krafa um stúdentspróf og háskólamenntun er kostur
- ▶ Framúrskarandi þjónustulund, ástríða og metnaður fyrir því að veita úrvals þjónustu
- ▶ Frumkvæði og sjálfstæði
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð

### Starfsmaður í afgreiðslu barnabílstóla

Við leitum að handlögnum starfsmanni með ríka þjónustulund til að veita þjónustu og ráðgjöf á sviði barnabílstóla. Í starfinu felst allhliða þjónusta og ráðgjöf vegna barnabílstóla, aðstoð við ísetningu bílstóla, ráðgjöf um festingar og umgengni og viðhald og þríf á stólum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Handlaggi og útsjónarsemi
- ▶ Framúrskarandi þjónustulund
- ▶ Frumkvæði og sjálfstæði

Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

Umsóknarfrestur er til og með 19. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

**capacent**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Katrín Ólöf Egilsdóttir ([katrin.egilsdottir@capacent.is](mailto:katrin.egilsdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

VÍS er þjónustufyrirtæki með þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengi félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstoðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.





## Þ I N N T Í M I E R K O M I N N !

Við óskum að ráða

### ARKITEKT - INNAHÚSSARKITEKT - BYGGINGARFRÆÐING

til samstarfs í fjölmörgum áhugaverðum verkefnum sem okkur hafa verið falin. Við leitum að öflugum fólki með ólíkan bakgrunn, brennandi áhuga og opinn hug.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á [hornsteinar@hornsteinar.is](mailto:hornsteinar@hornsteinar.is) eigi síðar en **17. október 2015**.

Nánari upplýsingar veitir Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt, [os@hornsteinar.is](mailto:os@hornsteinar.is).

**HORNSTEINAR ARKITEKTAR** er vinnustofa arkitekta og landslagsarkitekta, sem starfar á sviði byggingarlistar, skipulagsgerðar og landmótunar. Við leggjum áherslu á skapandi lausnir sem svara þörfum viðskiptavina okkar en endurspeglum um leið virðingu fyrir mannlífi og umhverfi. Þátttaka í hönnunarsamkeppnum hefur verið veigamikill þáttur í starfsemi Hornsteina arkitekta og eru mörg áhugaverðustu verkefni stofunnar tilkomin í kjölfar slíkrar Dátttöku.

Sjá nánar á [www.hornsteinar.is](http://www.hornsteinar.is).

## H O R N S T E I N A R A R K I T E K T A R

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

### Náttúruleikskólinn Krakkakot

- Leikskólakennari

### Fjölskyldusvið

- Skemmtilegt og fjölbreytt starf. Stuðningur óskast við ungan mann heima og í skóla.

### Sigurhæð

- Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk

### Íþróttamiðstöðvar Garðabæjar

- Ásgarður: eftirlit og ræsting í karlaklefa
- Álftaneslaug: eftirlit og ræsting í karlaklefa

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



## Norðurþing - Skrifstofustjóri

Norðurþing auglýsir lausa stöðu skrifstofustjóra stjórnsýsluhúss sveitarfélagsins. Leitað er að öflugum einstaklingi sem hefur metnað til að sýna árangur í starfi. Staðan er ný og heyrir beint undir bæjarstjóra.

### Starfssvið:

- Yfirumsjón með mála og skjalakerfi sveitarfélagsins
- Almenn skrifstofuhald
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur (tengt mannauðs- og stjórnsýslumálum)
- Verkefnastjórnun (gerð starfsmannahandbókar)
- Seta á bæjarstjórnarfundum og ritun fundargerðar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði, framhaldsmenntun kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Þekking og reynsla af skjalavistun kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur
- Haldgóð reynsla á sviði mannauðsmála kostur
- Reynsla af innleiðingu stefnmótandi verkefna kostur
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Góð tölvuþekking

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2015 voru íbúar Norðurþings 2806 talsins.

Umsóknarfrestur er til og með **26. október nk.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent.

capacent



## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Kynnið ykkur þjónustuna á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent



# Jákvæðir dugnaðarforkar óskast



Fjölbreytt og spennandi störf í alþjóðlegu umhverfi þar sem frumkvæði fær notið sín

## EFTIRLITSMÆÐUR Á VERNDARDEILD

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í verndardeild á mannvirkja- og leiðsögusvið stofnunarinnar, aðallega á sviði flugverndar en einnig í aðstoð við eftirlit á sviði siglingaverndar. Starfið felst einkum í undirbúningi eftirlits, vettvangsheimsóknnum, úttektum, prófunum og skoðunum á framkvæmd flugverndar/siglingaverndar. Starfið felst einnig í innleiðingu nýrra krafna og uppfærslu handbóka stofnunarinnar á sviði flugverndar. Leitað er að starfsmanni sem á auðvelt með að setja sig inn í reglur og nýjar aðstæður og er tilbúinn að vinna í öguðu umhverfi. Viðkomandi þarf að undirgangast og standast öryggisvottun sbr. reglugerð um vernd trúnaðarupplýsinga, öryggisvottanir og öryggisviðurkenningar á sviði öryggis- og varnarmála nr. 959/2012. Starfshlutfall er 100%.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi eða sambærileg menntun. Einnig kemur til greina að ráða einstakling með haldgóða reynslu sem nýtist í starfi.
- Þekking á flugvernd/siglingavernd er kostur.
- Reynsla af eftirlitsstörfum.
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli nauðsynlegt.
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.

### Umsóknarfrestur er til 26. október 2015

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á [www.samgongustofa.is/storf](http://www.samgongustofa.is/storf) Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöðu.

## EFTIRLITSMÆÐUR Í FLUGLEIÐSÖGUDEILD

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í flugleiðsögu deild á mannvirkja- og leiðsögusvið stofnunarinnar. Starfið felst í vottun og eftirliti með fyrirtækjum með starfsleyfi til flugleiðsöguþjónustu. Til flugleiðsögu teljast flugumferðar-, fjarskipta-, leiðsögu-, og kögunarþjónusta, veðurþjónusta fyrir flug og upplýsingaþjónusta flugmála. Í starfinu felst framkvæmd úttekta og mat á breytingum í starfseminni, einkum að því er varðar fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónustu. Í starfinu getur einnig falist sérfræðivinna í málaflöknum. Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfni og örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði, sjálfstæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir miklu álagi. Starfshlutfall er 100%.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. BS próf í verk- eða tæknifræði.
- Þekking á gæðakerfum og reynsla á því sviði er kostur.
- Þekking á öryggisstjórnunarkerfum (SMS) er kostur.
- Reynsla af tæknimálum tengdum flugi er kostur.
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum kröfum í flugleiðsögu er kostur.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.

### Umsóknarfrestur er til 26. október 2015

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á [www.samgongustofa.is/storf](http://www.samgongustofa.is/storf) Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöðu.

## SÉRFRÆÐINGUR Í ÖRYGGIS- OG FRÆÐSLUDEILD

Samgöngustofa leitar að sérfræðingi í öryggis- og fræðsludeild á samhæfingarsvið stofnunarinnar. Viðkomandi mun koma að þróun öryggisstjórnunarkerfa hjá Samgöngustofu og taka þátt í greiningu og úrvinnslu atvika og ýmissa upplýsinga tengdum samgöngum. Starfið felst einnig í þátttöku í verkefnum á öryggisáætlunum Íslands í samgöngumálum, þ.e. áætlun um öryggi sjófarenda, flugöryggisáætlun og umferðaröryggisáætlun. Hluti starfsins felst í gerð fræðslu- og kynningarefnis á sviði öryggismála samgangna og viðkomandi mun taka þátt í þróun laga og reglugerða er snúa að öryggismálum. Að auki felst í starfinu þátttaka í gæðastarfi. Starfshlutfall er 100%.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Kostur er ef umsækjandi hefur reynslu eða þekkingu af öryggisstjórnun.
- Kostur er ef umsækjandi hefur þekkingu og reynslu í úrvinnslu tölfraðilegra gagna.
- Reynsla og þekking á gæðastjórnun er kostur.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti ásamt mikilli hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Leitað er að jákvæðum og samviskusömum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi.

### Umsóknarfrestur er til 26. október 2015

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á [www.samgongustofa.is/storf](http://www.samgongustofa.is/storf) Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöðu.



Samgöngustofa er stjórnáslustofnun samgöngumála með um 140 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varðar flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Samgöngustofu, [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is)

Samgöngustofa 



EFTA SURVEILLANCE  
AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority ensures that the participating EFTA States - Iceland, Liechtenstein and Norway - respect their obligations under the EEA Agreement. The Authority protects the rights of individuals and market participants who find their rights violated by rules or practices of the EFTA States or companies within those States. The Authority also enforces restrictions on state aid and ensures that companies operating in the EFTA States abide by the rules relating to competition. In monitoring and enforcing the EEA Agreement, the Authority has powers that correspond to those of the European Commission.

The Authority is based in Brussels and operates independently of the EFTA States. It currently employs 70 staff members of 16 nationalities. The Authority is led by a College which consists of three members appointed by the EEA EFTA States.

## Director of Administration

The EFTA Surveillance Authority is recruiting a Director to head its Administration Department.

He/she will lead a team of 10 professionals who provide comprehensive administrative support and assistance to the management and staff of the Authority. The Director of Administration reports to the President of the Authority, who is a member of the College.

We are looking for an energetic, resilient and positive leader who has the ability to drive forward the Authority's organisational

development and to provide strategic advice to College on all related and administrative matters. The successful candidate will be a key player in encouraging cohesion and common values across the Authority and ensuring that it remains an attractive employer in the long term.

We offer a competitive salary based on the candidate's experience and a generous benefits package, depending on personal situation. All Authority staff benefit from a special and favourable tax regime, private health and life and invalidity insurance.

### JOB REFERENCE 12/2015

Deadline for applications:  
30 October 2015

Start date: Early 2016

For full details of this vacancy and how to apply visit: [www.eftasurv.int](http://www.eftasurv.int)

LÍFLAND

**Iveco • Benz • Man • Renault**  
**Varahlutapjónusta**  
**VÉLANAUST ehf**  
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • [www.velanaust.is](http://www.velanaust.is)

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóra og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**  
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

**Alhliða bókhaldspjónusta**  
Bókhald • Laun • Virðisaukaskattur  
Uppgjör • Stofnun fyrirtækja • Ráðgjöf  
**MD bókhald ehf**  
Sími 616-9480

**Iveco**  
Viðgerðar- og varahlutapjónusta  
**VeiRás**  
Sími 555 6670 • [www.velras.is](http://www.velras.is) • Álhella 4 • Álhella 8

**BLIKK**  
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting  
Heildsala • Smásala  
**ishúsið ehf**  
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörðun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og [rafeindir@internet.is](mailto:rafeindir@internet.is)

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**  
ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?  
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ  
**FRÉTTABLAÐIÐ**  
Sími 512 5407 | [thjonusta@365.is](mailto:thjonusta@365.is)

**Parketslípun**  
sólpallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
[golflist@golflist.is](mailto:golflist@golflist.is) | [www.golflist.is](http://www.golflist.is)  
99% RYKFRÍTT

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**  
alhliða bílaviðgerðir  
Tímappantarnir s: 445 4540/697 4540  
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík



## Geymsluhúsnæði

## WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

## GEYMSLURTILLEIGU.IS

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Hausttilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Snyrtilgur bílskúr til leigu fyrir skilvísan og reglusaman aðila. Ekki atvinnuhúsnæði. Leiguverð 40 þús, rafmagn og hiti innifalið. Fyrirspurnir sendist á leiguibudir1234@gmail.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði



## TÆKJAMAÐUR ÓSKAST.

Björgun ehf óskar eftir að ráða tækjamaðnr hjálaskóflu. Uppl. í síma 8435611

## 115 SECURITY

## ÖRYGGISVÖRÐUR - VERSLUNARÞJÓNUSTA

Skilyrði:

- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta
- 20 ára lágmarksaldur
- Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is



## KONDITOR/BAKARI ÓSKAST.

Leitum að hæfileikaríkum og áhugasömum konditor eða bakara til að starfa með okkur við tertugerð ásamt fleiru.

Áhugasamir geta sótt um á vefsíðu okkar www.mosfellsbakari.is eða sent póst á hafliði@mosbak.is. Tekið verður við umsóknum til 30. október 2015

## miðlun

Miðlun ehf leitar að söluólóki til þess að vinna með okkur á kvöldin og um helgar. Við sinnum verkefnum sem felast í jákvæðum símasamskiptum fyrir stofnanir og fyrirtæki. Við viljum ráða alla sem elska að tala í síma. Við bjóðum frábæran vinnustað og áhugaverð verkefni. Vinnutíminn er á kvöldin og um helgar, 3-4 vaktir í viku eftir eigin vali. Starfið hentar vel námsfólki og fólki á öllum aldri sem hefur áhuga á sölu og samskiptum.

Vinsamlega hafið samband við Júlíu í síma 580 8080 eða sendið atvinnuumsókn í netfangið julia@midlun.is



Viljum ráða manneskju í móttöku í hálfv. Stundvísi, kurteisi, góð framkoma og almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Getum einnig bætt við mönnum í smur og dekkjavinnu. Umsóknir sendist á KvikkFix@KvikkFix.is fyrir 16 okt.

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel með skóla eða annari vinnu. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

Óska eftir meiraprófsbilstjóra. Uppl. í s. 690 4452

## LEBOWSKI BAR

Óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is



Söluturninn Jolli í Hafnarfirði óskar eftir að ráða einstaklinga í full starf sem og kvöld og helgarvinnu. Einungis duglegt, áreiðanlegt og samviskusamt fólk kemur til greina. Aðeins 18 ára og eldri. Umsóknareyðublöð fást á staðnum. Allar upplýsingar veitir Líney í síma 565-4990 milli klukkan 08-16 alla virka daga.

## KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR

Óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhús. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.

Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com

Bifreiðasmiður óskast til starfa. Uppl. og ferilskrá sendist á hofidinn@gmail.com

Ertu sölumaður og sjálfstæð/ur í starfi? Við leitum að fólki til sölustarfa. Einnig sölustjóra sem jafnframt myndi ganga í sölustörf. Búseta skiptir ekki máli. Gæti hentað sem hlutastarf að degi til. Þeir sem áhuga hafa sendi okkur línu á markvisst@gmail.com

Kona: Viltu spjalla við heita karla í síma gegn góðu gjaldi? Hitaspjall.is

Óskum eftir vönum bormönnum til vinnu. Uppl. í s. 893 5699 og bormadur@gmail.com

## HAGABAKARÍ - HRAUNBERGI

Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 897 8101 eða 868 6102.

## Atvinna óskast

25 ára gamall hörkuduglegur pólskur kk með reynslu úr vöruhúsum erlendis óskar eftir svipuðum störfum á höfuðborgarsv. Er enskumælandi, tala smá ísl. Hrein sakaskrá, lyftarapróf og allir aðrir pappírar í lagi. Uppl. gefur Palow s. 785 1890 eða: olafurvigfus@gmail.com

48 ára kk. óskar e. 100% vinnu. Ýmislegt kemur til greina. Er með skrifstofumenntun, B.A. próf í þýsku, leiðsögumanspróf, meiraprófið og hef mikla reynslu í ferðaþjónustu. Uppl. í s. 896 2650

Tek að mér þríf, extra þríf, matseld, umönnun, gæta barna, stíllista og fl. fyrir heimili og lítil fyrirtæki GSM 6961290

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



## Parkinsonsamtökin á Íslandi

Matreiðsluámskeið með Hilmari B. Jónssyni, matreiðslumeistara, mánudaginn 12. október kl. 17 í Jónshúsi í Garðabæ. Nánari upplýsingar og skráning á www.parkinson.is.

## TIL SÖLU

Hefilbekkur til sölu. sími 8970922

## HREINGERNINGAR

Jólahreingerning - Flutningsþríf - Heimilisþríf Tökum að okkur jólahreingerninguna fyrir þig, það er styttra í jólin en þú heldur. Tökum einnig að okkur flutningsþríf, almenn þríf, skrifstofuþríf og fyrirtækjapríf. Vinsamlegast hafið samband og við komum samdægurs og gerum verðtilboð. HM Þríf sími 788 9977

## Einkamál

Kona: leitar þú skyndikynna? RauðaTorgið.is

## skemmtanir



## Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR  
LAUGARDAGINN 10. OKT  
UNDANKEPPNI EM 2016  
15:50 ÍSLAND - LETTLAND



Allir velkomnir

RÚNAR ÞÓR,  
REYNIR GUÐMUNDS,  
DIDDI HERMANNS  
OG SIGGI ÁRNA  
SPILA UM HELGINA.



<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilgur klæðnaður áskilinn





2015

# Jólahlaðborð

Perlunnar er frá 19. nóvember til 30. desember.  
Hádegisboð kr. 6.390 föstudagana og laugardagana  
4. & 5. og 11. - 13. og 17. & 18. og 23.

Gjafabréf  
Perlunnar  
Góð gjöf við  
öll tækifæri!

Sunnudagurinn  
13. desember,  
lifandi tónlist og  
jólasveinar,  
hádegisboð  
6.390

## Villibráðahlaðborð

í Perlunni hefst

22. okt. til 18. nóv.

Verð 9.900,-

### Tilboð

mánud. til miðvikud.

Verð 7.900,-

## Jólahlaðborð

í Perlunni hefst

19. okt. til 18. nóv.

Verð 9.900,-

### Tilboð

mánud. til miðvikud.

Verð 7.900,-

Hin fræga  
rjúpusúpa  
er komin aftur

## Nýárskvöld Perlunnar

1. janúar - opnum kl. 19.

## Skötu og jólahlaðborð

í hádeginu á Þorlákasmessu

## Gamlársdagur

Uppselt



# Mikilvægast að njóta matarins

Margir falla í þá gryfju að borða yfir sig á jólahaðborðum. Ásmundur Edvardsson segir alltaf betra að fara fleiri ferðir og setja minna á diskinn í hverri ferð í stað þess að skófla öllu saman.

Flestir þeirra sem farið hafa á jólahaðborð vita að það eru töluvert miklar líkur á því að borða yfir sig. Ótakmarkað aðgengi að mat verður oft til þess að fólk hleður miklu meira á diskinn sinn en það getur torgað. Það verður jafnvel til þess að við fáum okkur eitthvað og sporðrennum því án þess að langa í raun í það. Ásmundur Edvardsson, veitingastjóri á Grand Hótel, hefur unnið á ófáum jólahaðborðum í gegnum tíðina og kann leiðir til þess að forðast að falla í þessa gryfju sem og aðrar gildirur sem geta leynst á milli jólaréttanna.

„Það er vissulega eitthvað um það að fólk leifi miklu þegar það kemur svangt, og sér allar kræsingarnar og freistast þá til að borða meira en það getur. Einnig er leiðinlegt að sjá fólk koma að flottu hlaðborði og skófla svo öllu saman á diskinn. Þá er betra að fara frekar fleiri ferðir og taka hóflega á diskinn í hverri ferð. Það má nefnilega fara eins margar ferðir og fólk vill. Gott er að byrja á forréttunum eða kalda matnum áður en farið er í aðalréttina. Mikilvægt er að fara ekki svo geyst af stað að ekki verði pláss fyrir eftirréttina og annað sem fólk langar í. Mikilvægast af öllu er svo að njóta matarins,“ segir Ásmundur og brosir.



Ekki hrúga á diskinn og blanda öllu saman. Gott er að byrja á kalda matnum og fara svo í aðalréttina.

## Dannaðri skemmtanir

Í jólaglöggum fyrri tíma sem voru að nokkru leyti undanfari jólahaðborða dagsins í dag var ekki óalgengt að sumir töpuðu sér í gleðinni eftir að hafa fengið sér of mikið í aðra tána. Þessi stimpill hefur að einhverju leyti líka loðað við jólahaðborðin en Ásmundur telur að þetta stefni allt í rétta átt. „Mér finnst þetta vera orðið

nokkuð rólegra en gerðist hér áður fyrr. Oft er þetta starfsfólk fyrirtækja sem fer saman á jólahaðborð og þá verður úr nokkurs konar árhátíð með skemmtun og dansballi á eftir þannig að það verður meira úr kvöldinu.“

Talandi um drykki segir Ásmundur að það sé spennandi hve mikið sé orðið til af skemmtilegum jólabjór í dag. „Íslenskur jólabjór er æðislegur og það er mikið beðið um hann bæði af Íslendingum og útlendingum enda steinliggur hann með jólamatnum. Svo er það íslenska jólablandan klassíska, malt og appelsín, sem er alltaf vinsæl. Vissulega tekur bæði bjórinn og gosið pláss í maganum en margir drekka það bara í kringum jólin og finnst það tilheyra jólunum,“ lýsir hann.

## Kemst í jólagirinn

Eins og komið hefur fram hefur Ásmundur þjónað á jólahaðborðum í mörg ár. Hann segir það í raun koma sér í jólagirinn. „Það myndast ákveðin stemning á þessum tíma og fólk sækir í að vinna við jólahaðborðin. Það er mikið af skólakrökkum og fleirum sem biðja um að fá að vinna í jólahaðborðunum ár eftir ár af því það er svo gaman.“



Ásmundur Edvardsson, veitingastjóri á Grand Hótel.

## Njótid aðdraganda jólanna í fallegu og rólegu umhverfi

Jólahaðborð, gisting og morgunverður í fögru umhverfi Suðurlands



## Jólahaðborð

dagana 21. og 28. nóv. og 5. og 12. des.

**Foréttir:** graflax, reyktur lax, eini-berjalax, marineruð síld, kryddsíld, jólasíld, kjúklingavængir, sjávarétta-salat, villibráðapaté, nautatunga.

**Aðalréttir:** pörusteik, lambalæri, skinka, kalkúnabringa, parmaskinka, hangikjöt, hrátt hangikjöt.

**Meðlæti:** epla- og karrýsíld, heima-gerðar sænskar kjötbollur, rauðvínssósa, gráðostasósa, sinepssósa, cumberland, hvítlaukskryddjurtasósa, uppstúf, grænar baunir, eplasalat, kartöflur í bátum, sykurbúnaðar kartöflur, kartöflusalat, laufbrauð, rúgbrauð og heimabakað brauð.

Jólahaðborð, 8.800 kr. á mann.

Jólahaðborð og gisting í tveggja manna herbergi með morgunverði, 17.400 kr. á mann.

Gerum tilboð fyrir hópa. Ef hópar vilja koma aðra daga, hafið samband í síma 531 8000 eða 531 8010.



RANGÁRFLÖTUM 4, HELLU – S. 531 8010 – STRACTAHOTELS.IS



## GÓÐUR FORDRYKKUR

Áður en vinalagurinn heldur af stað í jólahaðborð gæti verið gaman að hittast og fá sér einn heimalagaðan drykk. Þessi drykkur sem uppskrift er gefin að hér er óafengur þannig að hann hentar bæði börnum og fullorðnum en auðvelt er að bæta áfengi við hann ef áhugi er á að styrkja hann aðeins. Uppskrifin er fyrir um tíu bolla.

- 1 bolli vatn
- ½ bolli sykur
- 1 tveggja sentimetra langur bútur af engifer, afhýddur og niðurskorinn
- 3 perur, skornar í bita
- 2 lítrar epla-cider
- 1 sítróna, skorin til hálf og í sneiðar
- 1 msk. Allspice (allrahanda) krydd
- 1 bolli fersk trönuber
- 2 msk. vanilluextrakt

Setjið vatn, sykur, engifer og eina peru í stóran pott. Eldið á meðalháum hita að suðu, hrærið í. Síð vökvann frá og skiljið blönduna eftir í pottinum.

Bætið við hinum perunum, epla-cider, sítrónu og kryddi og hitið á meðalháum hita, hrærið reglulega í í fimmtán mínútur. Bætið við trönuberjum og vanillu og minnið hitann á meðallágan (vökvinn á að krauma en ekki sjóða). Látið krauma í tíu mínútur. Berið svo fram í hitapolnum glösum.





Glæsilegt jólahlaðborð á Hótel Örk laðar að sér fjölda gesta ár hvert.

MYNDIR/HÓTEL ÖRK



Vinsælt er að gista eftir jólahlaðborð á Hótel Örk við bestu þægindi.



Glæsilegt morgunverðarhlaðborð biður gesta sem eyða nótt á hótelinu.



Glæsilegur veislusalur tekur allt að 300 manns í sæti. Boðið er upp á sætaferðir til og frá Hótel Örk víða af Suðurlandinu.

# Notaleg kvöldstund á Hótel Örk

Hótel Örk er fyrsta flokks hótél í nágrenni Reykjavíkur. Jólahlaðborð hótelsins draga að sér fjölda gesta ár hvert en boðið er upp á sætaferðir víða af Suðurlandi. Glæsilegur veislusalur tekur allt að þrjú hundruð manns og njóta gestir matarins undir lifandi tónlist.

Við tvínum saman hefðbundið jólahlaðborð og villibráðarborð eins og við höfum gert undanfarin ár og hjá okkur getur fólk átt notalega kvöldstund. Salurinn tekur allt að þrjú hundruð manns í sæti og margir fastakúnnar koma hingað ár eftir ár. Það skapast alltaf góð stemming á jólahlaðborðinu," segir Jakob Arnarson, hótélstjóri á Hótel Örk í Hveragerði.

Boðið verður upp á jólahlaðborð dagana 21. og 28. nóvember og 5. og 12. desember. Gestir njóta matarins undir lifandi tónlist og þetta árið verður hún í umsjón Eyjólfss Kristjánssonar tónlistarmanns.

„Að auki mun ungt tónlistarfólk héðan af svæðinu troða upp og svo mun plötusnúður hússins halda uppi stemmingu fram á nótt eftir borðhald," segir Jakob.

## Sætaferðir

„Gestir þurfa ekki að hafa áhyggjur af ferðalaginu á staðinn né heim en við bjóðum upp á sætaferðir frá Reykjavík og helstu stöðum á Suðurlandi fyrir hópa sem telja þrjátíu manns eða fleiri. Við höfum boðið upp á þessar sætaferðir árum saman og gefist vel, fólk óskar einfaldlega eftir tilboði hjá okkur og við sjáum um að senda rútuna eftir hópnum.

Þá er einnig vinsælt að koma hingað á hlaðborð og gista," segir Jakob.

Öll aðstaða hótelsins er innifalin fyrir gesti, sundlaug, gufubað og heitir pottar, setustofa með billiardborði, borðtennisborði og pílu og þráðlausu interneti.

„Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu," segir Jakob.

**Nánari upplýsingar á [www.hotelork.is](http://www.hotelork.is).**

## Matseðill

### Forréttir

Humarsúpa með hvítlaukskrydduðum humri  
Rússneskt síldarsalat ● Kryddsíld karrý-kókos með kapers og epli ● Marineruð síld  
Grafinn lax með sinnepssósu ● Reyktur lax með piparrótarkremi ● Maríneraðir sjávarréttir  
Innbakað sveitapaté með bláberjahlaupi ● Villibrád með kryddjurtasalati og gráðastasósu  
Hangikjöts „tartar“ með balsamic vinaigrette ● Fyllt egg með rækjum og kaviár  
Andaconfit með truffluolíu og appelsínunum

### Aðalréttir

Hangikjöt með katöflum og uppstúf  
●  
Kalkúnabringa með ávaxtafyllingu og rífsberjarjóma  
●  
Reykt skinka og jólasinnep  
●  
Hægeldaður lambalærvöðvi með villisveppasósu  
●  
Purusteik

### Eftirréttir

Ris a'la mande með kirsuberjasósu ● Volg súkkulaðikaka með rjóma  
Marengs með jarðarberjafyllingu ● Súkkulðímús með hindberjasósu  
Crème brûlée með kanil og vanillu ● Ostar ● Smákökur

### Meðlæti

Waldorf-salat ● Heimager rauðkál ● Sykurbrúnaðar kartöflur ● Grátínkartöflur  
Grænar baunir ● Laufabrauð ● Hverabakað rúgbrauð ● Heimager brauð



# Einfalt og þægilegt jólahlaðborð heima

Það getur verið mjög skemmtilegt að bjóða gestum í lítið jólahlaðborð heima í desember. Ýmislegt er hægt að elda og hafa tilbúið þegar gesti ber að garði.



## Norrænir jólaréttir hjá Norræna félaginu

Sinn er síður í hverju landi en jólahlaðborð af einhverju tagi eru algeng og ómissandi hluti af adventunni á Norðurlöndum. Þeir sem hafa dvalist þar í lengri eða skemmri tíma eiga erfitt með að komast í gegnum jólin án þess að fá sænska síld eða danska purusteik svo dæmi séu nefnd. Þá getur verið gott að vita af því að Norræna félagið í Reykjavík heldur norræna jólagleði í húsakynnum félagsins að Óðinsgötu 7 þann 4. desember frá 18 til 21. Á boðstólum verða ýmsir hefðbundnir jólaréttir frá Norðurlöndum og létt norræn skemmtidagskrá með góðum leynigestum, en félagsmenn í Norræna félaginu eru velkomnir meðan húsrúm leyfir. Þá má geta þess að veitingastaðurinn Aalto Bistro í Norræna húsinu verður með skandinavíska jóladiska en þeir vöktu lukku í fyrra. Þá var hægt að fá hreindýrabollur, síld og ýmislegt tilheyrandi góðgæti.



## Villt jólahlaðborð og Þjónn í súpunni

Boðið verður upp á stórskemmtilegt og óvenjulegt jólahlaðborð í Hernámssetrinu að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd fyrir jólin. Þar verður boðið upp á villt jólahlaðborð í bland við leikritið sívinsæla, Þjónn í súpunni, en leikarar sýningarinnar eru jafnframt þjónar kvöldsins. „Það er svo sannarlega hægt að lofa öðruvísi jólahlaðborði hér í Hernámssetrinu og ekki skemma ljúffengar veitingar fyrir,“ segir Kjartan Guðjónsson, einn fjögurra leikara sýningarinnar sem fer með hlutverk yfirþjónsins. „Þetta er mikið samspil gesta og okkar leikaranna þannig að það má búast við skemmtilegu kvöldi og óvæntum uppákomum. Gestir okkar verða þó aldrei settir í óþægilega aðstöðu.“ Þjónn í súpunni var sýnt í Íðnó 1998 við frábærar undirtektir og síðar á Akureyri á Friðriki V árið 2009. Hernámssetrið er ekki langt frá borginni í sveitasælu Hvalfjarðar. „Þetta er mjög skemmtilegur staður að heimsækja og Hvalfjörður á líka stórmerkilega sögu frá hernámsárunum sem gaman er að kynna sér.“

Boðið verður upp á úrval spennandi forrétta á borð við heitreyktan lax, saltfisk og síld, grafna önd og villibráðarkæfu auk fleiri rétta. Meðal aðalrétta má nefna hamborgarhrygg, hreindýrabollur, jólaskinku og furugrillað lambalæri. Að sjálfsögðu verður boðið upp á gómsæta eftirrétti. Verð á mann er 10.900 kr. og er fordrykkur í boði hússins.

Borðpantanir eru í síma 433 8877 og á netfanginu hladir@warandpeace.is. Allar nánari upplýsingar má finna á www.warandpeace.is.

**Þ**að er hægt að útfæra endalaugar hugmyndir að réttum þegar kemur að jólahlaðborði í heimahúsi. Hér eru nokkrar hugmyndir. Síðan má auðvitað alltaf bæta við eftir smekk hvers og eins.

### Kalkúnasalat á ristudu brauði

Þetta góða salat hentar vel á jólahlaðborðið og það er einfalt að gera. Notað er snittubrauð með salatinu.

- 200 g eldað kalkúnakjöt
- ½ bolli sýrður rjómi
- 1 msk. majónesi
- ½ msk. gróft sinnep
- Klettasalat, skorið smátt
- Salt og nýmalaður pipar
- Safi og rifinn börkur af ½ appelsínu
- 16 sneiðar af snittubrauði
- Olía og hvítlaukur

Skerið kalkúnakjötið smátt. Blandið saman rjóma, majónesi, sinnepi og klettasalat. Bragðbætið með salti og pipar. Hrærið kjötið saman við og bætið síðan appelsínusafa og rifnum berki út í.

Látið standa í ísskáp í nokkrar klukkustundir fyrir notkun.

Hitið olíu á pönnu og steikið brauðsneiðar í olíunni. Leggið þær á bökunarpappír og nuddið þær með hvítlauksrifi.

Setjið góða matskeið af salati á hverja brauðsneið. Puntíð með rifnum appelsínuberki. Ef þú átt ekki kalkúnakjöt má nota kjúklung í þennan rétt.

### Sinnepssíld

Það er mjög gott að hafa síld sem nokkurs konar forrétt á borðinu. Best er að hafa rúgbrauð með henni.

- 6 síldarflok (marineruð)
- 4 msk. súrsuð gúrka
- 1 laukur, smátt skorinn
- 4 eggjarauður
- 1 msk. sykur
- 2 msk. hvítvinsedik
- 2 msk. gróft sinnep
- 2 ½ dl sojasósa
- 3 msk. ferskt dill

Ef síldin er sölt er hún aðeins skoluð undir rennandi vatni og síðan þerruð.

Blandið saman eggjarauðum, sykri, ediki og sinnepi í skál og hrærið vel



Kalt svinakjöt hentar vel á jólahlaðborðið.

saman. Bætið olíu saman við hægt og rólega og hrærið stöðugt á meðan. Þegar sósan er orðin að majónesi er gúrkunum bætt saman við, lauknum og dilli. Bragðbætið með salti og pipar. Skerið síldina í litla bita og bætið út í sósunu. Geymið í ísskáp.

### Jólaskinka er góð

Einfalt er að sjóða hamborgarhrygg eða jólaskinku, láta hana kólna og raða henni fallega á bakka. Meðlæti gæti til dæmis verið kartöflusalat og soðið grænmeti.

- Kartöflusalat
- 8 stórar, soðnar kartöflur
- 4 smátt skornir vorlaukar
- 2 msk. súrsaðar gúrkur, smátt skornar
- 1 msk. vökvi af sultuðum gúrkum
- 1 box sýrður rjómi
- 4 msk. majónesi
- 1 msk. sojasósa
- ½ tsk. tabasco-sósa
- ½ tsk. salt
- ¼ tsk. pipar

Skrælið kartöflurnar og skerið þær í bita. Blandið öllu saman sem á að fara í dressinguna. Bragðbætið með salti og pipar.

Hrærið kartöflurnar út í sósunu og geymið í ísskáp í nokkra klukkutíma fyrir notkun. Fallegt er að skreyta salatíð með niðurskorinni, ferskri steinselju.

### Appelsínusodnar gulrætur

Það er hægt að hafa alls kyns soðið grænmeti á jólahlaðborðinu, til dæmis appelsínusodnar gulrætur. Þær passa mjög vel með svínakjöti.

- 10 gulrætur
- 8 dl appelsínusafi
- Rifinn börkur af ¼ appelsínu

- 1 stjörnuanis
- 4 negulnaglar
- 1 tsk. rifin engiferrót
- 50 g smjör
- 2 msk. steinselja

Skrælið gulræturnar og helmingið þær á lengdina. Setjið í pott með appelsínusafa, rifnum berki, stjörnuanis, negul og engifer. Eftir smásuðu eru gulræturnar teknar upp úr og lagðar til hliðar. Sigtíð soðið. Hitið aftur upp og látið sjóða smástund þar til lögurinn hefur minnkað um helming. Hrærið þá smjör saman við. Því næst er steinseljan sett saman við og loks gulræturnar aftur. Berið fram.



Gerum tilboð í hópa, stóra sem smáa. Syngjandi víkingar og valkyrjur. Fjörúkráin, Hótel Víking og Hlið Álfanesi www.fjorukrain.is








# Villt jólahláðborð og Þjónn í súpunni...

Frá 14. nóv. til 20. des.



Kjartan Guðjónsson  
Yfirþjónn

Ovenjuleg þjónusta  
Þjónar leika  
Leikarar þjóna  
Glens og gaman

Frábær skemmtun fyrir stóra sem smáa hópa og einstaklinga.

Hernámssetrið að Hlöðum, Hvalfjarðarströnd. Í sveitasælunni, örstutt frá borginni.  
Bókaðu tímanlega - Sími: 433 8877 eða [hladir@warandpeace.is](mailto:hladir@warandpeace.is) - [www.warandpeace.is](http://www.warandpeace.is)  
Fordrykkur í boði hússins!

Fjölskyldan Berndsen er sprenglærð þjónafjölskylda ættuð frá Danmörku og hefur unnið þar á heitustu veitingastöðunum. Þetta er fjölskyldan sem er kölluð til þegar konungleg brúðkaup eru haldin á Norðurlöndunum. Þegar haldin var efridrykkja fyrir Keiko í Noregi sá fjölskyldan að sjálfsögðu um veisluna. Nú hafa þau tekið við rekstrinum á Hernámssetrinu að Hlöðum og ætla þar að bjóða upp á konunglegar veislur og jólalegasta jólahláðborðið á landinu. Meðal nýjunga verður ýmiss konar þjónusta, eins og til dæmis: Hlýleg þjónusta, hröð þjónusta, engin þjónusta, íslensk þjónusta og áhættu þjónusta.



Björn Ingi Hilmarsson  
Yfirþjónn

Ólafía Hrönn Jónsdóttir  
Þjónustustúlka

Viktor Már Bjarnason  
Þjónn

Jana María Guðmundsdóttir  
Þjónustustúlka

Hjalti Rúnar Jónsson  
Þjónn

Svanhildur Ósk Guðmundsd.  
Þjónustustúlka

María Sigurðardóttir  
Leikstjóri

Bjarki Ólafsson  
Húsvörður

Brynhildur Magnúsdóttir  
Þjónustustúlka

Guðjón Sigmundsson  
Staðarhaldari

Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir  
Þjónustustúlka

Hernámssetrið

Þjónn í súpunni  
á Hernámssetrinu





## FJÖLSKYLDAN SAMAN Á JÓLAHLAÐBORÐ

Jólahaðborð eru yfirleitt skemmtun fullorðinna. Þó getur verið skemmtilegt að leyfa börnunum að njóta kræsinganna líka. Þó ætti að hafa nokkra hluti í huga þegar farið er með börnin út að borða.

- Gott er að fara snemma, jafnvel í hádeginu. Þreytt börn eru öflug börn og á þeim tímamarki vill maður ekki vera staddur með þau innan um fína matargesti. Ef farið er snemma eru meiri líkur á að traffikin sé minni og meira næði til að njóta matarins með líflægum krökkum.
- Ef börn verða óþreyjufull að bíða er gott að geta dregið upp einhverja afþreyingu á borð við litabækur, liti, litla bíla, dúkkur eða annað dót sem ekki gefur frá sér hávaða. Snjalltölvur hljóma sniðugar en auka kannski lítið á jólastemninguna.

- Börn sem ekki eru von að fara út að borða vita ekki við hverju á að búast. Því er gott að undirbúa börnin áður og segja þeim hvað sé að fara að gerast og til hvers sé ætlast af þeim.
- Veljið borð við hæfi. Ekki setjast í miðjan salinn heldur fremur við útjaðar hans þar sem næði er betra. Það er bæði betra fyrir börnin sem þurfa meira rými til að athafna sig og fyrir aðra matargesti sem vilja næði til að njóta matarins.
- Ekki gera ráð fyrir að hægt sé að eyða miklum tíma í borðhaldið. Þolinmæði ungra barna er takmörkuð og því um að gera að láta hlutina ganga.
- Ein leið til að foreldrar njóti matarins sem best er að bjóða barnaþíunni með út að borða.



**SKRAUTIÐ SKIPTIR SJALDAN MEIRA MÁLI**  
Jólaskraut gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að skapa jólalega stemningu og sjaldan gegnir skraut jafn veigamiklu hlutverki og um jól. Það getur líka verið gaman að koma gestum á óvart með fallegum skreytingum og óvenjulegum lausnum. Hér eru nokkrar hugmyndir.

Kökudiskum á fæti má breyta í kertastjaka með því að raða nokkrum kubbakertum á miðjuna og skreyta með greni eða reyniberjagreinum.

Hægt er að festa jólaegan borða í köngla og hengja þá niður með borðdúknun.

Það er ekki endilega ófrávikjanleg regla að leggja hnifapörin á borð. Það er líka hægt að koma þeim fyrir í skreyttum krukum. Ef þau eru jafn falleg og á meðfylgjandi mynd eru þau skraut í sjálfu sér.



VEITINGAHÚSIÐ  
**VARMÁ**



*Funheitt  
jólatilboð!*


Jólahaðborð og gisting  
í einstöku umhverfi

- Gisting í 2ja manna herbergi\* —
- Jólahaðborð á borðið þitt —
- Morgunverðarhlaðborð —

**Verð 19.500 kr. á mann**

\*Gisting í 2ja manna herbergi með sérbaði. Innifalinn er aðgangur að heitum pottum og sundlaug, en þanta þarf sérstaklega í nuddmeðferðir og í leirböð. Baðsloppar, inniskór, te og kaffi á herbergjum.

Hótel Frost & Funi •• Hverhamri •• 810 Hveragerði  
Sími 483 4959 •• info@frostogfuni.is •• frostogfuni.is



### Jólamatsedill

Heimalagaður jólasnafs Varmár

#### Forréttir

Heimabökuðu brauðin okkar

Rjómalóguð rjúpusúpa með villisveppum og foie gras

Skýrsíld með bönunum og filfasýrópi ásamt heimagerðu rúgbrauði úr hvernum okkar

Heitreykt gæs með brieosti og hindberjasósu

Tvíreykt hangiköt með rauðrófu, pikkludum rauðlauk, hnetum og hvítu súkkulaði

#### Milliréttir

Portvínsghjáður heitreyktur lax með fennel sesamsalati

#### Aðalréttir

Önd orange nípumauk og röstikartafla

Öfnbakað dádýrafille með waldorf salati og bourguignon sósu

#### Eftirréttir

Crème brûlée

Ris à la mande.

Súkkulaðidraumur Varmár

**Verð 8.500 kr. á mann**



# Philips 7600 línan



Hlaut EISA verðlaunin sem bestu kaupin í Evrópu 2015-2016

7600 línan frá Philips með Android sameinar 4K Ultra HD upplausn, þægileg hljómgæði og þríhliða Ambilight baklýsingu í aðlaðandi blaðpunni hönnun. Allt sem þú vilt að sé til staðar í sjónvarpi. Og það er margverðlaunað líka. Tækið fæst í þremur stærðum, 48", 55" og 65".



**EISA**  
AWARD  
Best  
Product  
2015-2016

**BEST BUY TV**  
Philips 55PUS7600

 með Android

**PHILIPS**

 **Heimilistæki** ht.is  
UMBODSMENN UM LAND ALLT





HÚSASMÍÐJAN

blómaval

SKOÐAÐU BLAÐIÐ Á  
www.husa.is



# TAX MARAPON

## FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG VÖRU

Öll Damixa blöndunartæki



TAX FREE  
**15.964 kr**  
FULLT VERÐ: 19.795

damixa®  
Eldhústæki  
Damixa Lyra  
8000024

Allir Reginox stálvaskar



TAX FREE  
**9.512 kr**  
FULLT VERÐ: 11.795

REGINOX  
Eldhúsvaskur  
86 x 43,5 cm  
8032530

Öll Anza málningsverkfæri



TAX FREE  
**1.007 kr**  
FULLT VERÐ: 1.249

“Elite” rúlluset  
Sett með bakka, “maxi”-handfangi  
og Anlon 25 cm rúllu.  
7014822

TAX FREE

Öll Jotun málning  
og Anza penslar

**2.415 kr**

~~2.995 kr~~

3 ltr

Jotun Vegg&loftamálning  
3 ltr.  
7119784-86

TAX FREE

Öll Sanit klósett og vaskar

TAX FREE  
**39.810 kr**  
FULLT VERÐ: 49.365

Allar Stanley loftpressur

TAX FREE  
**22.901 kr**  
FULLT VERÐ: 28.395

Loftpressa Stanley 210  
2 Hp, 24 ltr. tankur. 8 bar  
Þyngd 23 kg  
5255102

TAX FREE

Öll Neo verkfæri og töskur

**7.658 kr**  
~~9.495 kr~~

Verkfærakista Neo  
Á hjólum, álhandfang.  
63x40x35.5 cm  
5024813

TAX FREE

Öll Black&Decker verkfæri

**8.061 kr**

~~9.995 kr~~

BLACK&DECKER  
Borvél  
KR504CRE  
500W, högg  
5245599

TAX FREE

Öll Stanley verkfæri og töskur

TAX FREE  
**4.028 kr**  
FULLT VERÐ: 4.995

STANLEY  
Skrúfjærna- og toppasett  
Stanley 48 stk  
5010168

Allir hillurekkar

TAX FREE  
**4.835 kr**  
FULLT VERÐ: 5.995

Hillurekki Strong  
175 Galva  
5803673

Allar Osram perur

TAX FREE  
**1.956 kr**  
FULLT VERÐ: 2.425

OSRAM LED  
10W pera E27 25.000 klst.  
líftími Dimmanleg  
6189063

Öll Nordlux ljós

TAX FREE  
**6.359 kr**  
FULLT VERÐ: 7.885

Pure svart/hvitt Nordlux  
Lóftljós 10x35  
6010859/58

Tax free gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og tilboðsvörum. Tax free jafngildir 19,35% afslætti. Tvöfalt Tax free jafngildir 38,7% afslætti



# FREE

## LÝKUR UM HELGINA!

### MERKJA Á TAX FREE AFSLÆTTI

**TAX FREE**  
Allt harðparket



**1.444 kr/m<sup>2</sup>**  
~~1.790~~

Harðparket  
Hvíttaður eikarplanki  
Borðastærð 1.292 x 192 mm  
7 mm þykkt, slitþolsflokkur 32  
146976

10  
ÁR  
AÞYRÐ

**E EGGER**

**TAX FREE**  
Allar flísar



**2.169 kr/m<sup>2</sup>**  
~~2.690~~

SAINTES SILVER

Veggflís grá  
45x45 cm  
Vnr. 8600643



# TVÖFALT TAX FREE

AF HAUSTLAUKUM  
38,7% afsláttur

Öll búsaðhöld

**TAX FREE**  
**3.790 kr**  
FULLT VERÐ: 4.699



Flautuketill  
1,5 ltr, stál  
2006757

**TAX FREE**  
**4.838 kr**  
FULLT VERÐ: 5.999



Grænmetisgrind  
Í potta 16/18/20 cm  
2006517

Öll smáraftæki

**TAX FREE**  
**5.153 kr**  
FULLT VERÐ: 6.390



Electrolux  
Kaffivél  
ELOISE EKF3100  
10 bollar  
1829137

**TAX FREE**  
**8.460 kr**  
FULLT VERÐ: 10.490



Electrolux  
Straujárn  
5136GR 2300W  
1829119

Allir plastkassar

**TAX FREE**  
**1.612 kr**  
FULLT VERÐ: 1.999



Plastbox  
30 ltr, á hjólum  
2005409



## TÆKNI



Satya Nadella, forstjóri Microsoft, kynnti helstu nýjungar Microsoft í New York í vikunni. Mynd/Getty

# Microsoft hefur forskotið á ný

**Panos Panay**, yfirmaður vörubrúunar hjá Microsoft, lýsti því yfir á þriðjudaginn að Microsoft hefði „framleitt hina fullkomnu fartölvu“. Margt bendir til að hann hafi farið með rétt mál. Microsoft er nú fyrirtæki sem fagnar breytingum.

Kjartan Hreinn  
Njálsson  
kjartanh@365.is



Fugeldasýning Microsoft á Manhattan í vikunni var endanleg staðfesting á nýjum áherslum fyrirtækisins. Tæknirísinn, sem áður fyrr var þekktur sem þokkalega fært og verulega umsvifamikili hugbúnaðarfyrirtæki, hefur á síðustu árum endurskilgreint sig í augum fjárfesta, neytenda og hluthafa sem raftækjaframleiðandi í heims-klasa.

Microsoft kynnti fjölbreytta línu snjalltækja á þriðjudaginn. Þar á meðal nýja vörulínu Lumia-snjallsímanna með 20 megapíxla myndavél með þríföldu LED flassi og 5.2 LED snertiskjá, ásamt Microsoft Band, armband sem fylgist með hreyfingu og öðrum daglegum athöfnum. Microsoft Band og Lumia-línan berjast um völd á markaði sem Apple, Samsung og fleiri tæknifyrirtæki hafa traust yfirráð yfir og munu mæta erfiðri samkeppni.

Frumkýning Lumia-línunnar og Microsoft Band var í raun hálfgerð neðanmálgrein í kynningu Microsoft, enda hafði fyrirtækið augnablikum áður komið út úr skápnunum sem einn framsæknasti snjalltækjaframleiðandi veraldar.

## Microsoft nær forskotinu

Tvennt ber að nefna. Annars vegar Surface Pro 4 spjaldtölvuna og Surface Book, fyrstu fartölvu Microsoft. Surface Pro 4 byggir á sömu áherslum og vöktu athygli með fyrstu Surface-línunni árið 2012. Pro 4 er þynnri, léttari og öflugri en forverar hennar. Microsoft fullyrðir að spjaldtölvun sé 50% hraðvirkari en MacBook Air en þar leikur nýr örgjörvi Intel stórt hlutverk.

## Surface Book

**Stýrikerfi**  
Windows 10 Pro

**Myndavél**  
5.0 MP, 8.0 MP  
1080p að aftan

**Miðverk (CPU)**  
Intel Core i5/i7  
Skylake

**Minni**  
8/16 GB



**Skjár**  
13.5" 3000 x  
2000 (267 PPI)

**Geymsla**  
SSD 128 GB  
til 1TB



**ÞESSI VEGAMÓT SEM VIÐ STÖNDUM STUNDUM Á, ÞESSI ÁSKORUN AÐ VELJA Á MILLI FARTÖLVU OG SPJALDTÖLVU. KANNIST ÞIÐ VIÐ ÞAÐ?**

Surface Book stal þó senunni. Þetta er fyrsta fartölvu Microsoft, sem er merkileg staðreynd. Fyrir nokkrum árum náði tilraunastarfsemi Microsoft í tækjabúnaði til lykklaborða, tölvumúsa og Xbox. Annars er það nánast móðgun við Microsoft að kalla Surface Book fartölvu enda hefur fyrirtækið verið fremst í flokki þegar kemur að sameiningu spjaldtölvunnar og fartölvunnar.

Surface Book og Surface Pro 4 eru í grunninn afar áþekkt tæki. Bæði státa þau af verulega öflugum snertiskjá sem virkar með grifli (e. stylus) og bæði eru hönnuð til að nota með sérhönnuðu lykklaborði. Með Surface Book gengur Microsoft lengra í hönnun sinni og hugmyndafræði. Lykklaborðið og skjárin/spjaldtölvun eru í raun sama tækið.

### Verkfræðilegt listaverk

Ralf Groene, sem leiðir hönnunarteymi Surface-vörulínunnar hjá Micro-

soft, sagði á kynningunni að öfugt við fyrri útgáfur Surface þá væri Surface Book fyrst og fremst hugsuð sem fartölvu sem hægt væri að breyta í spjaldtölvu. Í framkvæmd útheimtir þessi hugmynd meiri vinnsluhraða, betri rafhlöðu ásamt öðru og það í sama ramma og neytendur samþykkja sem ásættanlega stærð á spjaldtölvu.

Lausnin fólst í lóm sem dregst saman og út þegar fartölvun opnast og lokast. Miðað við kynningu Microsoft er lömin eins konar bandvefur sem tengir lykklaborðið og spjaldtölvuna saman í eina heild. Þannig er hægt að sveigja snertiskjáinn 360 gráður og jafnvel losa skjáinn af og festa öfugt á lykklaborðið svo hægt sé að nýta öflugan tækjabúnaðinn sem leynist undir tökkunum. Því má leiða líkur að því að vinnslukrafturinn sé minni þegar spjaldtölvun er ekki tengd lykklaborðinu en um leið verði ending rafhlöðunnar betri.

### Að brúa bilið

„Þessi vegamót sem við stöndum stundum á, þessi áskorun að velja á milli fartölvu og spjaldtölvu. Kannist þið við það?“ spurði Panay á sviði á þriðjudaginn. „Það er úr sögunni.“

Þetta er snjöll lausn á flöknu verkfræðilegu vandamáli. Tvö tæki með ólíka getu sameinast í einni öflugri fartölvu. Lásinn sem heldur lykklaborðinu og spjaldtölvunni saman eru síðan engin venjuleg klemma, heldur rafræn taug sem sendir skilaboð um að aðskilja íhluti skjásins og lykklaborðsins þegar ýtt er á takka.


Microsoft ætlar sér stóra hluti með nýrri vörulínu og Panay og Groene, ásamt Satya Nadella, framkvæmdastjóra Microsoft, eru óhræddir við að bera tækin saman við það besta sem Apple hefur fram að færa.

**Mannskjan óhagganleg breyta** Nadella hefur innleitt nýja og nútímalegra stefnumótun hjá Microsoft. Og það var þörf á nýjungum. Windows, sem var eitt sinn notað í 90% allra tölvutækja en er nú að finna í 11% tækja, hefur þurft að lúta í lægra haldi í miskunnarlausri samkeppni við Apple, Google og fleiri. Nadella hefur nálgast vandamálið með því að fagna breytingum annars vegar og hins vegar með því að taka áhættu með innreið á nýja markaði.

„Tækin koma og fara og þróast, en þú hverfur ekki. Vegferð tölvunnar hefur kennt okkur einfalda lexíu: Það tæki er ekki til sem verður miðpunktur að eilífu.“ sagði Nadella á kynningu Microsoft. „Þessi miðpunktur ert þú. Þannig þurfa gögnin þín, stillingar og smáforrit að fylgja þér og vera til staðar á því tæki sem hentar þér hverju sinni.“



SUNNUDAGA KL. 20:05



# NEYÐARLÍNAN

# 42

NÝ ÞÁTTARÖÐ HEFST 11. OKTÓBER

## ÞEGAR NEYÐIN ER STÆRST



Það er komið að nýrri þáttaröð af **Neyðarlínunni** þar sem **Sigrún Ósk Kristjánsdóttir** ræðir við fólk sem lent hefur í erfiðum aðstæðum og þurft að hringja í númerið sem enginn vill þurfa að nota. Farið er yfir sögur þessa fólks, símtölin spiluð og rætt við þá sem komu að máli. Ekki missa af nýrri þáttaröð af **Neyðarlínunni** sem hefst á **Stöð 2, 11. október kl. 20:05**.



## Flækjusaga

**Illugi Jökulsson** nefnir sögulegt dæmi um meinloku sem mennirnir eru haldnir.



**V**íð erum haldin meinloku, mannkynið allt, þar á meðal bæði ég og þú. Það er ekki gott að segja hver hún er, en þetta er einhver hugsanavilla svo svæsin að í framtíðinni – þegar afkomendur okkar verða búnir að koma auga á hana og losa okkur við hana – þá verða þeir furðu lostnir yfir því að við skulum hafa trúað annarri eins vitleysu, og hagað lífi okkar í samræmi við argasta bull?

Ég veit af þessari meinloku, þótt ég viti ekki hver hún er, vegna þess að mannkynið hefur hingað til ævinlega látið stjórnast af einhverri svona hugsanavillu sem menn furða sig á síðar. Sem dæmi væri auðvitað freistandi að nefna guð, en ég ætla samt heldur að nefna stóðu konunnar.

Það er ekki vitað hvenær sú meinloka festi rætur í huga okkar að konur hlytu að vera á einhvern hátt undir karla settar. Sumir halda að meinlokann hafi fylgt okkur allt frá því vorum bara mannapar. Karlapar ráða jú ferðinni hjá górrillum og simpönsum, frændum vorum. En þetta stenst varla. Það virðast hafa verið til fáein samfélög í fornöld þar sem konur nutu réttinda eins og karlar. Þótt þau væru ekki mörg sýna þau að kynjamsrétti var okkur ekki eðlislegt í einhverjum raunverulegum skilningi. En einhvern tíma, líklega um það bil sem við vorum að mynda fyrstu menningarríkin og aukið skipulag gerði körlum kleift að taka völdin, þá festi þessi meinloka rætur.

Og hún varð svo sannarlega skæð. Það urðu – nánast undantekningarlaust – viðtekin sannindi að karlar hefðu meiri hæfileika til að stjórna; því skyldu þeir alltaf ráða ferðinni.

### Meinloka föst í sinni

Meinlokann varð svo ótrúlega föst í sinni að meira að segja hinir grísku heimspékingar fornaldar skrifuðu öll sín verk án þess að taka nokkurn tíma fyrir alvöru eftir því smávægilega vandamáli að hálfmátt mannkynið var í meiri eða minni hlekkjum. Það kviknaði stöku sinnum illur grunur í huga listamanna en jafnvel þeir föttuðu samt ekki til fulls að kynja-

misréttið í samfélaginu var meinloka og ekkert annað, meinloka sem meinaði helmingi mannkynsins að þroska hæfileika sína og hugsun. Ein og ein kona náði að skjótast fram í sviðsljós sögunnar – stundum vegna hæfileika, stundum vegna ætternis eða hreinlega heppni, en það breytti engu, fordæmi þeirra varð ekki til þess að kveikja þá hugsun í brjósti hvorki karla né kvenna sjálfra að kannski ætti þetta ekki að vera svona. Meinlokann varð nefnilega svo sterk að menn hættu alveg að koma auga á hana. Rómverjar skrifuðu til dæmis reiðinnar býsn um heimspéki og samfélag, sögu og siði, en þá var hugsanavillan að „svona ætti þetta að vera“ orðin svo sterk að þess finnst engin merki að nokkru sinni hafi verið andað á hana, hvað þá meir.

Rómverjar voru reyndar óvenju forstokkadír á þessu sviði. Enginn karl virðist hafa látið sér detta í hug að þetta væri óeðlilegt. Engin kona virðist hafa hreyft því fyrir alvöru að kannski mætti breyta einhverju. Í nærri þúsund ára sögu Rómaveldis fram til ársins 476 er í raun ekki hægt að finna eitt einasta dæmi um konu sem hafi ráðið einhverju – nema sínu allra nánasta umhverfi og þá yfirleitt í krafti viljastyrks og var úthrópuð frekja fyrir bragðið. Að kona yrði bæjarstjóri, ráðherra, hvað þá keisari, nei, allir þeir hæfileikar sem til staðar voru fóru forgörðum í Rómaveldi rétt eins og þeir hafa farið forgörðum um veröld víða í þúsundir ára. Sannkölluð meinloka, sem engin leið er að vita hve miklum skaða hefur valdið gegnum tíðina.

En nú hlýt ég að leiðrétta mig. Líkast til tók ein kona í Rómaveldi sér keisaranafn. Eða ertu búin að gleyma Úlpíu Severínu? Og já, það er líklega mergurinn málsins, þú varst búin að gleyma henni. Eða öllu heldur, þú vissir ekki að Úlpía Severína væri til þótt þú getir eflaust nefnt þó nokkra Rómärkeisara á nafn. Sagan um hana er nefnilega prýðilegt dæmi um meinlokuna margnefndu og hve illmögulegt hefur verið að brjótast gegn henni.

### Róstur í áratugi

Á þriðju öld voru miklar róstur í Rómaveldi og stóðu í áratugi. Sífelldar uppreisnir og valdarán, hver keisari tók við af öðrum, sumir náðu aðeins að ríkja í fáina mánuði, þá voru þeir drepnir af keppinautum. Þá kom til sögunnar karlmaður nokkur, Aurelianus að nafni. Fátt er vitað með vissu um ævi hans framan af en sennilega var hann af kyni Illyríumanna á Balkanskaga og fæddur þar sem nú er Serbía. Þaðan komu margir hraustir herforingjar sem enduðu á keisarastóli með ýmsum ráðum. Þar á meðal var Aurelianus sem sennilega var af óbreyttu bændafólki en endaði sem riddaraliðsforingi og æðsti maður hersins undir keisaranum Kládiusi II. Aurelianus stýrði rómverska hernum



ÚLPÍA SEVERÍNA  
Keisari 275

# Keisaraynján sem hvarf

í afgerandi sigrum móti hinum germönskum Gotum, og þeir sigar færðu Aurelianus slíkan orðstír að þegar Kládius II dó úr plágunni árið 270 veittist honum létt að hriksa til sín tign hans og embætti. Aurelianus þurfti svo að bregðast við fjölmörgum innrásum germanskra þjóða á rómverskt land næstu misseri og bar ævinlega sigur úr bítum. Hins vegar var hann raunsær og gerði sér grein fyrir að tímarnir væru breyttir. Rómverjar væru ekki lengur öruggir með sig á Ítalíuskaga. Því lét hann reisa múra umhverfis Rómaborg og eru þeir við hann kenndir. Þá voru nærri 600 ár síðan síðast hafði verið talið nauðsynlegt að reisa varnarmúra um höfuðborg heimsveldisins. Aurelianus lét rómverskar hersveitir yfirgefa Dakíu norðan Dónár, en það er nú partur af Rúmeníu. Hann taldi og vafalaust með réttu að bakkar Dónár væru mun öruggari landamæri Rómaborg og meiri hindrun fyrir villipjóðir í norðri, heldur en láglandið norðan árinna.

### Endurreisti heiminn

En Aurelianus hugsaði ekki bara um varnir ríkisins, hann endurheimti líka stórt svæði í Gallíu eða Frakklandi sem hafði verið sjálfstætt um skeið og í þakklætisskyni var skírð eftir honum borg þar í landi: Orléans. Þá sigraði keisari Zenóbíu drottningu í Palmýru sem hafði náð undir sig stærstum hluta rómverskra landa í Miðausturlöndum. Rómverjar máttu aldrei vita af drottningu á jaðri ríkisins, þá linntu þeir ekki látum fyrr en hún hafði verið kveðin í kúttinn. Aurelianus virtist í alla staði líklegur til að verða atorkusamur og dugmikill keisari. Hann gerði margvíslegar endurbætur á efnahagskerfi

og myntsláttu, hann barðist hart gegn spillingu og bjó sig undir að samræma trúarlíf þegna sinna með áherslu á hinn ósigranlega sólar-guð, Sol Invictus. Það var ekki að ósekju sem öldungaráðið í Rómaborg sæmdi Aurelianus hinni vnglöðu nafnbót „Restitor Orbis“ en það er sá sem endurreisir heiminn. Aurelianus fékk hins vegar ekki tíma til að ljúka endurbýggingu sinni. Haustið 275 hélt hann í austurveg og ætlaði í stríð gegn Persum og hefna stuðnings þeirra við Zenóbíu. Þá brá svo við að spilltur embættismaður, sem óttaðist refsingu keisarans, lét myrða hann. Þetta gerðist sennilega í september og Aurelianus var um sextugt. Enginn kandídat til keisaratignar kom fram í hernum sem Aurelianus var að safna saman í Litlu-Asíu og aldrei þessu vant spruttu ekki fram á svipstundu óteljandi hershöfðingjar í hverju krummaskuði og heimtuðu keisaratignina. Líklega var þorri Rómverja nokkuð sleginn yfir hinu óvænta fráfalli Aurelianusar.

En þá gekk fram eiginkona Aurelianusar, ættuð frá Dakíu, hún Úlpía Severína. Einstaka sinnum höfðu keisaraekkjur tekið sér einskonar ríkisstjórávöld eftir fráfall manna sinna, til að tryggja að ungrir synir kæmst síðar til valda, en hér var það ekki á ferðinni. Úlpía átti bara eina dóttur og hún sætti sig ekki við einhver ríkisstjórávöld, heldur tók sér nú keisaratign í eigin nafni og er

fyrsta og eina konan sem það gerði í Rómaveldi.

### Móðir herbúðanna

En ástæða fyrir því að þú þekkir ekki betur til hennar, hún er sú að í þessum 2-3 línum hér að ofan er fólgið allt það sem við vitum um Úlpíu Severínu. Meira er það eiginlega ekki, það er reyndar mergurinn málsins. Jú, hún bar titilinn „móðir herbúðanna og öldungaráðsins og fósturlandsins“ og sló mynt með mynd sinni og tign. Þannig vitum við af henni, því í skráðum heimildum segir nánast ekkert. Nú er það allt upp talið. Annað vitum við ekki. Við vitum ekki hvaða þátt hún átti í stjórn eiginmannsins, en auðvitað er eðlilegt að álykta að allar umbætur á stjórnkerfinu kunni að hafa verið hennar verk meðan hann var úti að berjast. Hún hlýtur að hafa haft mikil völd eða áhrif áður en Aurelianus dó fyrst hún taldi sig þess umkomna að gerast arftaki hans er hann dó. Við vitum það bara ekki. Meinlokann mikla bannaði


karlkyns annálariturnum að skrá nokkuð um þessa furðu. Við vitum ekki einu sinni hve lengi Úlpía gat kallast eða vildi kallast keisaraynja Rómaborg. Við vitum ekki hverjir og börðust gegn henni í nafni hefðar og hugsanavillu eða hvernig. Við kunnum ekki þá dramatísku sögu þegar henni var ýtt frá völdum. Í árslok höfðu karlarnir í Róm dubbað upp nýjan keisara, Úlpía hvarf úr sögunni. Náttúrlega vitum við ekkert hvað af henni varð. Ekkert.



AURELIANUS  
Keisari  
270-275



ZENOBÍA  
Drottning  
í Palmýru  
269-271





# Velkomin á Svefnloftið!

Svefnloftið er ný og spennandi deild sem opnuð verður um helgina í Rúmfatalagernum á Korputorgi, Smáratorgi og Glerártorgi. Svefnloftið sérhæfir sig í gæðarúmum á góðu verði.

## Sofðu skynsamlega

Það er afar skynsamlegt að sofa í góðu rúmi en ekki að borga of mikið fyrir það. Svefnloftið er með eitt breiðasta dýnuúrval landsins; allt frá ódýrum til hágæða skandinavískra heilsurúma með 25 ára ábyrgð og 100 daga skilarétti.

## Fáðu góð ráð fagaðila um helgina!

Sjúkraþjálfarar veita faglega ráðgjöf um val á rúmum og dýnum frá kl. 13 til 16 laugardag og sunnudag í Rúmfatalagernum á Korputorgi, Smáratorgi og Glerártorgi.



## Vinnur þú hágæða rúm?

Prófaðu rúm á Svefnloftinu um helgina og þú gætir tekið það með þér heim. Við gefum rúm til heppinna gesta.



Við erum sérfræðingar í rúmum.

Láttu sérfræðingana okkar aðstoða þig við að finna rétta rúmið.

hoie  
BY SCANDINAVIA

TEMPRAKROK  
Höfundurinn er

Dunlopillo

RÚMFATA  
LAGERINN  
HERBERGID • BADID • HEIMILID



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Af nýslátruðu 2015

**1.498**  
kr. kg



Íslandslamb Lambalæri af nýslátruðu, ferskt, sérskorið



Af nýslátruðu 2015

**1.998**  
kr. kg



Íslandslamb Lambahryggur Hálfur lundapartur, ferskur

